

Ársrit
Bandalags íslenskra leikfélaga
2008-2009



Ársrit Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2008–2009

Efnisyfirlit:

- 5 Leiðari; Þorgeir Tryggvason
- 6 Aðildarfélög
- 7 Stjórn, starfsmenn, nefndir
- 8 Leiklistarskólinn; júní 2008 og janúar/febrúar 2009
- 12 Fundargerðir stjórnarfunda 2008–09
- 16 Fundargerð haustfundar 2008
- 18 Útgáfu Sögu Bandalagsins fagnað
- 19 Fundargerð aðalfundar 2009
- 31 Allt fyrir andann
- 32 Ársreikningur 2008
- 40 Lög Bandalags íslenskra leikfélaga
- 42 Menningarstefna
- 43 Athyglisverðasta áhugaleiksýningin, val Þjóðleikhússins 2009
- 46 Verkefni aðildarfélaganna og skýrslur stjórnna
- 70 Skrifstofumót NAR á Íslandi 2008
- 73 Ferðasaga; Leiklistarhátíð NEATA í Riga

Ritstjórn og ábyrgðarmenn:

Þorgeir Tryggvason
Ingólfur Þórssón
Guðfinna Gunnarsdóttir
Hörður Sigurðarson
Sigríður Lára Sigurjónsdóttir

Uppsetning efnis:

Vilborg Árný Valgarðsdóttir

Prófarkalestur:

Sævar Sigurgeirsson

*Forsíðumyndin er úr sýningunni Eyjunn sem
Leikfélagið Sýnir sýndi sumarið 2008*

Útgefandi:

Bandalag íslenskra leikfélaga
Kt. 440169-0239
Suðurlandsbraut 16, 108 Reykjavík
Símar: 551 6974 og 562 2944
Fax: 562 2984
Netfang: info@leiklist.is
Veffang: www.leiklist.is



Suðurlandsbraut 16

Leiðari

Það þarf svo sem engan að undra þó efnahagsástandið snerti starfsemi áhugaleikhússins eins og aðra þjóðlífspætti þessi misserin. Rómantískar hugmyndir um að harðindi efli listsköpun innihalda örugglega sannleikskorn og vel má vera að minnkandi umsvif í atvinnulífi auðveldi félögum að fá fólk til starfa.

En áhrifin eru samt fyrst og fremst efnahagsleg – og neikvæð.

Vegur þar stærst fyrirsjáanlegur stórfelldur niðurskurður á framlögum opinberra aðila til starfsemi okkar. Á það bæði við um verkefnastyrki og stuðning við þjónustumiðstöðina. Þegar þetta er skrifað lítur út fyrir að sá niðurskurður nemi 50 prósentum, sem er gríðarlegt áfall. Áralöng barátta fyrir auknum framlögum virðst vera unnin fyrir gýg, allavega í bili.



Þorgeir Tryggvason

Og það bil er lykilatriði. Vissulega er hægt, óhjákvæmilegt jafnvel, að sýna niðurskurðarþörfinni skilning við þessar aðstæður. Nú er ekki tíminn til að reka harðan áróður fyrir því að framlögin þurfi að aukast. Við erum í varnarbaráttu.

En mikilvægast er kannski að halda vöku sinni. Einhverntímann rofar til. Og þá þurfum við að vera reiðubúin að hefja aftur á loft röksemdir okkar fyrir mikilvægi starsfeminnar fyrir menningarlíf og sálarheill fólksins í landinu. Og miða þá við stöðuna eins og hún var áður en allt fór á versta veg. Því niðurskurðurinn nú stafar ekki af skilningsleysi á mikilvægi okkar, eða vanmati á þörfinni fyrir stuðning. Það dettur vonandi engum í hug að við munum binda þvílíkan rembihnútt á sultarólina að við sættum okkur við þetta neyðarástand til langframa.

Í nánustu framtíð þurfum við augljóslega að sækja okkur kraft í starfið sjálft. Í sköpunargleðina, fróðleiksfýsnina, sýniþörfina jafnvel. Við þurfum að leika sem aldrei fyrr. Fyrir okkur, og fyrir alla hina sem koma og njóta.

Kjarninn er nefnilega ósnertur og verður ekki metinn til fjár.

*Þorgeir Tryggvason, formaður
Bandalags íslenskra leikfélaga*

Aðildarfélög BÍL leikárið 2008–2009

- | | |
|---|---|
| <i>Borgarbörn, Reykjavík</i> | <i>Leikfélag Ölfuss, Þorlákshöfn</i> |
| <i>Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði</i> | <i>Leikfélagið Baldur, Bíldudal</i> |
| <i>Halaleikhópurinn, Reykjavík</i> | <i>Leikfélagið Grímnir, Stykkishólmi</i> |
| <i>Hugleikur, Reykjavík</i> | <i>Leikfélagið Hallvarður súgandi, Suðureyri</i> |
| <i>Leikdeild Umf. Vöku, Villingaholtshreppi</i> | <i>Leikfélagið M.a.s., Mosfellsbæ</i> |
| <i>Leikfélag Blönduóss</i> | <i>Leikfélagið Peðið, Reykjavík</i> |
| <i>Leikfélag Dalvíkur</i> | <i>Leikfélagið Sýnir, á landsvísu</i> |
| <i>Leikfélag Fljótsdalshéraðs</i> | <i>Leikfélagið Vaka, Borgarfirði eystra</i> |
| <i>Leikfélag Hafnarfjarðar</i> | <i>Leikflokkurinn Hvammstanga</i> |
| <i>Leikfélag Hofsóss</i> | <i>Leikhópurinn Lopi, Hornafirði</i> |
| <i>Leikfélag Hornafjarðar</i> | <i>Leikhópurinn Vera, Fáskrúðsfirði</i> |
| <i>Leikfélag Hólmavíkur</i> | <i>Leikklúbbur Laxdæla, Búðardal</i> |
| <i>Leikfélag Húsavíkur</i> | <i>Leikklúbburinn Krafla, Hrísey</i> |
| <i>Leikfélag Hveragerðis</i> | <i>Leikklúbburinn Saga, Akureyri</i> |
| <i>Leikfélag Hörgdæla</i> | <i>Leikklúbburinn Spuni, Lúxemborg</i> |
| <i>Leikfélag Keflavíkur</i> | <i>Leiklistardeild Umf. Tálknafjarðar</i> |
| <i>Leikfélag Kópavogs</i> | <i>Leiklistarfélag Seltjarnarness</i> |
| <i>Leikfélag Mosfellssveitar</i> | <i>Leiknefnd Umf. Grettis, Miðfirði</i> |
| <i>Leikfélag Ólafsfjarðar</i> | <i>Litli leikklúbburinn, Ísafirði</i> |
| <i>Leikfélag Ólafsvíkur</i> | <i>Nafnlausir leikhópurinn, Kópavogi</i> |
| <i>Leikfélag Patreksfjarðar</i> | <i>Skagaleikflokkurinn, Akranesi</i> |
| <i>Leikfélag Rangæinga</i> | <i>Snúður og Snælda, Reykjavík</i> |
| <i>Leikfélag Raufarhafnar</i> | <i>Stúdentaleikhúsið, Reykjavík</i> |
| <i>Leikfélag Reyðarfjarðar</i> | <i>Umf. Ármann, leikdeild, Kirkjubæjarklaustri</i> |
| <i>Leikfélag Sauðárkróks</i> | <i>Umf. Biskupstungna, leikdeild, Bláskógabyggð</i> |
| <i>Leikfélag Selfóss</i> | <i>Umf. Dagrenning, leikdeild, Lundarreykjadal</i> |
| <i>Leikfélag Seyðisfjarðar</i> | <i>Umf. Efling leikdeild, Reykjadal</i> |
| <i>Leikfélag Siglufjarðar</i> | <i>Umf. Íslendingur, leikdeild, Hvanneyri</i> |
| <i>Leikfélag Sólheima, Grímsnesi</i> | <i>Umf. Reykdæla, Reykholti</i> |
| <i>Leikfélag Vestmannaeyja</i> | <i>Umf. Skallagrímur, leikdeild, Borgarnesi</i> |
| <i>Leikfélag Þórshafnar</i> | <i>Umf. Stafholtstungna, leikdeild, Norðurárdal</i> |

Stjórn, starfsmenn og nefndir




Meðstjórnandi
Guðfunna Gunnarsdóttir
Selfossi



Varaformaður og
nefnd um NEATA-hátíð
Ingólfur Þórsson
Akureyri



Formaður, og
nefnd um NEATA-hátíð
Þorgeir Tryggvason
Reykjavík



Ritari
P. Embla Guðmundsdóttir
Reykholli



Meðstjórnandi, Lénsherra
og nefnd um NEATA-hátíð
Hörður Sigurðarson
Reykjavík



Varastjórn og
nefnd um Margt smátt
Hjalti St. Kristjánsson
Reykjavík



Varastjórn og nefnd um
NEATA-hátíð
Ólöf Þórdardóttir
Mosfellsbæ



Varastjórn
Sigríður Lára Sigurjónsdóttir
Reykjavík



Varastjórn
Elva Dögg Gunnarsdóttir
Reykjavík



Varastjórn
Halla Rún Tryggvadóttir
Húsavík



Frankvæmdastjóri
Vilborg Árný Valgarðsdóttir
Reykjavík



Rtari skrifstofu, nefnd um leikritasafn
og nefnd um Margt smátt
Armann Guðmundsson
Reykjavík



Skólanefnd
Sigríður Karlsdóttir
Selfossi



Skólanefnd
Gunnhildur Sigurðardóttir
Mosfellsbæ



Skólastýra og
nefnd um leikritasafn
Hrefna Fríðriksdóttir
Reykjavík




Skólastýra
Dýrleif Jónsdóttir
Reykjavík



Skólanefnd
Herdís Þorgeirsdóttir
Mosfellsbæ



Nefnd um leikritasafn
Örn Alexandersson
Reykjavík



Nefnd um Margt smátt
Hrunn Ólafsdóttir
Kópavogi



Nefnd um NEATA-hátíð
Guðrún Halla Jónsdóttir
Selfossi



Nefnd um NEATA-hátíð
Lárus H. Vilhjálmsson
Hafnarfirði



Fulltrúi BÍL í NUTU
Alma Mjöll Ólafsdóttir
Reykjavík

Leiklistarskóli Bandalags íslenskra leikfélaga

Skólinn starfaði að Húsabakka í Svarfaðardal í tólfra sinn dagana 7. til 15. júní 2008. Þar voru haldin 3 námskeið; grunnnámskeið í leikritun, kennari Bjarni Jónsson, framhaldsnámskeið fyrir leikara, kennari Ágústa Skúladóttir og sérnámskeið fyrir leikara, kennari Rúnar Guðbrandsson.

Skólastýrur, þær Hrefna Friðriksdóttir og Dýrleif Jónsdóttir, voru kennurum og nemendum til halds og trausts á Húsabakka.

Einnig var haldið ljósanámskeið dagana 23. til 25. janúar og 14. og 15. febrúar 2009, kennari var Egill Ingibergsson.

Textinn um námskeiðin hér á eftir er úr skólabæklingi.



Skólastýrurnar Hrefna og Dýrleif

Grunnnámskeið í leikritun Kennari: Bjarni Jónsson

Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem hafa áhuga á leikritun, jafnt byrjendum sem lengra komnum.

Að hugsa dramatískt ...

Markmiðið með námskeiðinu er að hvetja þátttakendur til þess að líta á leikritun sem sérstakt fag. Fjallað verður um leikritun sem órjúf-anlegan hluta leikhússins, í stað þess að greina eðlisþætti hennar og hugsun á bókmenntalegum forsendum. Fyrir utan upplýsingar um tæknileg atriði leikritunar, ábendingar og æfingar, verður lögð áhersla á að fólk taki virkan þátt í umræðum um leikhúsið sem miðil og það sem kalla mætti dramatíska hugsun.

Þátttakendur skulu hafa með sér eftirfarandi leikrit: Hamlet e. Shakespeare, Kirsuberjagarðinn e. Tsjékov og Dag vonar e. Birgi Sigurðsson. Verkin verða send þátttakendum fyrir námskeiðið og höfð til hliðsjónar meðan á námskeiðinu stendur.

Nemendur Bjarna:

Alda Sigurðardóttir, Selfossi
Árni Friðriksson, Reykjavík
Ásta Gísladóttir, Reykjavík
Friðjón Elli Hafliðason, Selfossi
Gísli Björn Heimisson, Reykjavík

Guðjón Þorsteinn Pálmarsson, Reykjavík
Hörður Skúli Danielsson, Reykjavík
Jón Ózur Snorrason, Selfossi
Júlía Hannam, Reykjavík
Magnús J. Magnússon, Höfn



Bjarni Jónsson

Leiklist II – framhaldsnámskeið fyrir leikara Kennari: Ágústa Skúladóttir

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa einhverja reynslu af sviðsleik eða hafa sótt námskeið í leiklist. Nemendur sem sóttu Leiklist I árið 2007 ganga fyrir.

Námskeiðið byggir á þeim grundvallarþáttum sem voru uppistaðan á Leiklist I; útteislun og léttleika leikarans, samspili við meðleikara og áhorfendur og samvinnu í hópi, en að þessu sinni verður gengið lengra og unnið verður með leiktexta.

Þátttakendur munu fá sendar fyrirfram tveggja manna senur úr klassískum leikritum (Shakespeare/Tsjekof, nánar tilkynnt síðar), sem þeir þurfa að kunna utanbókar en HLUTLAUST áður en skóli hefst og rannsökuð verður sú umbreyting sem á sér stað þegar mismunandi leikstílum er beitt á viðkomandi senur. Hvað gerist þegar sena er leikin dramatískt? Eða tragikómískt? Melóðramatískt? Hvernig fara tveir búffonar með senuna? Eða tveir trúðar? Einnig verður litið á hvernig kórinn, þ.e. allir hinir, geta mynd- og hljóðskreytt leiksenuna, hvernig virkar hún best? Með einum söngvara, þremur eða stórum hópi? Eins og fyrr byggist þetta námskeið á mikilli virkni allra þátttekanda sem þora að taka áhættu, prófa og mistakast, prófa og takast og vera alltaf stöðugt á tánum!



Ágústa Skúladóttir

Mottó námskeiðsins: Einn fyrir alla – allir fyrir einn!!

Nemendur Ágústu:

Aron Trausti Sigurbjörnsson, Vogum
Baldur Ragnarsson, Reykjavík
Daníel Þórhallsson, Reykjavík
Einar Þorgeirsson, Selfossi
Elva Dögg Gunnarsdóttir, Reykjavík
Faney Vala Arnórsdóttir, Reykjavík
Gríma Kristjánsdóttir, Mosfellsbæ
Guðfinna Gunnarsdóttir, Selfossi

Hera Guðbrandsdóttir, Hafnarfirði
Huld Óskarsdóttir, Reykjavík
Íris Árný Magnúsdóttir, Selfossi
Sigurjón Jónsson, Hafnarfirði
Sindri Svan Ólafsson, Dalvíkurbyggð
Stefán Bjarnarson Sigurðsson, Reykjavík
Særún Heiða Sævarsdóttir, Reykjavík
Þórdís Sigurgeirsdóttir, Reykjavík
Þórunn Guðmundsdóttir, Reykjavík

Sérnámskeið fyrir leikara Kennari: Rúnar Guðbrandsson

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa reynslu í leikhúsi. Þeir ganga fyrir sem sótt hafa Leiklist I og II eða sambærileg námskeið eða hafa tals-verða reynslu af sviðsleik eða leikstjórn.

Á námskeiðinu verða kynntir mismunandi leikstílar og ólíkar aðferðir við að greina og túlka leikverk. Námskeiðið verður að hluta til fræðilegt, en einkum þó verklegt. Þátttakendum verða sendar stuttar senur til að kynna sér (og helst að læra utanað) áður en námskeiðið hefst. Hver dagur hefst síðan á fyrirlestri, fyrirspurnum og umræðum um tiltekinn leikstíl, því næst verður „vorksjoppað“ í nokkra stund, þar sem allur hópurinn vinnur saman með æfingar og hugmyndir tengdar viðkomandi leikstíl.

Seinni partinn vinnur fólk í smærri hópum og þörum með áður nefndar senur og spreytir sig á að beita þeim hugmyndum sem kynntar hafa verið. Í lok dagsins verður svo afraksturinn skoðaður og ræddur.

Síðustu dagana vinnur svo hver hópur (þör) eina senu í einum tilteknum stíl og flytur hana að lokum fyrir áhorfendur.

Þeir leikstílar sem unnið verður með:

Commedia dell'arte. Kerfi Stanislavskys (Stanislavsky's system) og ameríska „metóðan“ (The American method, t.d. hugmyndir Lee Strassberg, Stellu Adler, Sanford Meisner). Leikstíll Bertolds Brecht (Epíska leikhúsið). Fátæka leikhúsið (Jerzy Grotowski). Dansleikhús.

... og hugsanlega eitthvað fleira.

Auk leikatriðanna munu þátttakendur fá lesefni til fróðleiks og er æskilegt að þátttakendur séu læsir á enska tungu.



Rúnar Guðbrandsson

Nemendur Rúnars:

*Aldís Gyða Davíðsdóttir, Akranesi
Anna Bergljót Thorarensen, Reykjavík
Arnar Ingvarsson, Kópavogi
Björn Thorarensen, Reykjavík
Bylgja Ægisdóttir, Reykjavík
Gerður Halldóra Sigurðardóttir, Reykjavík
Guðrún Sóley Sigurðardóttir, Reykjavík*

*Halldór Magnússon, Hafnarfirði
Ingrid Karlsdóttir, Kópavogi
Jenný Lára Arnórsdóttir, Reykjavík
Kristín Svanhildur Helgadóttir, Hafnarfirði
Rósa Björg Ásgeirsdóttir, Reykjavík
Sigríður Birna Valsdóttir, Reykjavík
Una Dóra Þorbjörnsdóttir, Reykjavík*



Allur hópurinn á Húsabakka



Prúðbúnar á lokavöldi skólans, Júlía Hannam, Vilborg framkvæmdastjóri og Hrefna skólastýra



Bylgja Ægisdóttir gefur tiskumódelunum ekkert eftir

Ljósanámskeið

Kennari: Egill Ingibergsson

Haldið í Listaháskóla Íslands, Sölvhólgötu 13, 101 Reykjavík dagana 23.–25. janúar og 14.–15. febrúar 2009.

Námskeiðið er ætlað byrjendum og þeim sem vilja auka við grunnþekkingu sína í vinnu við lýsingu í leikhúsi.

Ekki eru gerðar sérstakar forkröfur til nemenda en farið verður yfir mikið námsefni á stuttum tíma og nauðsynlegt að nemendur fylgist vel með og taki góðar nótur.

Nemendur skila stuttri greinargerð til kennara í tölvupósti eftir námskeiðið. Þátttakendur eru beðnir að hafa meðferðis upplýsingar um ljósakerfi síns leikfélags á eyðublaði sem sent verður skráðum þátttakendum.

Markmiðið með námskeiðinu er að þátttakendur öðlist grunnþekkingu á notkun algengasta ljósabúnaðar í leikhúsum. Fá innsýn í notkunar- og öryggisatriði sem þessu tengjast, virkni rafmagns og fleira.



Egill Ingibergsson

Nemendur Egils:

Arnór Sigurðarson, Mosfellsbæ

Ásta Þórisdóttir, Hólmavík

Baldvin Karel Árnason, Eyrarbakka

Guðrún Eysteinsdóttir, Reykjavík

Hrund Ólafsdóttir, Kópavogi

Hörður Guðjónsson, Mosfellsbæ

Ingvar Erlingsson, Húsavík

Jón Sigurðsson, Hvolsvelli

Magnús Addi Ólafsson, Reykjavík

Sigmar Órn Aðalsteinsson, Selfossi

Snorri Sigurðsson, Hvanneyri

Porvaldur Kjartansson, Sólheimum



Nemendur og kennari á ljósanámskeiðinu

Fundargerðir stjórnarfunda Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2008–2009

Stjórnarfundur Bandalags íslenskra leikfélaga haldinn að Bakkafli í Skagafirði 4. maí 2008

Mætt voru Þorgeir Tryggvason, Ingólfur Þórsson, Embla Guðmundsdóttir, Guðfinna Gunnarsdóttir, Hörður Sigurðarson, Ólöf Þórðardóttir, Halla Rún Tryggvadóttir, Elva Dögg Gunnarsdóttir, Vilborg Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

1. Þorgeir stingur uppá að Ingólfur verði varaformaður og Embla ritari. Samþykkt.
2. Vilborg stingur uppá helginni 27.–29. júní fyrir úthlutunarfund. Samþykkt.
3. Þorgeir stingur uppá Lárusi, Herði, Guðrúnu Höllu og Ólöfu í undirbúningsnefnd fyrir NEATA-hátíð á Akureyri.
4. Þorgeir ætlar að sjá um að ganga frá lagabreytingum.
5. Þorgeir stingur uppá Ármanni, Hrund og Hjaltu í Margt smátt-nefnd. Samþykkt.
6. Rætt um hvort halda eigi haustfund, Margt smátt og námskeið sömu helgina. Þarf að athuga með Borgarleikhúsið. Ármann athugar með helgar í kringum mánaðarmótin sept.-okt. Talar við Magnús Geir Borgarleikhússtjóra.
7. Ingólfi falið að tala við Kristínu Sigvaldadóttur um hverjar eru áætlanir hennar varðandi búningasafn.
8. Þorgeir mun fara á NEATA-hátíðina í Riga. Hörður og Ingólfur munu ekki fara. Þorgeir athugar hvort Lárus eða Halla hafa hug á að fara. Kostnaður á flugi er ekki undir 60.000 krónum. Þorgeir lagði til að ákveðin upphæð yrði lögð til farar á hátíðina og þeir sem vildu fara deildu með sér þeirri upphæð. Vilborg kannar hvað 3 þakkar kosta og lætur okkur vita.
9. Húsnæðismál Bandalagsins rædd. Verið er að bíða eftir svari frá fólkinu á hæðinni fyrir ofan við gagntilboði okkar upp á 27,5 milljónir. Afhendingartími yrði 1. sept. en möguleiki á leigu í lengri tíma.
10. Þorgeir greindi frá að gjaldkeri Leikfélags Sauðárkróks hefði spurt hvort hann væri til í að heimsækja leikfélögin á Norðvesturlandi og kynna fyrir þeim starfsemi Bandalagsins. Hann kvaðst hafa tekið vel í það.
11. Þorgeir vekur máls á ýmsu í tengslum við aðalfund sem huga þyrfti betur að eins og t.d. leikskrár og veggspjalda-keppni og að fá upplýsingar um hvaða sýningar hafa sótt um að komast í Þjóðleikhúsið.
12. Vilborg minnti á að umsóknareyðublöð vegna styrk-umsókna yrðu send út í næstu viku og ef menn vildu koma einhverju á framfæri með þeim pósti þyrftu þeir að koma því til skrifstofunnar sem fyrst.

13. Fósturfélagakerfið kynnt fyrir nýjum stjórnarmönnum. Vilborg mun skipta félögum niður á stjórnar- og varastjórnarfólk.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Fundarritari: Ármann Guðmundsson.

Stjórnarfundur Bandalags íslenskra leikfélaga 27. og 28. júní 2008

Settur kl. 18.00 á skrifstofunni að Laugavegi 96.

Mættir: Þorgeir Tryggvason, Hörður Sigurðarson, Ingólfur Þórsson, Guðfinna Gunnarsdóttir, Þórvör Embla Guðmundsdóttir, Hjalti St. Kristjánsson, Ólöf Þórðardóttir, Vilborg Árný Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Úthlutun styrkja Menntamálaráðuneytisins fyrir leikárið 2007–8. Fyrir lágu umsóknir frá 35 félögum vegna 81 leiksýningar/leikþátta, 18 námskeiða og 32 nemenda í Leiklistarskóla Bandalagsins. Alls voru til skipta 25,4 milljónir, hækkun um 2,6 milljónir frá fyrra ári.

Athugasemdir við umsóknir:

- Halaleikhópurinn sækir um styrk vegna Kaffileikhúss og námskeiðs. Þar sem ljóst er að námskeiðið er forvinna að sýningunni er aðeins veittur styrkur fyrir annað hvort. Ákveðið að styrkja frekar sýninguna.
- Félagið sækir einnig um frumkvæðisstyrk vegna mikillar tónlistar/hljóðmyndar í Gaukshreiðinu. Samþykkt.
- Leikfélag Hólmavíkur sækir um frumkvæðisstyrk vegna Dýranna í Hálsaskógi. Rökstuðningur er vegna samvinnu við grunnskólann og vinnu með börnum. Hafnað.
- Leikfélag Húsavíkur sækir um frumkvæðisstyrk vegna nýrrar tónlistar í Íslandsklukkunni. Samþykkt.
- Leikfélag Keflavíkur sækir um frumkvæðisstyrk vegna Bæring breiðir úr sér. Hafnað.
- Leikfélag Kópavogs sækir um frumkvæðisstyrk vegna Barna mánans. Hafnað.
- Leikfélag Mosfellssveitar sækir um fyrir 9 leiklistarnámskeið en sendir ekki nafnalista. Farið fram á að svo verði gert.
- Félagið sækir um sérstakt frumkvæði vegna Þegar Tröllu stal jóluum. Samþykkt vegna vandaðs útlits sýningarinnar.
- Leikfélag Rangæinga sækir um fyrir leiklistarnámskeið en sendir ekki nafnalista og upplýsingar um námskeiðið. Farið fram á að svo verði gert.
- Leikfélag Sauðárkróks sækir um frumkvæðisstyrk vegna Alínu. Samþykkt vegna frumsaminnar tónlistar.
- Leikfélag Selfoss sækir um fyrir leiklistarnámskeið en sendir ekki nafnalista. Farið fram á að svo verði gert.
- Leikfélag Seyðisfjarðar sækir um frumkvæðisstyrk vegna Kallarðu þetta leikrit? Hafnað.
- Leikfélag Siglufjarðar sækir um frumkvæðisstyrk vegna

Tveggja þjónn. Hafnað.

Leikfélag Ólfuss sækir um frumkvæðisstyrk vegna Mómó. Stjórn samþykkir frumkvæðisumsókn til að stuðla að því að leikfélagið nái að skjóta varanlegum rótum í sveitarfélaginu. Leikfélagið Grímnir sækir um frumkvæðisstyrk vegna Oliver!. Sýningin verulega viðamikil og yfir 70 manns tóku þátt. Samþykkt.

Leikfélagið Peðið sækir um frumkvæðisstyrk vegna Trölla-peru. Samþykkt vegna frumsaminnar tónlistar.

Leikfélagið Sýnir sækir um frumkvæðisstyrk vegna Vakandi manns draumur. Samþykkt vegna frumsaminnar tónlistar.

Leiklistarfélag Seltjarnarness sækir um vegna Gróttudags og Sundlaugar. Ekki styrkhæft skv. úthlutunarregluglunum.

Félagið sækir um frumkvæðisstyrk vegna Predikunar. Hafnað. Umf. Efling sækir um frumkvæðisstyrk vegna Þar sem Djöfla-eyjan rís. Hafnað.

Leikfélagið M.a.s. sækir um frumkvæðisstyrk vegna Ísland ögrum skorið. Hafnað.

Stúdentaléikhúsið sækir um frumkvæðisstyrk vegna Drottinn blessi blokkina. Samþykkt vegna nýrrar tónlistar.

Ákveðið að senda Leikfélagi Hveragerðis ábendingu um umgengni við höfundarréttarvarið efni vegna leikgerðar af Aladdín og konungur þjófanna. Ábendingin ætti reyndar vera á leiklist.is, aðgengileg öllum.

Rætt um umsóknirnar almennt. Nokkuð bar á að upptökur af leiksýningum sem skylt er að senda með umsóknum væru gallaðar og jafnvel alls ekki hægt að skoða þær. Stjórn vill benda félögum á að kanna rækilega áður en upptökur eru sendar hvort þær eru í lagi. Einnig vill stjórn enn og aftur minna félög á að vanda vel til vinnu við umsóknirnar. Þetta eru gögn sem send eru Menntamálaráðuneytinu til yfirferðar og ekki boðlegt að stundum séu umsóknir ólæsilegar, krot-aðar eða bara ekki útfylltar nema að hluta.

2. a) Stjórn veitir framkvæmdastjóra skriflegt umboð til sölu fasteignarinnar.

Umboðið undirritað af aðalstjórn og vottað af varamönnum.

b) Leiguhúsnæði skrifstofunnar og flutningar. Vilborg segir frá leiguhúsnæði sem hún var búin að skoða við Hringbraut 119. Stjórn ákveður að skoða það kl. 11.00 á laugardagsmorgun.

Að lokinni skoðunarferð var ákveðið að stjórnarmenn hugsuðu málið betur og leitað yrði víðar að húsnæði.

3. Fundargerðir stjórnarfunda frá 2. og 4. maí yfirfarnar. Samþykktar með örlitlum lagfæringum.

4. Fundargerð aðalfundar yfirfarin. Samþykkt með fyrirvara um prófarkalestur fyrir ársritið.

5. Starfsáætlun leikársins 2008–9 yfirfarin.

Almenn starfsemi:

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistar-vefsins og annarra fastra liða í starfsemi.

Hörður ræddi um að fara þyrfti að huga að endurnýjun tölvubúnaðar á skrifstofunni.

Rætt um skólann í sumar. Ánægja með hann að vanda. Stjórn lýsir sérstakri ánægju með aðkomu leikfélags Dalvíkur að skólanum. Búið er að ganga frá bókun á Húsabakka fyrir næsta sumar.

Hörður sagði frá stöðu mála og hugmyndum með Leiklistar-

vefinn. Til stendur að halda fund í vefnefnd og ræða smávægi-legar breytingar á vefnum.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameigin-legra verkefna.

Ákveðið að sjá til þegar næsta frumvarp að fjárlögum verður birt og taka þá afstöðu til þess hvað þarf að gera.

3. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglis-verðustu áhugaleiksyningu ársins.

Tillaga komin frá þjóðleikhússtjóra um smávægilega breytingu/viðbót á umsóknareyðublað. Vilborg lagar það til. Eyðublaðið þarf að fara á leiklist.is í vikunni.

Sérverkefni ársins:

1. Halda áfram undirbúningi NEATA-hátíðar 2010 og hefja fjármögnun hennar, m.a. með umsókn í menningarsjóð ESB. Funda þarf í nefndinni hið fyrsta. Brynt að fara að huga að fjármögnun.

2. Hefja skönnun á handritasafni Bandalagsins. Skönnun verður sett í gang um leið og tæki til þess verða keypt eða leigð.

3. Margt smátt verði haldin í haust í svipuðu formi og verið hefur.

Rætt um hvort það fari saman að halda haustfund og náms- skeið sömu helgi og Margt smátt. Nauðsynlegt að vita í tíma hvort af Margt smátt verður, og þá hvenær, og taka ákvörðun um fyrirkomuleg í framhaldinu. Ármanni falið að vera í sam- bandi við Borgarleikhúsið.

4. Starf handritasafnsnefndar haldi áfram í samræmi við bókun síðasta aðalfundar og að stjórn móti frekar hlutverk nefndar- innar.

Nefndin hefur ekki enn komið saman en fljótlega verður kallað til fundar.

5. Skólanefnd skoði möguleika á að skipuleggja næsta vetur námskeið um stjórnun leikfélaga, kynningarmál og umfjöllun/gagnrýniskrif um leiksýningar. Eitthvað af þessu verður væntanlega samhliða Mörgu smáu og haustfundi.

6. Að haldinn verið haustfundur 2008.

Tímasetning og fyrirkomulag verður ákveðið þegar nær dregur. Taka þarf mið af Margt smátt og flutningamálum skrifstofunnar. Tími var ákveðinn á stjórnarfundum í Skagafirði sl. vor, helgin 10.–12. október.

7. Mótaðar verði tillögur að skipulegri umfjöllun um leiksýning- ar áhugaleikfélaganna, t.d. með stofnun sjóðs sem Bandalagið annarsveggar og áhugaleikfélögin hinsveggar greiða í árlega til að standa straum af kostnaði.

Hörður tekur að sér að móta tillögur fyrir haustfund.

6. Launamál starfsmanna endurskoðuð.

Formaður og varformaður eru samninganefnd stjórnar. Þeir gera það að tillögu sinni að laun starfsmanna verði hækkuð um 8,3%. Vilborg boðar til starfsmannafundar og leggur tilboðið fyrir.

7. Önnur mál.

a) Þorgeir tekur að sér að byrja vinnu við handbók áhugaleik- félaganna sem verið hefur í umræðunni um nokkurn tíma.

b) Aðalfundur 2009.

Leikfélag Selfoss vill taka að sér aðalfund og leikfélag Ölfuss ætlar að hjálpa þeim. Guðfinna stingur upp á mætingu fimmtudagskvöldið 30. apríl og að fundur verði settur á föstudagsmorguninn 1. maí og standi til hádegis laugar-dagsins 2. maí. Stjórn samþykkir þessar dagsætningar og felur Guðfinnu að tala við hótelhaldara á Selfossi.

c) Lestrarhestar eru eitthvað komnir að stað við lestur leikrita.

d) Norrænt skrifstofumót.

Vilborg hefur bókað hótél fyrir þátttakendur og mun vinna áfram að þessu verkefni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.25.

Fundargerð rituðu Vilborg Á. Valgarðsdóttir og Þórvör Embla Guðmundsdóttir.

Stjórnarfundur Bandalags íslenskra leikfélaga 10. og 11. október 2008

Haldinn að Suðurlandsbraut 16.

Mætt þann 10. okt.: Þorgeir Tryggvason, Ingólfur Þórsson, Hörður Sigurðarson, Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Hjalti St. Kristjánsson, Vilborg Á. Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

Mætt þann 11. okt.: sömu utan Sigríðar Láru.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.
Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt einróma.

2. Farið yfir starfsáætlun.

a) Skólamál rædd. Aflýsa þurfti framhaldssmíknámskeiði sem vera átti helgina 24.–26. október vegna ónógrar þátttöku. Húsnæðismál leiklistarskólans eru aftur komin í umræðu, fyrirhugað að funda á Egilsstöðum vegna Hallormsstaðar. Útlit fyrir að samningar gætu náðst að mati Þráns Sigvaldasonar.

b) Hörður kynnti stöðu vefmála. Fundað hefur verið með vefumsjónarmönnum og fyrirhugaðar eru minnir háttar breytingar á vefnum, t.d. að setja upp fréttabréfakerfi. Til stendur einnig að lagfæra ýmislegt í skráningu, leit og framsetningu leikrita á vefnum.

c) Toggi velti upp hugmynd um hvort búa ætti til tenglalista fyrir grunn- og framhaldsskóla t.d. til að koma upplýsningum á framfæri um leiklistarhátíðir fyrir börn á vegum NAR sem Bandalagsfélögin eru ekki að nýta sér. Ármann sagði frá hugmynd um að opna facebook-síðu Bandalagsins.

d) Ekkert að fréttu af fjárlagafrumvarpi enda á að endurskoða það miðað við ástand efnahagsmála í landinu.

e) NEATA-hátíðin. Nefndin hefur hist einu sinni til að undirbúa umsókn til Evrópusambandsins. Vegna veikinda Lárusar Vilhjálmssonar tók Vilborg að sér að vinna umsóknina um evrópupeningana í samvinnu við Dani sem sjá um heildarumsóknina en á NEATA-fundi í Riga var ákveðið að senda eina umsókn fyrir þrjár hátíðir sem verða í Danmörku og

Eistlandi auk okkar hátíðar. Reiknað er með að svar berist í mars um hvort við fáum styrkinn eða ekki. Vilborg telur að huga þurfi næst að því að tryggja aðstöðu og gistingu á Akureyri, t.d. með að tryggja okkur gistiheimili þar sem hótelin eru of dýr og almennt er ekki boðið upp á gistingu af þeim gæðaflokki á sambærilegum hátíðum. Ólöf tekur að sér að athuga með gistimöguleika á Akureyri strax eftir helgi. Þorgeir hefur samband við Þórgný um aðstöðuna í Menningarhúsinu. Ef Lárus getur ekki sinnt formennsku í nefndinni í einhvern tíma vegna sinna veikinda býðst Þorgeir til að taka við formennskunni á meðan.

f) Skönnun handritasafns hefst í næstu viku þar sem nýja ljósritunarvél/-skanninn hefur verið tengdur. Til að byrja með verða handritin vistuð sem pdf-skjöl.

g) Stuttverkahátíðinni Mörgu smáu þurfti að aflýsa í haust vegna þess hversu mikið Borgarleikhúsið er bókað fram að jólum. Þorgeir greindi frá því að á NAR-fundi hafi komið upp úr dúrnum að aðeins lítið brot af þeim peningum sem eyrnamerkir eru gestaleikjum hafa verið nýttir. Hugmyndir eru uppi um að halda hátíðina í vor og fá sýningar frá Færejum og jafnvel fleiri löndum á hátíðina og nýta þessa peninga í ferðastyrki. Vel var tekið í hugmyndina. Ákveðið að Ármann og Þorgeir fari fram á fund með Magnúsi Geir Borgarleikhússtjóra og ræði um að fá afnot af Borgarleikhúsinu laugardagana 16. eða 23. maí 2009.

h) Ákveðið að Handritasafnsnefnd geri tillögu að skipunarbréfi sínu fyrir 10. nóvember nk.

i) Ákveðið að halda haustfund 22. nóvember. Sama dag verður haldið námskeið í stjórnun leikfélaga og kynningarmálum. Fundur og námskeið verða haldin í húsnæði Leikfélags Kópavogs. Vilborg hefur samband við Magnús Geir Þórðarson um að vera með erindi um kynningarmál og Guðfinna ætlar að leggja drög að efni námskeiðsins.

j) Hörður tekur að sér að móta tillögur að skipulagðri umfjöllun um leiksýningar áhugaleikfélaganna og mun skila þeim af sér á stjórnarfundum föstudaginn fyrir haustfund.

3. Fyrirspurn.

Þorgeir greindi frá því að Bandalaginu hefði borist fyrirspurn frá nema við Háskólann á Akureyri um afstöðu Bandalagsins til þeirrar athygli sem leiklist áhugafólks fengi í fjölmiðlum í sambandi við verkefni sem hann var að vinna. Þorgeir svaraði erindinu með þeim fyrirvara að þetta væru persónulegar skoðanir hans enda engin mótuð stefna til.

4. Húsnæðismál.

Ekki hefur verið skrifað undir afsal af húsnæðinu að Lauga-vegi 96 þar sem kaupandinn hefur ekki gengið frá loka-greiðslu. Hann á í einhverju stappi við að fá bankalán en Vilborg telur að þetta muni ganga í gegn, það þurfi bara að gefa honum lengri tíma í ljósi efnahagsástandsins. Á meðan ekki er gengið frá greiðslu þurfum við að borga leigu af rekstraré skrifstofunnar, sem er náttúrliga ekki það sem lagt var upp með. Kostnaður við flutninga er kominn hátt á aðra milljón og enn á eftir að gera ýmislegt á nýja staðnum, svo sem að bæta aðgengi, setja auglýsingafilmu í gluggana og bæta lýsingu. Ákveðin gróf forgangsröð sem starfsfólk Bandalagsins mun framfylgja eftir aðstæðum.

5. Saga Bandalagsins.

Von er á upplaginu af Allt fyrir andann, sögu Bandalagsins

1950–2000 á næstu dögum. Verð hefur verið ákveðið 5.500 kr. út úr verslun og Bandalagið sér um dreifingu. Þorgeir veltir upp spurningunni hvort að sögunefnd eigi að starfa áfram að sölu bókar.

6. Erlent samstarf

a) Þorgeir gefur skýrslu frá aðalfundi NEATA í Riga. Þar bar það helst til tíðinda að ákveðin var sameiginleg umsókn þriggja landa til ESB, sjá lið e í starfsáætlun. Einnig að Bandalagið hafi boðist til að sjá um heimasíðu NEATA fram yfir hátíðina 2010.

b) Þorgeir gefur skýrslu frá fundi NAR í Kaupmannahöfn. Tillaga liggur fyrir um að þegar NAR verður lagt niður í núverandi mynd muni áfram vera til nefnd sem starfi sem pólitískt þrýstiafl í þágu hagsmuna áhugaleikhússins á Norðurlöndunum.

Fundið slitið.

Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson.

Stjórnarfundur Bandalags íslenskra leikfélaga 20. og 21. mars 2009

Haldinn að Suðurlandsbraut 16.
Fundur settur kl. 19.30.

Mætt: Þorgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Þórvör Embla Guðmundsdóttir, Hörður Sigurðarson, Halla Rún Tryggvadóttir, Hjalti Stefán Kristjánsson, Elva Dögg Gunnarsdóttir, Vilborg Árný Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

1. Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og samþykkt.

2. Farið yfir stöðu húsnæðismála. Í janúar var gerður samningur við kaupandann að Laugavegi 96 um eftirstöðvar kaupverðs, sem kaupandi hefur ekki fengið lán til að borga, sjá á til fam í júlí hvort ástandið hafi þá ekki lagast eitthvað á lánamarkaði. Þangað til borgar hann kr. 200.000 á mánuði sem teljast vextir af eftirstöðvunum.

3. Vilborg greinir frá því að keypt hefur verið ný tölva til skrifstofunnar. Það var á áætlun að gera það 2008 en þá þótti nauðsynlegra að endurnýja ýmislegt annað vegna flutninganna.

4. Gagnrýnimál á leiklist.is rædd. Nokkuð hefur borist af umfjöllun um sýningar undanfarið og er það vel.

5. Aðeins er eitt laust pláss í skólanum að Húsabakka núna, 5 dögum eftir að skráning hófst og biðlistar komnir á 2 námskeið. Enn ekki mikil skráning á ljósa- og tækninámskeið.

6. Skólanefnd hefur farið fram á að stjórn sendi fyrirspurn til sveitastjórna um mögulega aðstöðu fyrir skólann. Ákveðið að fela nefndinni að orða slíkt bréf og svo skrifstofunni að senda það til hlutaðeigandi.

7. Styrkjamála vegna NEATA-hátíðar 2010 rædd. Ákveðið að um leið og kosningar eru afstaðnar og nýr menntamálaráðherra skipaður verði bókaður fundur með honum.

Ákveðið að boða fund í NEATA-nefnd innan tveggja vikna. Ákvörðun um EU-styrkinn kemur vonandi alveg á næstunni. Aðkallandi er að fara að sækja um frá norrænu ráðherra-nefndinni.

8. Skönnun handritsafns í fullum gangi. U.þ.b. 400 handrit af 2900 eru nú til í stafrænu formi.

9. Útséð er um að næsta Margt smátt-hátíð verði í samvinnu við Færeyinga þar sem dagsetningar gengu ekki saman. Rætt hefur verið við Borgarleikhúsið um að halda stuttverkahátíð með Færeyingum næsta haust og þar hefur verið tekið vel í það. Þó er ekkert staðfest. Þorgeir ræðir það við Magnús Geir og Hafliða í Borgarleikhúsinu.

10. Ákveðið að hafa námskeið í gagnrýnskifum í tengslum við Margt smátt föstudagskvöldið 22. maí.

11. Farið yfir stöðu mála fyrir aðalfund. Tilboði í gistingu að Hótel Hlíð í Ölfusi hefur verið tekið.

Vilborg kynnti ársreikning. Hann samþykktur af stjórn. Ákveðið að Þorgeir skrifi upp tillögu stjórnar að starfsáætlun 2009–2010 og sendi á stjórn í tölvupósti.

12. Umsókn Borgarbarna, barna- og unglíngaleikhúss í Reykjavík um aðild að Bandalaginu tekin fyrir. Umsóknin samþykkt með fyrirvara um framkomna athugasemd við lög.

13. Borgarbörn sækja um að fara á Norður-evrópska leiklistarhátíð fyrir börn í Klakksvík í Færeyjum í júní nk. Ákveðið að senda þau en stjórn telur sig ekki hafa forsendur til að velja á milli tveggja sýninga sem þau leggja fram eins og farið hefur verið fram á. Þeim er vel treystandi til að velja sjálf þá sýningu sem henti betur erlendum áhorfendum.

14. Ákveðið að Þorgeir og Embla fari á ráðstefnuna Menningarlandið 2009 sem haldin verður af Menntamála- og samgönguráðuneytinu að Hótel Stykkishólmi 11. og 12. maí nk. Rætt um að nauðsynlegt sé að heyra hvernig menningarsamningar hafa nýst leikfélögum.

Fundi frestað kl. 22.30.

Fundi framhaldið 21.3. 2009 kl. 10.00.

Mætti: Þorgeir Tryggvason, Þórvör Embla Guðmundsdóttir, Hörður Sigurðarson, Halla Rún Tryggvadóttir, Hjalti Stefán Kristjánsson, Ólöf Þórðardóttir, Vilborg Árný Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

15. Þorgeir greindi frá því að í stjórn NEATA séu menn komnir á þá skoðun að gera NUTU-skólann að NEATA-verkefni. Erfitt mun reynast að fá styrki til verkefna á borð við NUTU-skólann sem er óbreytt verkefni ár frá ári og því þurfi að hugsa hann upp á nýtt. Ákveðið að styrkja íslenska fulltrúann til farar á NUTU-fund í Osló í apríl. Ákveðið að kalla eftir að hún gefi stjórn reglulega skýrslu um starfsemi samtakanna.

16. Þorgeir gaf skýrslu frá NAR-fundi í Kaupmannahöfn 14. mars. Ákveðið að halda NAR-samstarfi áfram þótt það verði í breyttri mynd. Haldið verður árlegt Forum, sem verður menningarpólitískur samráðsvettvangur og löndin halda og sjá um að móta til skiptis. Heimasíða NAR verður lögð niður.

17. Þýðingar á leikritum í norræna barnaleikritaverkefninu eru hafnar og sótt hefur verið um styrk fyrir allt verkefnið. Þorgeir

bauðst til að þýða erlendu verkin á íslensku ásamt Huldu B. Hákonardóttir og jafnframt þýða íslenska verkið á dönsku.

18. Ákveðið að senda Þorgeir og Vilborgu á IATA- og NEATA-fundi í Mónakó í ágúst.

19. Alma Mjöll Ólafsdóttir fulltrúi NUTU mætti á fundinn. Hún sagði margt vera óljóst varðandi starfsemi NUTU, t.d. væri ekki búið að ákveða hvar skólinn verður haldinn næsta sumar. Ákveðið að styrkja hana til farar á fund í apríl. Einnig var hún beðin um að gefa reglulega skýrslur um vinnu og ákvarðanir stjórnar NUTU.

20. Ólöf greindi frá stöðu gistimála á NEATA-hátíð á Akureyri 2010. Þar sem hátíðin fer fram á háannatíma er gisting afar dýr og það verður að fara að panta hana áður en hún hækkar enn frekar. Ólöf mælti með að farfuglaheimili sem tekur um 70 manns í gistingu verði bókað sem allra fyrst.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12.30.

Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson.

Stjórnarfundur Bandalags íslenskra leikfélaga haldinn að Hlíð í Ölfusi 30. apríl 2009

Mætt: Þorgeir Tryggvason, Ingólfur Þórsson, Þórvör Embla Guðmundsdóttir, Guðfinna Gunnarsdóttir, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Halla Rún Tryggvadóttir, Hjalti Stefán Kristjánsson, Ólöf Þórðardóttir, Vilborg Árný Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Stjórn skiptir með sér verkefnum fyrir aðalfund.
3. Ákveðið að leggja fyrir fundinn hvort að taka eigi ákveðna upphæð af ríkisstyrk til að greiða mismun af húsaleigu.
4. Ákveðið að leggja til óbreytt árgjald frá fyrra ári.

Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson.

Haustfundur Bandalags íslenskra leikfélaga, haldinn að Funalind 2 í Kópavogi 22. nóvember 2009

Fundur settur kl. 13.00, fundarstjóri er Þorgeir Tryggvason og fundarritari er Ármann Guðmundsson.

1. Úthlutunarreglur.

Þorgeir Tryggvason, fundarstjóri og formaður Bandalagsins, rifjaði upp umræðu frá síðastliðnum aðalfundi. Þá var ákveðið að 100% styrkur fengist fyrir sýningar sem næðu 80 mínútum. Einnig var rætt um hvort að hækka ætti styrki til þeirra leikfélaga sem senda fólk í Bandalagsskólann og hvort sá styrkur ætti aðeins að vera fyrir námskeið í sumarskólanum eða öll námskeið.

Hörður Sigurðarson, lénsherra, sagði að ef breyta ætti úthlutunarreglunum ætti að stefna að því að einfalda þær, ekki flækja. Hann sagði að umræddur námskeiðsstyrkur hefði fyrst og fremst verið hugsaður sem hvatning fyrir leikfélögin til að senda fólk í skólann, en ekki til að ráða úrslitum um hvort fólk færi.

Vilborg Valgarðsdóttir, framkvæmdastjóri Bandalagsins, kynnti núverandi úthlutunarreglurnar og hvernig þeim er framfylgt.

Ása Hildur Guðjónsdóttir, Halaleikhópnum, taldi það mikilvægt að hækka styrki til námskeiðhalds hjá félögum þar sem það sé dýrt að halda slík námskeið og þau séu mikilvægur liður í að styrkja innri starfsemi leikfélaganna. Ekki ættu allir þess kost að sækja Bandalagsskólann.

2. Gagnrýni á Leiklistarvefnum.

Hörður kynnti hugmyndir sínar um gagnrýni á leiksýningar áhugafélaganna á Leiklistarvefnum. Hann sagðist telja það

nauðsynlegt að leikfélögin fengju faglega umfjöllun um sýningar sínar og þar sem enginn fjölmiðill virðist telja sig þess megnugan að bjóða uppá slíkt yrðu leikfélögin sjálf að sjá til þess að þetta yrði gert. Hann lagði fram eftirfarandi tillögu:

Umfjöllun um leiksýningar áhugfélaganna:
Til að Bandalagið geti tryggt faglega umfjöllun um leiksýningar áhugafélaganna þarf að uppfylla tvö skilyrði:

Í fyrsta lagi þarf að finna hæfa einstaklinga sem eiga kost á að heimsækja félög í hverju landshorni.

Í öðru lagi þarf að tryggja fjármagn til að hægt sé að greiða þóknun og kostnað við umfjöllunina.

Hvað fyrra atriðið varðar er ekki raunhæft að ætla að viðkomandi séu tilbúnir að ferðast um langan veg til að sjá sýningar sem þeir hyggjast fjalla um. Því er nauðsynlegt að skipta landinu upp í minni svæði og finna einstaklinga sem geta sinnt hverju fyrir sig.

Seinna atriðið byggist á því að a.m.k. einhver félög séu tilbúin til að greiða fyrir umfjöllunina með einum eða öðrum hætti. Sennilegt verður að teljast að ekki séu öll félög reiðubúin að leggja til fjármagn í slíkt fyrirtæki. Það er því líklegast til árangurs að slíkt sé gert svæðisbundið og leikfélögnum á hverju svæði sé falið að finna hæfa einstaklinga. Sem sé að í stað þess að Bandalagið sem slíkt finni einstaklingana og standi fyrir fjármögnun verði það sett í hendur félaganna.

Það sem Bandalagið, eða öllu heldur stjórn þess og framkvæmdastjóri, geta gert er að kynna þessa hugmynd og leiða

saman félögin á hverju svæði fyrir sig. Hér fylgir nærtækt dæmi um svæðisskiptingu:

Á höfuðborgarsvæðinu eru 8–9 félög sem gætu sameinast um fjármögnun. Ef 2–3 hæfir einstaklingar finnast gætu þeir sinnt leiksýningum þessara félaga. Hugsa má sér að félögin greiði árlega 20.000 kr. í sameiginlegan sjóð sem greitt verði úr til þeirra sem fjalla um sýningarnar. Ef gert er ráð fyrir að þessi félög setji upp 15–16 sýningar á ári er hægt að greiða rúmlega 10.000 kr. fyrir umfjöllun.

Hver umfjöllun verður birt á Leiklistarvefnum. Reynandi er að athuga hvort áhugi er hjá dagblöðum að fá að birta umfjöllunina án endurgjalds. Eftir því sem næst verður komist var það fyrst og fremst kostnaðurinn sem olli því að Morgunblaðið hætti umfjöllun um leiksýningar áhugafélaganna. Hér gæti því verið leið fyrir blaðið til að bæta úr því.

Sennilegt er að erfiðara yrði um vik á öðrum svæðum m.a. vegna lengri vegalengda. Skynsamlegast er þó að eftirláta félögunum á hverju svæði fyrir sig að sjá um skipulagningu.

Umræður:

Porgeir sagði að sér litist vel á hugmyndina, sjálfsgagt væri að láta reyna á hvort hægt væri að vinna þetta frá grasróttinni.

Árný Leifsdóttir, Leikfélagi Ölfuss, spurði hvort haldið yrði námskeið í að skrifa gagnrýni.

Porgeir sagði að það yrði. Hann velti jafnframt fyrir sér hvort framhaldsskólaleikfélögin hefðu áhuga á vera með í gagnrýni-hópnum.

Silja Björk Huldudóttir, Huggleik, benti á að sjálfstæðu leikhúsin væru líka úti í kuldunum með gagnrýni hjá fjölmiðlum og hefðu mögulega áhuga á þessu.

Ingvar Bjarnason, Leikfélagi Hafnarfjarðar, spurði hvort eðlilegt væri að leikfélag borgaði manni fyrir að gagnrýna sig.

Porgeir taldi að það yrði að fá fjarlægð með því að hafa Bandalagið sem millilið.

Silja spurði hvort ekki yrði að leysa það hve misvirk leikfélögin væru. Sum félög settu upp fimm sýningar á meðan önnur settu upp eina.

Lárus Vilhjálmsson, Leikfélagi Hafnarfjarðar, benti á að félög þurfi að eyða peningum í kynningar og markaðssetningu og að líta mætti á þetta sem hluta af því.

Nanna Vilhelmsdóttir, Huggleik, benti á þann möguleika að sækja um styrk, t.d. uppá 20 flugsæti, til að fljúga gagnrýnendum á milli svæða. Það væri ekki erfitt að fá fólk til að fara ef það þyrfti ekki að borga kostnaðinn.

Porgeir sagði að kosturinn við hugmyndina væri að þetta

kallaði fyrst og fremst á frumkvæði þeirra sem vildu að þetta yrði gert, ekki á að þessu yrði miðstýrt.

Guðfinna Gunnarsdóttir, stjórnarmaður, benti á að það gætu komið upp vandamál með að fá fólk til að fara á staði sem dýrt er að ferðast til.

Silja spurði hvort athugað hefði verið með að fá svona gagnrýni birta í Morgunblaðinu þeim að kostnaðarlausu. Mögulega útdrátt með tilvísun á netið. Það hefur ekki verið gert. Einar Andrésson, Halaleikhópnum, taldi að helsta vandamálið yrði að finna hæfa einstaklinga til að sinna þessum skrifum.

3. Margt smátt.

Porgeir greindi frá þróun mála varðandi Margt smátt. Hún verður haldin með sama sniði og síðast nema hvað það stefnir í að það komi líka sýningar frá Færeyjum sem gestasýningar. Almenn ánægja með það.

4. Menningarsjóðir sveitarfélaga.

Anna Sigríður Guðmundsdóttir, Leikfélaginu Grímni Stykkishólmi, greindi frá að Grímnir væri í þeirri aðstöðu að þurfa að skipuleggja sig ár fram í tímann þar sem þau þurfi að skila inn styrkumsókn í Menningarsjóð Vesturlands fyrirfram og tilgreina þá verkefni og leggja fram kostnaðaráætlun. Þetta gerði þeim erfitt fyrir.

Guðfinna greindi frá því að á Suðurlandi væri hægt að sækja um tvisvar á ári og líka eftir á.

Ingólfur Þórsson, varaformaður Bandalagsins, sagði að þetta væri eins á Norðurlandi og á Vesturlandi.

Porgeir sagði það mögulega tímabært að Bandalagið skoðaði hvaða áhrif nýja menningarsamningastefnan hefði haft.

5. NEATA-hátíð 2010.

Lárus Vilhjálmsson greindi frá stöðu skipulagningar hátíðarinnar. Hún er í meginatriðum á sama stað og greint var frá á síðasta aðalfundi.

Fyrirkomulag gagnrýni á sýningar rætt. Fólk sammála um mikilvægi þess að fá sem flesta til að mæta á hana.

6. Bandalagsskólinn.

Fyrirspurn um Bandalagsskólann. Hrefna Friðriksdóttir greindi frá stöðu húsnæðismála skólans. Verið er að bíða eftir tilboði frá húsráðendum á Hallormsstað.

Fundi slitið kl. 17.00.

Fundarritari: Ármann Guðmundsson.

Útgáfu Sögu Bandalagsins fagnað í nýju húsnæði að Suðurlandsbraut 16



Bjarni Guðmarsson söguritari t.h. ásamt þeim Þorgeiri Tryggvasyni og Sigrúnu Valbergsdóttur, en þau sátu í ritnefnd ásamt Einari Njálssyni



Hluti viðstaddra gesta – loksins er skrifstofa Bandalagsins með aðgengi fyrir hjólastóla



Svona var ritstjórnin hoppandi glaður þegar bækurnar komu í hús en þá voru rúm 6 ár síðan verkið hófst

Aðalfundur Bandalags Íslenskra leikfélaga, haldinn að Hlíð í Ölfusi 1. og 2. maí 2002

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað. Þorgeir Tryggvason, formaður Bandalagsins, setti fundinn og stakk upp á Sigríði Karlsdóttur og Guðrúnu Höllu Jónsdóttur sem fundarstjórum og Ármanni Guðmundssyni og Sigríði Láru Sigurjónsdóttur sem fundarritum. Samþykkt. Fundurinn er lögmætur.

2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum. Formaður kjörnefndar, Dýrleif Jónsdóttir Leikfélagi Hafnarfjarðar, kynnti stöðu framboðsmála. Atkvæðaspjöldum dreift.

3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd. Hörður Sigurðarson las Menningarstefnu. Engar umræður um hana.

4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá. Guðfinna Gunnarsdóttir kynnti. Eitt félag hefur sótt um aðild, Borgarbörn í Reykjavík, og stjórn samþykkt hana. Fundurinn staðfestir samþykkt stjórnar. Leikfélag Djúpavogs og Reykviska listaleikhúsið hafa sagt sig úr Bandalaginu.

5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd. Fundargerð síðasta aðalfundar borin undir atkvæði. Samþykkt án athugasemda.

6. Skýrsla stjórnar. Þorgeir Tryggvason flutti skýrslu stjórnar.

Aðalfundur Bandalags Íslenskra leikfélaga 2009 – Skýrsla stjórnar

I Stjórn, starfsfólk og stjórnarfundir

Stjórn Bandalagsins var þannig skipuð á starfsárinu: Þorgeir Tryggvason, Hugleik í Reykjavík, formaður Ingólfur Þórsson, Freyvangsleikhúsinu, varaformaður Þórvör Embla Guðmundsdóttir, Umf. Reykdæla, ritari Guðfinna Gunnarsdóttir, Leikfélagi Selfoss, meðstjórnandi Hörður Sigurðarson, Leikfélagi Kópavogs, meðstjórnandi

Í varastjórn sátu þau Ólöf Þórðardóttir, Leikfélagi Mosfellsveitar, Hjalti Stefán Kristjánsson, Hugleik, Halla Rún Tryggvadóttir, Leikfélagi Húsavíkur, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Hugleik og Elva Dögg Gunnarsdóttir, Leikfélagi Hafnarfjarðar.

Við þjónustumiðstöðina störfuðu þau Vilborg Árný Valgarðsdóttir framkvæmdastjóri og Ármann Guðmundsson ritari.

Öllu þessu fólki ber að þakka vel unnin störf á árinu, svo og nefndarfólki og öðrum þeim sem leggja hönd á Bandalagsplóginn.

Sex stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu. Flestir í höfuð-

stöðvunum, en einnig í tengslum við aðalfundinn í Skagafirði og núna hér í Ölfusi. Stjórnarstörf gengu almennt vel fyrir sig. Fundargerðir eru að aðgengilegar á Leiklistarvefnum og birtast einnig í ársritinu.

II Starfsemi leikfélaganna

Aðildarfélög Bandalagsins eru nú 62 talsins. Nákvæmar tölur um fjölda starfandi félaga og verkefna þeirra verða ekki fyrir liggjandi fyrr en styrkumsóknir berast.

Á síðasta leikári voru styrkhæf verkefni 96 (80 leikrit og leikþættir, 16 námskeið) og fullur styrkur reyndist vera 450.000 kr.

Úthlutun styrkja eru sem fyrr eitt ábyrgðar- og fyrirferðarmesta verkefni stjórnar, og víðamesti stjórnarfundur ársins er einatt haldinn um mitt sumar til að fara yfir styrkumsóknir og ganga frá tillögum til menntamálaráðuneytisins.

III Starfsáætlun

Á síðasta aðalfundi var samþykkt starfsáætlun sem nú verður farið yfir og staldrað við hvern lið.

Almenn starfsemi:

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

Á starfsárinu urðu þau tímamót að Bandalagið seldi fasteign sína að Laugarvegi 96 og flutti í ný, glæsileg og þótt fyrst og fremst hentug og aðgengileg húsakynni að Suðurlandsbraut 16. Flutningarnir fóru fram í byrjun september og mæddi vitaskuld mest á starfsmönnum Bandalagsins, þó fleiri hafi lagt hönd á plóg og skal þeim þakkað fyrir framlag sitt. Hin nýja þjónustumiðstöð var síðan formlega opnuð 8. september. Smám saman hefur verið unnið að því að koma starfseminni betur fyrir á nýja staðnum og ljóst að enn eignum við eftir að fullnýta möguleika húsnæðisins. Tími og fjárhagur setja þessari vinnu þó skorður, sem og því forgangsverkefni að gera húsnæðið jafn aðgengilegt fótluðum og það hefur alla burði til að verða.

Kreppunni tókst auðvitað að setja sitt strik í húsnæðismálin. Eins og greint var frá á síðasta aðalfundi var Laugavegsfasteignin seld, en hin nýja leigð, allavega meðan við fyndum okkur varanlegan samastað eða ákvæðum að festa kaup á hinni nýju. Vegna bankahrunsins hefur kaupandi Lauga-vegarins hins vegar ekki getað staðið við sinn hluta og greitt okkur nema fyrstu útborgun. Samið var við hann um að þangað til bankakerfið fer af stað aftur, greiði hann Bandalaginu 200.000 kr. á mánuði, sem er um það bil tveir þriðju húsaleigunnar á Suðurlandsbrautinni. Þetta er vitaskuld engin óskastaða, en vonandi fara hjól fjármálaráðsins að seiglast af stað fljótlega svo hægt sé að ljúka þessu máli.

Framkvæmdastjóri mun gera betur grein fyrir þessari stöðu

þegar reikningarnir verða skýrðir. Um aðra þætti í fastri starfsemi verður síðan fjallað í skýrslum viðkomandi nefnda.

2. *Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.*

Eins og nærri má geta hafa framlög hins opinbera nú ekki hækkað á árinu, og lítil von til að sækja fúlgur í vasa fyrir-tækja. Flatur niðurskurður á fjárlögum kom við okkur eins og aðra og lækkuðu styrkir til starfsemi leikfélaganna úr 28,4 milljónum í 25,9 og styrkurinn til skrifstofunnar lækkaði úr 8,3 milljónum í 7,5.

Fyrir liggur að halda málstað okkar rækilega á lofti á næstu mánuðum gagnvart nýjum stjórnvöldum og nýjum menntamálaráðherra. Og vona að við stöndum sæmilega af okkur fyrirsjáanlegan niðurskurð í fjármálum ríkisins.

3. *Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleiksfyrirbætur ársins.*

Á síðasta aðalfundi tilkynnti Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri að sigurvegari keppinnar leikárið 2007–2008 væri uppsetning Halaleikhópsins og Guðjóns Sigvaldasonar á Gaukshreiðrinu. Halamenn mættu í Þjóðleikhúsið snemmsumars og tókst það allt saman hið besta.

Sérverkefni ársins:

1. *Halda áfram undirbúningi NEATA-hátíðar 2010 og hefja fjármögnun hennar, m.a. með umsókn í menningarsjóð ESB.*

Skýrsla undirbúningsnefndar verður flutt undir liðnum skýrslur nefnda.

2. *Hefja skönnun á handritasafni Bandalagsins.*

Í tengslum við flutninga þjónustumiðstöðvarinnar var skipt um ljósritunarvél, enda sú gamla orðin nokkuð brokkgeng eins og gengur. Sú nýja er hinsvegar nútímavædd fjölnotamaskína sem meðal annars skannar pappirsgögn og vistar sem stafrænar eftirmyndir. Skönnun á handritasafninu er því hafin, og vindur ágætlega fram. Það hyllir því undir að við höfum komið þessu stærsta leikhandritasafni landsins á stafrænt form, sem verður að teljast mikið menningarprifamál.

3. *Margt smátt verði haldin í haust í svipuðu formi og verið hefur.*

Hátíðin hefur farið marga kollsteypuna á árinu, en nú bendir allt til þess að hún verði haldin með pomp og prakt laugar-daginn 23. maí. Undirbúningsnefnd flytur skýrslu með nánari útlistunum undir liðnum skýrslur nefnda.

4. *Starf handritasafnsnefndar haldi áfram í samræmi við bókun síðasta aðalfundar og að stjórn móti frekar hlutverk nefndarinnar.*

Handritasafnsnefnd mun flytja skýrslu sína undir liðnum skýrslur nefnda.

5. *Skólanefnd skoði möguleika á að skipuleggja næsta vetur námskeið um stjórnun leikfélaga, kynningarmál og umfjöllun/gagnrýniskrif um leiksýningar.*

Námskeið um stjórnun leikfélaga og kynningarmál var haldið í tengslum við haustfund. Enn hefur ekki orðið af gagnrýnendanámskeiði, en sú hugmynd er geymd en ekki gleymd.

6. *Að haldinn verði haustfundur 2008.*

Haustfundur var haldinn í nýjum húsakynnum Leikfélags Kópavogs. Fundurinn hófst reyndar á fyrirlestrum nokkurra stjórnar-, varastjórnar- og starfsmanna Bandalagsins um ýmislegt sem lýtur að stjórn leikfélaga, kynningarmálum og fleiru. Það fer ekki vel á því að ég tjái mig um ágæti námskeiðsins, en fundurinn var prýðilegur. Fundargerð hans er að finna á leiklist.is.

Í tengslum við fundinn lauk síðan einni af lengri framhaldssögum síðustu ára þegar haldið var útgáfuteiti Sögu Bandalagsins, Allt fyrir andann. Bók Bjarna Guðmarssonar er afbragðs rit og skyldueign á heimili hvers áhugaleikara, enda verður hún til sölu hér á þinginu. Bókin hlaut ágæta dóma hjá sjálfum Jóni Viðari Jónssyni sem skrifaði í DV að hér væri komið fram mikilvægt rit í sögu íslenskrar leiklistar.

7. *Mótaðar verði tillögur að skipulegri umfjöllun um leiksýningar áhugaleikfélaganna, t.d. með stofnun sjóðs sem Bandalagið annarsvegar og áhugaleikfélögin hinsvegar greiða í árlega til að standa straum af kostnaði.*

Á fyrrnefndum haustfundi setti Hörður Sigurðarson fram hugmyndir um fyrirkomulag umfjöllunar á leiklist.is. Gengu þær út á að leikfélög einstakra landshluta bindust samtökum um að standa straum af kostnaði við þóknun fyrir skrif á því svæði. Hugmyndirnar þóttu góðar, en svo fór þó að þeim hefur hvergi verið hrint í framkvæmd. Vel má vera að meiri eftirfylgni frá stjórn Bandalagsins þurfi til að koma þessu af stað.

IV Erlent samstarf

NAR

Eins og fram kom á síðasta aðalfundi þá hefur Norræna áhugaleikhúsráðið, NAR, misst sína fjárhagslegu stöðu með skipulagsbreytingum innan norrænnar samvinnu. Stefnt er að því að samstarfið haldi áfram á grundvelli þátttökugjalda og umsókna um styrki til einstakra verkefna. Fyrst um sinn er stefnt að því að halda árlegan fund þar sem sameiginleg baráttumál og menningarpólitískar áherslur verða ræddar. Leifarnar af starfsemi NAR eru þó enn til staðar. Síðustu tvö verkefni sem síðustu fjárveitingarnar dugðu fyrir eru í vinnslu einmitt núna.

Annarsvegar er um að ræða samnorrænt barnaleikritaverkefni. Hvert land leggur til eitt barnaleikrit, sem síðan er þýtt á hin norðurlandamálin og gefst aðildarfélögum viðkomandi bandalaga kostur á að setja þau upp án höfundagreiðslna í tvö ár. Verkefnið er í vinnslu og framlag Íslands er Uppreisn Æru eftir Ármann Guðmundsson.

Hitt verkefnið er þátttaka Færeyinga í Mörgu Smáu, sem verður reyndar ekki af núna í maí, en vonandi næst, eins og nánar verður komið inn á undir skýrslu Margs smás.

SENTRAMÓT

Fundur starfsfólks þjónustumiðstöðvanna á Norðurlöndum er haldinn reglulega. Í nóvember var slíkt mót haldið á Íslandi og tókst með ágætum.

NUTU

Samstarf ungmenna í áhugleikhúsinu á Norðurlöndum hefur blómstrað undanfarin ár. Sumarskóli NUTU starfar af krafti og vonir standa til að þessi þáttur samstarfsins hljóti náð fyrir augum styrkveitingavaldsins áfram. Stefnt er að því að víkka samstarf þetta út þannig að eystrasaltslöndin verði með. Fulltrúi Íslands í NUTU-nefndinni er Alma Mjöll Ólafsdóttir.

NEATA

Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og nefndarmenn vegna NEATA-hátíðarinnar 2010 sóttu aðalfund NEATA í Riga sl. sumar. Þar tók Ísland að sér umsjón með vef NEATA, sem hefur verið í umsjá Danmerkur. Ekki hefur enn orðið af þessum skiptum en stefnt er að því að nýta vefinn meira en áður hefur verið gert til að kynna hátíðina 2010.

HÁTÍÐIR

Rígfundurinn var haldinn í tengslum við leiklistaráttíð NEATA. Fulltrúar Íslands voru Hugleikur og Leikfélag Kópavogs sem sýndu Bingó eftir Hrefnu Friðriksdóttur í leikstjórn Ágústu Skúladóttur við frábærar undirtektir.

V Lokaorð

Við lifum mikla óvissutíma. Vafasamt er að við getum á vísan róið hvað varðar styrkveitingar og stuðning við starfsemi áhugaleikhússins. Á hinn bóginn er ekkert sem bendir til annars en að kjarni starfseminnar sé traustur. Vinnugleði, sköpunarkraftur og almenn uppátækjasemi áhugaleiklistarfólks er í góðum gir. Og það skiptir mestu. Dragðu ekki það að leika – leikum núna.

Reykjavík 30. apríl 2009

Þorgeir Tryggvason, formaður.

7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.

Ársreikningur Bandalags Ísl. leikfélaga fyrir árið 2008 er um margt ólíkur reikningum fyrri ára.

Þetta er það helsta:

1. Við seldum húseignina að Laugavegi 96.
2. Við gerðum leigusamning vegna húsnæðis að Suðurlandsbraut 16.
3. Við gáfum loksins út Sögu Bandalagsins sem verið hefur í vinnslu í nærri áratug.
4. Við tókum ljósritunarvél á kaupleigu til 4 ára.

Hrun bankanna kom víða við í okkar rekstri eins og annarra. Fyrst má nefna að kaupanda að Laugavegi 96 tókst ekki að fá lán til greiðslu eftirstöðva kaupverðs sem greiða átti við afhendingu, upphæðin er 23,3 milljónir kr. Við hann var samið í janúar um greiðslu vaxta mánaðarlega að upphæð 200.000 kr. Hluti þessara peninga var greiddur fyrir áramótin en restin var greidd í janúar. Samningurinn við hann gildir fram í júlí en þá skal athugað hvernig bankamálum í þessu landi líður. Þessar 23,3 milljónir áttu annars að fara inn á bankareikning og vextirnir að borga húsaleiguna að fullu.

Annað er að gengi krónunnar var svo óhagstætt síðustu mánuði ársins að vörur í verslunina hækkuðu um helming í innkaupum og sér á að hagnaður af sölu fördunarvara er ekki

nema um 400.000 kr. en var um 800.000 kr. árið áður. Vörubirgðir í árslok voru af þessum sökum umtalsvert verðmeiri og þótti endurskoðendum okkar rétt að breyta uppsetningu í ársreikningnum og færa mismun birgða milli ára á rekstarreikning (sjá bls. 4) í Kostnaðarverð seldra vara. Þar inni eru auðvitað líka bókabirgðir uppá ríflega 2 milljónir kr. Þetta skekkir heildar-niðurstöðu á þessum lið miðað við síðustu ár en verður fært svona framvegis.

Við gerðum leigusamning vegna nýja húsnæðisins í ágúst til tveggja ára. Hann er náttúrulega bundinn vísitölu neysliverðs og hefur hækkað reglulega milli mánaða. Upphæðin var 280.000 kr. í upphafi en er orðin 307.000 kr. núna Þetta er auðvitað ansi súrt í þessu árferði þegar leiguverð hefur lækkað umtalsvert að sögn kunnugra. Það sama má segja um samning vegna kaupleigu á ljósritunarvél, mánaðarlegar afborganir hafa hækkað úr 35.000 kr. í 41.000 kr. frá 1. september.

Svo merkilegt sem það nú er þá var eins og allt sem krafðist verulegra útgjalda á árinu þyrfti að gerast í kringum banka-hrunið. Við gáfum loks út Sögu Bandalagsins og var ekki að sökum að spyrja, samningur um prentun var í evrum og hækkaði upphæðin úr ríflega 500.000 kr. í 900.000 kr. frá því hann var gerður um sumarið og þar til bókin kom úr prentun í október. Kostnaður við útgáfuna var um 1.250.000 kr. á árinu en ég hef tekið það saman að allur kostnaður frá upphafi vinnu við bókina er um þrjár og hálf milljón kr. samtals. Við seldum bækur fyrir tæpar 600 kr. þúsund á árinu en eitthvað að þeim kom til baka frá bókabúðum eftir áramótin.

Við skipulögðum norrænt skrifstofumót í nóvember. Hingað komu kollegar okkar Ármanns frá hinum norðurlöndunum til helgarfundar. Okkur tókst að græða smávegis á þeim, það er það eina sem við þökkum gengishruninu fyrir, en eftir sátu í okkar fórum um 350.000 kr. þegar upp var staðið.

Flutningunum sjálfum fylgdu heilmikil útgjöld, en í þá og ýmsan kostnað við að koma sér fyrir á nýja staðnum fóru u.þ.b. ein og hálf milljón króna.

Ef við förum yfir niðurstöður ársreikningsins þá er hagnaður ársins af rekstri tæpar 8 milljónir króna. Þar af er söluhagnaður vegna fasteignar um 6 milljónir króna en það er eins og áður sagði ógreitt ennþá. Styrkur ríkisins hækkaði um tæpar 3 milljónir króna og vaxtatekjur voru tæpar milljón.

Á efnahagsreikningi eru eigið fé og skuldir tæpar 31,7 milljónir króna, fasteign þurrkast út en útistandandi kröfur eru uppá tæpar 24 milljónir króna, 1,7 milljón króna liggja á bankareikningi sem trygging fyrir 6 mánaða húsaleigu, vörubirgðir þ.e. farði og bækur eru tæpar 5 milljónir króna, yfirdráttarlán stóð í 1,4 milljón króna um áramótin og aðrar skuldir voru tæpar milljón.

Óvenjulegt ár og óvenjulegar tölur svo ekki sé meira sagt.

Vilborg Árný Valgarðsdóttir, framkvæmdastjóri.

8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.

Magnús J. Magnússon, Leikfélagi Hornarfjarðar og Leikhópnum Lopa, sagði að erfitt væri að ræða þessa reikninga, þeir væru svo ólíkir öllu sem við hefðum áður séð. En hann hvatti leikfélögin til að styðja fjárhagslega við bakið á Bandalaginu ef allt fer á versta veg.

Silja B. Huldudóttir, Hugleik, spurði hvort það gæti haft áhrif á ríkisvaldið að við ættum milljónir í eignum, hvort það mundi mögulega ætlast til að við notuð það fé í rekstur þjónustumiðstöðvarinnar.

Þorgeir Tryggvason benti á að við hefðum átt þetta í nokkurn tíma, bara í formi fasteignar, og það virtist ekki hafa truflað neinn.

9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.

A. Skýrsla skólanefndar, Hrefna Friðriksdóttir flutti.

Skýrsla skólanefndar á aðalfundi BÍL 1.–2. maí 2009.

Rétt er að gera fyrst grein fyrir námskeiðum umliðins árs. Leiklistarskólinn var settur í 12. sinn 7. júní 2008 að Húsabakka í Svarfaðardal. Skólann sóttu alls 41 nemandi en þar voru í boði 3 námskeið:

1. Leiklist II, kennari Ágústa Skúladóttir, nemendur voru 18 talsins, þetta námskeið var haldið í framhaldi af Leiklist I sumarið 2007.
2. Sérnámskeið fyrir leikara, kennari Rúnar Guðbrandsson, nemendur voru 13, þetta námskeið var með svipuðu sniði og Rúnar bauð upp á árið 2005.
3. Grunnnámskeið í leikritun, kennari Bjarni Jónsson, en það sóttu alls 10 nemendur. Þetta námskeið var haldið til að koma til móts við vaxandi fjölda leikskálda innan Bandalags íslenskra leikfélaga en ekki hafði verið boðið upp á grunnnámskeið í leikritun síðan 2002.

Umsóknir um skólavist 2008 voru nokkuð fleiri en unnt var að anna og niðurstaða viðhorfskönnunar benti til mikillar ánægju með skólastarfið.

Auglýst var framhaldsnámskeið í leikhúsförðun undir stjórn Grétu Boða á október 2009 en einungis 6 sóttu um svo ákveðið var að fella námskeiðið niður.

Talsverðar umræður urðu um tækninámskeið. Í kjölfar niðurstöðu könnunar meðal leikfélaganna um þörf fyrir ljósanámskeið var ákveðið að ráðast í slíkt. Skólanefnd ræddi við Egil Ingibergsson sem var með mjög spennandi hugmyndir um byrjenda- og framhaldsnámskeið í samþættingu tæknibragða, fyrst og fremst ljós-, hljóð- og vídeó/tölvutækni. Haldið var byrjendanámskeið í húsnæði Listaháskólans í janúar og febrúar 2009 og það sóttu alls 12 nemendur.

Næst er að segja frá fyrirhuguðum námskeiðum. Þar er fyrst að nefna sérnámskeið Egils Ingibergssonar um samþættingu tækni í leikhúsinu. Þetta námskeið er hugsað sem eins konar framhald af námskeiðinu sem haldið var fyrr á þessu ári en einnig eru velkomnir nemendur sem hafa grunn annars staðar frá. Það eru nokkur vonbrigði hversu fáir hafa sótt um. Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til 4. maí nk. og vil ég nota þetta tækifæri til að hvetja alla viðstadda til að skoða gaumgæfilega þetta einstaka tækifæri. Ég vil einnig hvetja sérstaklega alla formenn eða fulltrúa þeirra til að grandskoða hvort ekki eru einhverjir félagsmenn sem vantar einmitt að fara á svona námskeið. Ef næg þátttaka fæst þá verður námskeiðið haldið 27. maí til 1. júní í húsnæði Listaháskóla Íslands. Markmiðið með námskeiðinu er að þátttakendur fái innsýn í heim tæknisamþættingar. Og eins og Egill segir: „Með því að nýta sér þessa tækni má ... framkvæma galdra

sem næstum væru óhugsandi.“

Haldin verða 3 námskeið í Svarfaðardalnum frá 13.–21. júní nk. Þau eru:

1. Framhaldsnámskeið í leikritun, kennari Bjarni Jónsson
2. Röðdin í leikhúsinu, kennari Þórhildur Örvarsdóttir
3. Sérnámskeið fyrir leikara, kennari Rúnar Guðbrandsson

Það fylltist mjög hratt og örugglega á öll þessi námskeið, skráðir þátttakendur koma frá 11 leikfélögum og nokkrir eru á biðlista.

Þá gerum við ráð fyrir að bjóða upp á námskeið í leikmynda-, búningahönnun og leikgervum næsta haust en það verður nánar auglýst síðar.

Og svo eru það húsnæðismálin.

Eins og sumarið 2007 urðum við að vera án litla leikfimis-salarins að Húsabakka sumarið 2008 en kennurum tókst af stakri lipurð og góðum vilja að nýta það rými sem var í boði. Húsnæði og aðstaða var að öðru leyti óbreytt. Við fréttum af ákvörðun bæjarstjórnar Dalvíkur um að stofna Náttúrusetun að Húsabakka og ráðningu Hjörleifs Hjartarsonar sem verkefnisstjóra. Fyrirhugaðar eru breytingar á húsnæðinu sem gætu haft áhrif á framtíð skólans á staðnum en þessu fylgja hugsanlega hvort tveggja kostir og gallar. Þannig er rætt um að bæta aðgengi fatlaðra en einnig hugsanlega að breyta hluta húsnæðisins þannig að það nýtist síður sem kennslurými. Við hlökkum til að heyra frekar af þessum ráðagerðum.

Á síðasta aðalfundi var sagt frá hugmynd um skólahald á Hallormsstað en þessum hugmyndum var fylgt eftir á liðnu ári. Ég vil, eins og í fyrra, þakka Þráni Sigvaldasyni, fyrrverandi formanni Leikfélags Fljótsdalshéraðs, sérstaklega fyrir ómældu aðstoð í þessum efnum. Ég fór ásamt Vilborgu framkvæmdastjóra til að skoða húsnæðið betur og funda með þeim sem öllu ráða á staðnum. Strax kom í ljós að ekki yrði hægt að koma til móts við þá drauma sem við höfðum um afnot af húsnæði, a.m.k. alls ekki sumarið 2009. Við ákváðum að skoða alla möguleika, fengum tilboð í tiltekinn hluta húsnæðisins fyrir sumarið 2009 en þar sem húsnæðið hentaði alls ekki fyrir fatlaða tóku skólanefnd og stjórn Bandalagsins að lokum ákvörðun um að hafna því. Draumurinn um Hallormsstað er þó ekki alveg dáinn, það er búið að taka ákvörðun um að ráðast í byggingarframkvæmdir á staðnum sem að gætu opnað frekari möguleika fyrir okkur og við ætlum okkur að fylgjast vel með framvindu mála.

Þess má geta að nýlega barst tilboð frá staðarhöldurum að Núpi í Dýrafirði. Þeir hafa því miður staðfest að þarna er ekki aðgengni fyrir fatlaða auk þess sem tilboð þeirra er allmikið hærra en við eigum að venjast.

Þá vil ég segja frá því að skólanefnd hefur hafið undirbúning að því að senda öllum sveitastjórnnum landsins fyrirspurn um vænlegt húsnæði. Verður bréf sent fljótlega.

Að lokum – skólanefndin sér fram á skemmtilegt og krefjandi skólaár eins og ævinlega og ég þakka samnefndarkonum mínum vel unnin störf.

Skólanefnd:
Hrefna Friðriksdóttir
Dýrleif Jónsdóttir
Herdís Þorgeirsdóttir

Gunnhildur Sigurðardóttir
Sigríður Karlsdóttir

Umræður

Sólveig Rögnvaldsdóttir, Leikfélagi Dalvíkur, bauð fram Ungó, leikhúsið á Dalvík, ef það gæti nýst skólanum.

B. Skýrsla NEATA-nefndar, Guðrún Halla Jónsdóttir flutti. NEATA-hátíð á Akureyri 3.–8. ágúst 2010.

Í nefndinni, sem skipuð var af stjórn eftir síðasta aðalfund, eru:

Lárus Vilhjálmsson, formaður
Guðrún Halla Jónsdóttir
Hörður Sigurðarson
Ólöf Þórðardóttir

Aðstaða á Akureyri

Búið er að ræða við Akureyrarbæ um afnot af Hofi, nýja glæsilega menningarhúsinu þeirra Akureyringa. Það verður tilbúið í ágúst 2010 og gæti okkar hátíð verið með fyrstu viðburðum í húsinu. Þar yrði pláss fyrir allar leiksýningar, leiksmiðjur, gagnrýni, hátíðarklúbb, þjónustumiðstöð og jafnvel mötuneyti. Þegar þetta er skrifað er ekki komið svar frá rekstarstjórn hússins um hvort þetta er mögulegt en ekki var fyrirhugað að opna húsið formlega fyrr en í endaðan ágúst.

Vilborg og Guðrún Halla fóru til Akureyrar í apríl, skoðuðu Hof og bókuðu gistiþláss fyrir alla þátttakendur á eftirtöldum gistiheimilum:

Gulu villunni, hún tekur 50 manns í tveimur húsum, Gistiheimilinu Súlum, það tekur líka 50 manns í tveimur húsum og svo hjá Gistiheimilum Akureyrar, en þau eru í nokkrum húsum í miðbænum. Þar bókuðum við fyrir 50–60 manns. Meðalverð á gistingu með morgunverði er 5500–6000 kr. á mann nóttin, fyrir tveggja manna herbergi með salerni og sturtu á gangi.

Fjármögnun

Í dag erum við ekki búin að fá loforð fyrir einni krónu til þessa verkefnis. Frá síðasta aðalfundi hefur verið sótt um styrk frá Evrópusambandinu, en þaðan kom neitun um miðjan apríl. Fyrir liggur að sækja um til Nordisk Kulturfond, frestur er til 1. september; menntamálaráðuneytis, núna þegar komin er nýr menntamálaráðherra; og til Akureyrarbæjar (sú umsókn er farin); og svo einhverra fyrirtækja.

Kostnaðaráætlun vegna hátíðarinnar er uppá 15–20 milljónir króna þannig að ljóst er að núna þarf að leggjast á árárnar af fullum þunga til að útvega peninga ef eitthvað á að geta orðið af þessu verkefni.

Umræður

Ása Hildur Guðjónsdóttir, Halaleikhópnum, spurði um aðgengi á gististöðum á Akureyri. Guðrún Halla sagði að það hefði verið haft í huga við val á gistiheimilum.

C. Skýrsla handritasafnsnefndar, Ármann Guðmundsson flutti. Skýrsla handritasafnsnefndar 2009.

Handritasafnsnefnd skipa Ármann Guðmundsson, Hrefna Friðriksdóttir og Örn Alexandersson. Nefndin fundaði tvisvar á leikárinu. Samkvæmt skipunarbréfi sínu á nefndin „að móta tillögur að framtíðarskipulagi og hlutverki handritasafns Bandalagsins“ og er sú vinna í gangi þótt því miður hafi ekki tekist að ljúka henni fyrir þennan aðalfund sökum anna nefndarmanna. Ætlunin er þó að skila hugmyndum nefndar-

innar til stjórnar á næstu vikum.

Af handritasafninu er það frétt að fjöldi titla mun væntanlega fara langleiðina í 3000 þegar handrit skila sér inn frá Bandalagsfélögum og atvinnuleikhúsum í vor og nú eru hátt í 600 titlar til í tölvutæku formi, ýmist í PDF- eða doc-formati. Stefnt er að því að að minnsta kosti annað eins í viðbót verði orðið tölvutækt í lok árs.

Núna fljótlega er ætlunin að hleypa (loksins segja væntanlega einhverjir) af stokkunum Lestrahestaverkefninu þar sem áhugasamir geta fengið send leikrit og skrifað útdrátt úr þeim og lagað ófullkomnar skráningar. Verður þeim sem skráð hafa sig í þetta verkefni á næstu dögum send leikrit og skjal til að færa inn á þær upplýsingar sem skrá þarf. Þeir sem vilja bæstast í hópinn er bent á að skrá sig hjá undirrituðum hér á fundinum, þeir sem hafa þegar skráð sig þurfa ekki að gera það aftur.

F.h. handritasafnsnefndar, Ármann Guðmundsson.

Umræður

F. Elli Hafliðason, Leikfélagi Selfoss, spurði í hverju Lestrarhestaverkefnið fælist. Ármann sagði það sem lestrarhestar þyrftu að gera væri að gera ca. 10 lína útdrátt af söguþræði leikrita og laga skráningar sem fyrir eru ef ástæða er til.

Ásta Margrét Grétarsdóttir, Leikfélagi Ölfuss, spurði hvort senda ætti Bandalaginu leikrit sem slegin hefðu verið inn upp úr eldri handritum. Ármann svaraði því játandi.

D. Skýrsla Margt smátt-nefndar, Ármann Guðmundsson flutti. Skýrsla framkvæmdanefndar stuttverkahátíðarinnar Margt smátt 2009.

Nefndina skipa þau Hjalti Stefán Kristjánsson og Hrund Ólafsdóttir ásamt undirrituðum og hefur hún fundað tvisvar á leikárinu.

Á síðasta aðalfundi var ákveðið að stefna að því að halda Margt smátt sl. haust en vegna þess hve þétt sýningarplan Borgarleikhússins var reyndist það ekki mögulegt. Eftir ágætan fund með nýjum Borgarleikhússtjóra, Magnúsi Geir Þórðarsyni og dramatúrg Borgarleikhússins, Hafliða Arngrímssyni, þar sem niðurstaðan var að maí hentaði sennilega báðum aðilum best úr því sem komið var, gafst okkur kostur á að velja á milli 16. eða 23. maí og varð síðarnefnda dagsetningin fyrir valinu þar sem hin þótti helst til nálægt aðalfundi.

Síðan gerðist það að á NAR-fundi sagði Þorgeir formaður okkar norrænu vinum frá hátíðinni og vakti hún þar talsverðan áhuga, sérstaklega hjá Færeyingum en þeir hafa einmitt verið að nota módelið okkar að Bandalagsskólanum. M.a. fengu þeir Karl Ágúst Úlfsson til að vera með leikritunárnámskeið þar sem unnið var með stuttverk og þau svo sýnd við gríðarlegan fögnuð. Það var því ákveðið að bjóða þeim að senda nokkur verk á Margt smátt sem þeir og hugðust gera en því miður kom í ljós að dagsetning hentaði þeim engan veginn því að MÁF er einmitt með leiklistarskóla sinn þessa sömu helgi. Þegar ekki tókst að finna aðra hentugri dagsetningu í vor var ákveðið að halda áfram með hátíðina eins og upphaflega var ætlað en skipuleggja næstu hátíð þannig að gestasýningar frá Færeyjum (og þess vegna fleiri Norðurlöndum) geti tekið þátt. Og það jafnvel strax næsta haust.

En aftur að sjálfri hátíðinni. Ákveðið var að hafa hana með sama sniði og síðustu hátíð sem þótti takast ákaflega vel og enda svo daginn með partýi þar sem þátttakendur og aðrir áhugaleikarar hittast, borða saman og skemmta sér og öðrum. Ekkert forval verður annað en tímarammi sýninga sem er 15 mínútur í hámark á hverja sýningu og heildartímarammi hátíðarinnar sem er 4 tímar. Ef að útlit er fyrir að hann verði sprengdur verður þeim leikfélögum sem flestar sýningar leggja fram gert að fækka þeim uns tímaramma er náð.

Í dag, daginn sem auglýstur umsóknartími rennur út, hafa 2 félög sótt um með alls 9 sýningar en við í undirbúningsnefnd hvetjum eindregið fleiri félög til að senda leikverk og sérstaklega væri gaman að sjá fleiri sýningar frá félögum utan af landi. Það skal ítrekað að ekki er skilyrði að um frumflutning á verki sé að ræða og er undirritaður boðinn og búinn að veita félögum aðstoð við leit að verkum. Einnig ætlum við að lengja frestinn til að skila inn umsóknum fram til mánudagins 4. maí og vonum að það verði til þess að fleiri félög sæki um.

*F.h. framkvæmdanefndar,
Ármann Guðmundsson.*

*E. Skýrsla vefnefndar, Hörður Sigurðarson flutti.
Leiklistarvefurinn – Skýrsla vefnefndar 2009*
Lögð fram á aðalfundi Bandalags íslenskra leikfélaga á Hótel Hlíð í Ölfusi 1.–2. maí 2009.

Rekstur á Leiklistarvefnum er orðinn svo venjubundinn að nánast væri hægt að endurtaka skýrslu síðasta árs með örfáum breytingum. Í vefnefnd eru undirritaður og starfsmenn skrifstofu. Engar meiriháttar breytingar voru gerðar á vefnum á liðnu ári en nokkrar þó. Vefnefnd hefur komið saman til eins formlegs fundar á árinu og voru á þeim fundi lögð drög að þeim breytingum sem gerðar voru á liðnu ári. Auk þess eru starfsmenn skrifstofu og Lénsherra í sambandi í hverri viku vegna ýmissa mála og því hefur ekki reynst þörf á formlegra fyrirkomulagi funda.

Ekki er víst að allir átti sig á þeirri fjölbreyttu þjónustu sem veitt er í gegnum vefinn og er því hér talið upp það helsta. Á Leiklistarvefnum er að finna:

- Fréttir af aðildarfélögum Bandalagsins, sýningum á þeirra vegum og öðrum viðburðum.
- Fréttir af leiklist á Íslandi í víðu samhengi.
- Handritasafn Bandalagsins þar sem hægt er að leita að verkum eftir fjölbreyttum skilyrðum.
- Upplýsingar um vörur í verslun þjónustumiðstöðvar.
- Spjallborð um leiklistartengd málefni.
- Eyðublöð vegna umsókna um styrki og fleira.
- Upplýsingar um námskeið og leiklistarhátíðir innanlands sem utan.
- Upplýsingar um öll aðildarfélög BÍL og tenglar á vefi þeirra sem hafa slíka.
- Upplýsingar um félög og stofnanir sem sinna eða tengjast leiklist á Íslandi sem og utanlands.
- Upplýsingar um leiklistarnám á Íslandi sem og utanlands.
- Greinar og umfjöllun um leiksýningar og ýmislegt annað sem tengist leiklist.
- Upplýsingar um leikstjóra sem gefa kost á sér til vinnu með áhugaleikfélögum.
- Upplýsingar um leiklistartengda styrki.
- Fundargerðir stjórnar- og aðalfunda BÍL.
- Upplýsingar um Leiklistarskóla Bandalagsins.

Eins og venjulega eru það starfsmenn þjónustumiðstöðvar sem sinna að mestu daglegum rekstri með því að setja inn

fréttir og viðburði auk þess að sjá um uppfærslu leikritasafns. Í skýrslu síðasta árs kemur fram að mjög hafi dregið úr gagnrýni og umfjöllun um leiksýningar á vefnum en það hefur hinsvegar ræst töluvert úr því á liðnu ári og er það gleðilegt. Nokkuð hefur verið um að nýir gagnrýnendur hafi fjallað um leiksýningar og vonandi að svo verði áfram.

Þá er jafnframt gleðilegt að félög virðast orðin duglegri að senda inn fréttir af starfinu en það hefur frá upphafi verið vandamál hve mikill tími hefur farið í að sækja fréttir til félaga. Það má hinsvegar ítreka hér þá árlegu bón að félög verði enn duglegri í þeim efnum.

Tæknilega hefur reksturinn gengið betur en undanfarin misseri og engin stærri vandamál komið upp. Til að minnka álag á vefmiðlara var tekin sú ákvörðun að minnka skráningu á aðsókn og því hefur ekki verið tekin saman tölfræði um hana eins og oftast. Hinsvegar er ekki annað að merkja en að aðsókn sé í svipuðu horfi og undanfarið og jafnvel aukning ef eitthvað er.

Helstu breytingar sem gerðar hafa verið á vefnum á liðnu ári eru eftirfarandi:

Settur hefur verið upp svokallaður fréttabréfs- og póstlistamódúll. Hann gerir starfsmönnum það kleift að halda utan um marga mismunandi póstlista og senda út fréttabréf af ýmsu tagi. Nú er þegar byrjað að senda út í lok hvernar viku, fréttabréf sem innihalda allar fréttir liðannar viku af vefnum. Skráðir notendur á Leiklistarvefnum geta sjálfir skráð sig á póstlista og er stefnt að því að innan skamms verði mest af þeim miklu upplýsingum sem flæða frá skrifstofunni s.s. formanna-pósturinn, send með hjálp fyrrnefndrar fréttabréfseiningar. Skráning leikritasafns hefur jafnframt verið bætt umtalsvert og verið er að vinna í að einfalda skráningarferlið.

Ýmis sóknarfæri eru í sölu auglýsinga á vefinn en eins og stundum er ekki mannskapur né tími til að sinna því. Einstaka leikfélög og tengdir aðilar hafa keypt auglýsingu á undanfögnu ári og þó þar sé ekki um háar upphæðir að ræða munar vefinn þó um þær.

*Fyrir hönd vefnefndar,
Hörður Sigurðarson.*

Umræður

Árný Leifsdóttir, Leikfélagi Ölfuss, sagði það synd hversu lítið spjallið væri notað. Hörður sagði ýmislegt hafa verið reynt til að hleypa lífi í spjallið en án sjáanlegs árangurs. T.d. væri möguleiki að nýta spjallið fyrir ákveðna hópa eins og lestrarhesta.

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir lagði til að spjallið yrði opnað fyrir nafnlausar skráningar þar sem það væri líklegast til að lífga við spjallið.

10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfs-hópa.

Ingólfur Þórsson kynnti tillögur að starfsáætlun næsta leikárs og skipti fundargestum í vinnuhópa.

Tillaga stjórnar að starfsáætlun Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2009–2010:

Almenn starfsemi:

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

3. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins.

Sérverkefni ársins:

1. Halda áfram undirbúningi NEATA-leiklistarhátíðar á Akureyri í ágúst 2010.

2. Halda Íslensk-Færeyska stuttverkahátíð í Reykjavík haustið 2009.

3. Halda haustfund haustið 2009 helgaðan leiklistarhátíðinni á Akureyri.

11. *Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.*

Þórvör Embla Guðmundsdóttir gefur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnasetu en Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Hjalti Stefán Kristjánsson og Ólöf Þórðardóttir gefa kost á sér í aðalstjórn.

12. *Lagabreytingar.*

Engar lagabreytingartillögur lágu fyrir fundinum.

13. *Tillögur lagðar fyrir fundinn.*

Lið frestað þar til eftir hópavinnu sem hófst þar með.

14. *Starfsáætlun afgreidd.*

Kynntar niðurstöður úr hópavinnu.

Silja Björk Hulduvottir kynnti hugmyndir hóps 1:

Almenn starfsemi

1) Almenn ánægja er með rekstur þjónustumiðstöðvarinnar sem og Leiklistarskólann. Hins vegar var gagnrýnt að ekki hefði verið haldið byrjendanámskeið tvö ár í röð og ítrekað mikilvægi þess að halda í þá meginreglu að hafa byrjendanámskeið annað hvort ár.

Mikið var rætt um Leiklistarvefinn og möguleika þess að tengja hann betur við Facebook. Lagt til að Facebook verði nýtt til þess t.d. að senda út boð á Margt smátt, aðalfundi, haustfundi, Athyglisverðustu áhugaleiksýningu í Þjóðleikhúsinu o.s.frv. Mikill áhugi var fyrir því að virkja spjallið með því að opna það alveg (eins og var), en setja inn flípa eða hnapp þar sem hægt sé að tilkynna vefstjóra um óviðeigandi ummæli með einum smelli (sambærilegt við það sem finna má á Eyjunni og Mbl.is). Með þessu móti væri búin til innri ritskoðun, sem þýðir að vefstjóri þurfi ekki einn að fylgjast með athugasemdum.

Opnun hins almenna spjalls útiloki hins vegar ekki að líka verði stofnaðir lokaðir hópar fyrir sérverkefni og nefndir. Fram kom ósk um að á Leiklistarvefnum verði kynning á leikfélagi mánaðarins. Einnig var óskað eftir því að myndir á vefnum væru stærri og að búin verði til sérstök myndasíða.

2) Í hópnum komu fram áhyggjur af styrkjamálum og var rætt um að hugsanlega þyrfti fyrst og fremst að vinna varnarsigra í þeim efnunum, þ.e. að halda í það sem við höfum. Fram kom að mikilvægt væri á þessum umbrotatímum að leggja ekki aðeins áherslu á hið menningar- og félagslega hlutverk áhugaleikhússins í leiklistarflóru landsins heldur ekki síður á hið

mannbætandi hlutverk starfseminnar. Þannig þyrfti nauðsynlega að halda því betur á lofti að þátttakendur í áhugaleikfélögum öðlast með leiklistarstarfi sínu aukna félagslega færni sem nýst getur þeim á mörgum öðrum sviðum samfélagsins, t.d. á atvinnumarkaði. Í raun megi segja að það séu ákveðin sóknarfæri nú á tímum atvinnuleysis.

Þeirri spurningu var velt upp hvort leikfélögin geti leitað eftir samstarfi við Vinnuálastofnun og sveitarfélögin á hverjum stað og boðið þeim (gegn greiðslu) að skipuleggja og halda utan um námskeið eða leiklistarstarf fyrir atvinnulausa sem og börn og unglíngla - sem vantar að hafa eitthvað fyrir starfi. Var t.d. nefnt námskeið fyrir 18–25 ára ungmenni í sumar sem ekki fái vinnu.

Einnig var þeirri spurningu velt upp hvort Bandalagið gæti gert sambærilegan samning við ríkið og leikfélög gera við sveitarfélögin um að standa fyrir ýmsum viðburðum (t.d. á 17. júní og slíku). Nefnt var hvort Bandalagið gæti fundið flöt á því að fara í einhvers konar almenna fjáröflun til viðbótar við þá styrki sem sótt er um.

3) Mikil ánægja var með samstarfið við Þjóðleikhúsið. Nefnt var að fresturinn til að sækja um væri á óheppilegum tíma þar sem leikárinu væri ekki lokið og ekki búin að frumsýna allar sýningar leikársins. Rætt var um hvort hægt væri að lengja frestinn. Sé það ekki mögulegt þá þyrfti að yta betur við leikfélögunum og minna þau á að hyggist þau sækja um í Þjóðleikhúsinu þá þurfi þau e.t.v. að skipuleggja leikár sitt með tilliti til þessa. Ákveðin óánægja kom fram með það að valnefnd Þjóðleikhússins væri hætt að fara á sýningar og sæi sýningarnar einvörðungu á DVD-formi.

Sérverkefni ársins

1) Vinnuhópurinn hafði áhyggjur af fjáröflun fyrir NEATA-hátíðina. Taldi hann mikilvægt að það skýrist sem fyrst hvort raunhæft sé að Bandalagið geti fjármagnað hátíðina. Ef ekki, að við þá gefum verkefnið frá okkur í góðum tíma.

2) Mikil ánægja var með stuttverkahátíðina. Fram kom áhugi fyrir því að reyna að halda í framhaldinu systurhátíð Margs smás í Færeyjum þar sem við heimsækjum frændur okkar. Einnig kom fram sú hugmynd að sama stuttverkið (eitt eða fleiri) verði leikið bæði á íslensku og færeysku þar sem spennandi gæti verið að sjá ólíkar nálganir/uppfærslur á sama verkinu. Rætt var um hugmyndir um fjáröflun, s.s. jaðarbyggðastyrkir og Vestnorræna ráðið.

3) Gott mál að halda fund í haust helgaðan leiklistarhátíðinni á Akureyri, verði af henni. En auðvitað er alltaf jákvætt að halda haustfund.

Tillögur vinnuhópsins að fleiri sérverkefnum ársins

4) Unnið verði áfram að því að koma gagnrýniskrifum í farveg og finna útfærslu á framkvæmdinni.

5) Haldið verði áfram að kanna grundvöll samstarfs BÍL við Þjóðleikhúsið um búningaleigu, en einnig verði horft til samstarfs við Borgarleikhúsið og Ríkissjónvarpið í þessum efnunum.

6) BÍL útfæri til eins árs tilraunaverkefni sem snúi að því að efla húsnæði BÍL enn frekar sem miðstöð leiklistar.

Greinargerð með tillögnum:

BÍL útfæri til eins árs tilraunaverkefni sem snúi að því að efla húsnæði BÍL enn frekar sem miðstöð leiklistar með því að skipuleggja reglulegar samkomur/hittinga (t.d. fyrsta mánu-

dag hvers mánaðar) þar sem m.a. væru fyrirlestrar, skipulagðir leiklestrar, kynning á höfundum, mismunandi leikstílum, leikhúsvörum og leikfélögum. Markmið hittingsins væri einnig að stuðla að virkri umræðu milli leikfélaga þar sem þátttakendur gætu deilt reynslu sinni af verkefnavali, kynningar- málum, skipulagsvinnu o.s.frv. Stefnt skuli að því að nýta fjarfundarþúnað, Skype, vefmyndavél og/eda hlaðvarp til þess að þeir sem ekki hafi tök á að mæta á hittingana í eigin persónu geti fylgst með þeim á netinu.

Stofna þyrfti fræðslu- og skemmtinefnd húsnæðisins, sem mætti heita: „Nefnd um að gera hitt.“
Lagt til að skoðunarkönnun eda hugmyndabanka verði komið upp á Leiklistarvefnum.

Marianna Ósk Sigfúsdóttir kynnti hugmyndir hóps 2:

1. Þjónustumiðstöðin.

Mikil ánægja með þjónustumiðstöðina. Áhyggjur af fjárhag Bandalagsins og árferði. Verum jákvæð, fólk er skapandi á krepputímum.

Vefurinn.

Er mælir sem telur komur á síðuna? Væri gaman að hafa meiri gagnrýni á síðunni. Spjallið: Væri hægt að opna betur fyrir spjallið, bara athuga og sjá hvernig gengur?

Bandalagsþing.

Leiðinlegt að ekki séu fleiri leikfélög með fulltrúa hér. Kom fram að búið væri að gera könnun en flest félög svöruðu því að annað hvort höfðu þau ekki áhuga á Bandalaginu eda voru bara svo ánægð með sitt á sínum stað. Nú eda sauðburð ber upp á sama tíma.

Leiklistarskólinn.

Vonum að húsnæðismál skólans leysist og trúum því. Þarf hann að vera stærri til að mæta aðsókn? Mikil ánægja með hvað byrjendanámskeiðin eru haldin reglulega. Tækninám- skeiðið þótti okkur gott framtak, þurfum að þrýsta á fólkíð okkar vegna þess að þetta er oft veikur hlekkur hjá félögum.

2. Verjum styrkina.

Mælum með því að allir fari að hamast í sínum þingmönnum og nýti kreppu og nýja ríkisstjórn. Ræddum kosti leiklistar fyrir börn og unglinga. Unglingar eru margir svo kvíðnir en leikhúsið er einmitt staðurinn til að taka á móti þeim og efla sjálfstraust. Bendum þingmönnum á að það er ódýrara að styðja leikfélögin heldur en að stækka geðdeild. Má alveg taka svolítið af athyglinni sem beinist að tónlistarfólkinu og koma leikatríðum meira inn á bæjarfögnuði, eiga til dæmis hugmyndakassa með nokkrum stuttum æfðum atriðum sem hægt væri að senda á staðinn. Markaðsmál áhugaleikfélaganna þarf að styrkja og ná fram jákvæðri og góðri ímynd hjá bæjarstjórnnum, yfirvöldum og fyrirtækjum.

Sérverkefni ársins:

Leggjum til að sækja aftur um þegar við förum í aðildar- viðræður við ESB.

Já, Færeyingar eru skemmtilegir og hugmyndin góð. Viljum endilega halda haustfundinn.

Gunnhildur Sigurðardóttir kynnti hugmyndir hóps 3:

Hópurinn samþykkir tillögu að starfsáætlun BÍL óbreytt. Þessi ákvörðun var tekin í ljósi þess að á starfsáætluninni eru a.m.k. 2 stór verkefni, þ.e. leiklistarhátíðin 2010 og fjármál bandalagsins bæði hvað varðar almennt efnahagsástand og

einnig fjáröflun fyrir leiklistarhátíðina. Eftirfarandi umræður áttu sér stað um innihald starfsáætlunar.

Almenn starfsemi:

Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi.

Þjónustumiðstöð

Stjórn BÍL og starfsfólk talið standa sig afar vel og ávalt gott að leita til skrifstofunnar varðandi alla þjónustu. Hins vegar þurfa leikfélögin að standa sig betur í því að senda efni og upplýsingar til skrifstofunnar svo og að kynna starfsemi BÍL meðal sinna félagsmanna.

Leiklistarskólinn

Almenn ánægja með starfsemi hans og störf skólanefndar. Ánægja með að leit að hentugu húsnæði fyrir skólann sé í góðum farvegi og er skólanefnd hvött til að halda því áfram.

Leiklistarvefurinn

Almenn ánægja með vefinn. Aðildarfélög BÍL eru hvött til að vera duglegri við að senda inn efni og hvetja félag sína til að skoða og nýta sér vefinn. Í umræðunni kom upp gömul hugmynd um viskubrunn á vefnum einkum hvað varðar búningasafn leikfélaganna þar sem félögin sendi inn lista með búningasafni sínu. Engin tillaga kom fram um þetta en rætt um að ef að þessu verður standi þetta og falli með því að leikfélögin séu virk í að senda inn og uppfæra slíkan lista.

Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi leikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Stjórn og starfsmenn BÍL hafa mikla og góða reynslu af þessu og er treyst til að halda því áfram og sækja um allt og alls staða. Hópurinn beinir því til stjórnar hvort vænlegt væri að bjóða fyrirtækjum að vera árlegir styrktaraðilar BÍL með því að greiða lága upphæð (t.d. 5000 kr.) á ári. Þannig myndi margt smátt gera eitt stórt.

Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins.

Samþykkt án mikillar umræðu. Almenn ánægja með þetta.

Sérverkefni:

Halda áram undirbúningi NEATA-leiklistarhátíðar á Akureyri í ágúst 2010.

Rætt um áhyggjur varðandi fjáröflun til hátíðarinnar en reynsla og þekking frá fyrri leiklistarhátíðum reynist hátíðarnefndinni vonandi vel. Einnig rætt um að gott væri að hafa varaáætlun vegna húsnæðismála hátíðarinnar þar sem menningarhúsið á Akureyri á ekki að vera tilbúið fyrr en í ágúst 2010 og það sé ansi tæpt þar sem leiklistarhátíðin er á sama tíma.

Halda Íslensk-Færeyska stuttverkahátíð í Reykjavík haustið 2009.

Umræður um að heppilegra hefði verið að sameina Margt smátt og þessa stuttverkahátíð og hafa eina slíka í haust. Uppástunga um að gera tillögu þess efnis en hópurinn aflaði sér upplýsinga um það að kostnaður væri afar lítill við slíkar hátíðir og því hætt við að leggja hana fram.

Halda haustfund haustið 2009 helgaðan leiklistarhátíðinni á Akureyri.

Nauðsynlegt að halda haustfund og tillaga um að hann verði haldinn á Akureyri.

Gerður Halldóra Sigurðardóttir kynnti hugmyndir hóps 4:

Liður 2: Leggja áherslu á að félögin séu dugleg að vekja á sér athygli, að starfsemin sé sýnileg. Í því samhengi skorum við á leikfélögin að leggja metnað sinn í að halda úti blómlegri starfsemi í sínu sveitarfélagi og gera sig sýnileg með öllum tiltækum ráðum.

Við vorum líka með hugmynd að sérverkefni: Að skoða fyrirkomulag samstarfssamninga leikfélaga við sveitarfélög, hvort það sé þróun í þá átt að gera slíka samninga hjá sveitarfélögunum (og hvort þau vilji þá kannski frekar en hreina styrki) og hver reynsla þeirra leikfélaga sé sem hafa gert slíka samninga.

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir kynnti hugmyndir hóps 5:

Námskeið í stjórnun leikfélaga:
- Gagnasafn á leiklistarvefnum. Handbók, skipurit, ýmis form Hugmynd um að stjórnir leikfélaga sendi hugmyndir inn í hugmyndabanka, eftir því sem stjórnir og stjórnarmenn, þróa sitt starf.

Hugmynd kom fram um að halda hugsanlega aðgreind námskeið fyrir mismunandi embætti innan stjórna. Formenn, Gjaldkerar, Ritarar, til dæmis. Væri hægt að halda á sama tíma í litlum starfshópum.

- Rætt um vefi leikfélaga og talið mikilvægt að fulltrúar stjórna leikfélaga væru duglegir að senda nýjar upplýsingar til skrifstofu, bæði um stjórnarmenn, ný netföng og símanúmer og það sem er í gangi í félögum. Eins að menn séu með kontaktpóstfang og númer á vefjum sinna félaga.

Rætt um styrki sem ríkið er að veita í verkefni til ráðningar á starfsmönnum til skemmri tíma. Velt upp hvort Bandalagið gæti notfært sér eitthvað slíkt, í sambandi við skönnun á handritum, eða NEATA-hátíðina.

Mönnum þótti þjónustumiðstöðin virka vel sem upplýsingamiðill, ekki síður í gegnum póstlista heldur en Leiklistarvefinn.

Stofna netföng á leikfélagið, gmail eða hotmail, þannig að alltaf sé eitthvað netfang virkt ef annað klikkar.

Rætt um Facebook sem kynningarmiðil, afar hentug leið til að kynna viðburði og dreifa upplýsingum um þá víða. Meginfélag áhugaleikfélaga í Færeyjum er skemmtilegur Facebook-vinur.

Leiklistarskóli Bandalagsins:
Leiklistarskólalabæklingurinn fer í Kaupfélagið á Seyðisfirði!

Menn ræddu um mikilvægi tengslanetsins milli leikfélaga sem gjarnan myndast á Bandalagsþingum og í Leiklistarskólanum.

Barna- og unglíngastarf:
Hvatt til meiri samvinnu á milli leikfélaga og jafnvel landshluta í barna og unglíngastarfi. Skiptast á heimsóknum með slík leikrit.
- Reynslan af Þjóðleik er góð fyrir austan og var fólk í hópnum bjartsýnt á að hægt væri að hafa slíkar heimsóknir víðar.
- Mikilvægt að hlúa að grasrótinni í leikfélögunum upp á framtíð starfsins. Auk þess sem þetta starf getur skipt sköpum í sjálfstyrkingu ungmenna, eins og reyndar allra.

Leikfélag Dalvíkur fékk hálf milljón í styrk frá Samherja á Akureyri og er talið að unglíngastarfið spili þar stóra rollu.

Leikfélag Seyðisfjarðar hefur einnig fengið fína styrki úr sínu samfélagi. Talið er að leikfélög í smærri samfélögum búi kannski að því.

Aðeins rætt um miðaverð, t.d. þekkjast dæmi þar sem viðgengst ákveðið hámarksverð á kjarnafjölskyldu, hún borgar aldrei meira en þá upphæð sama hversu mörg börnin eru.

Hugmyndaauðgi í kynningarstarfi: Leikfélag Dalvíkur býður alltaf „konunni á kassanum“ í Kaupfélaginu á Dalvík á sýningu, og Leikfélag Selfoss hárgreiðslufólki á Selfossi. Þetta fólk hittir marga í starfi sínu og vantar alltaf góð umræðuefni.

NEATA-hátíð:
- Fá aðgengi að flinkum auglýsingasöllumönnum fyrir NEATA-hátíðina.
- Leikfélög geti valið að styrkja Bandalagið og hátíðina. T.d. með innkomu af einni sýningu. Dæmi 25 manns, 1000 kall inn, 30 félög: 750.000 kall!
- Dagur Bandalagsins? Spurning um að fara í eitthvað sameiginlegt átak?

Ætlum öll að mæta á haustfund!

Umræður:
Hörður Sigurðarson sagði að hægt væri að tengja vefinn við Facebook og aðra tengslavefi. Leikfélag mánaðarins væri góð hugmynd en ylti á að leikfélögin tækju saman pakka um sjálf sig og sendu á skrifstofuna. Hugmyndir um stærri myndir og myndasíður ylti líka á að góðar myndir bærust. Í dag er hægt að skrifa nafnlaust á spjallið, maður þarf bara að skrá sig inn. Þá sér umsjónarmaður vefsins hver skrifar en enginn annar.

Hrefna Friðriksdóttir pakkaði hlý orð í garð skólans og taldi vist að byrjendanámskeið í leiklist verði sumarið 2010.

Þorgeir Tryggvason bað leikfélögin á höfuðborgarsvæðinu, sem eru með tillögu um gagnrýnimál, að setja ekki inn nákvæmar útlistanir á útfærslu þar sem það gæti flækt mál.

Guðrún Halla Jónsdóttir sagði að við gætum beðið með það fram í nóvember að taka endanlega ákvörðun um hvort við getum haldið NEATA-hátíðina þar sem þá færst úr því skorið hvort við fáum styrk frá Norðurlandabatteríinu.

Unnar Reynisson, Leikfélaginu Hallvarði súganda, fór fram á að fréttum um Bandalagsviðburði eins og námskeið, fundi og hátíðir væri haldið þannig að þeir væru aðgengilegir þar til þeir eru liðnir.

Hörður Sigurðarson sagði þetta góða ábendingu og kannski full ástæða að allir slíkir viðburðir fengju borða til hliðar og yrðu þannig alltaf aðgengilegar. Hann sagðist vonast til að póstlistamóduúllinn leysti þetta vandamál að hluta.

Árný Leifsdóttir sagði frá reynslu sinn sem menningarfulltrúi Ölfuss af því að skapa tímabundin átaksverkefni og hvatti leikfélögin til að leita til menningarfulltrúa síns héraðs ef þau hefðu verkefni sem þau vildu hrinda í framkvæmd.

Allir liðir starfsáætlunar stjórnar samþykktir.

Umræður um tillögur vinnuhóps 1 um viðbætur við starfsáætlun stjórnar.

Viðbótartillaga 1: Unnið verði áfram að því að koma gagnrýni-skrifum í farveg og finna útfærslu á framkvæmdinni.

Hörður Sigurðarson rifjaði upp tillögur sínar frá haustfundi um að gagnrýnimál yrðu ekki mál stjórnar heldur tækju leikfélögin sig saman um að leysa þetta mál.

Nanna Vilhelmsdóttir, Hugleik, sagði að hugmyndin væri að Bandalagið sæi um að halda um utan um greiðslur sem milliliður svo leikfélögin væru ekki að greiða beint fyrir gagnrýni á sig sjálf. Önnur framkvæmd væri á höndum leikfélaganna.

Porgeir Tryggvason taldi að það væri óþarfi að binda þess háttar útfærslu í starfsáætlun.

Tillagan samþykkt.

Viðbótartillaga 2: Haldið verði áfram að kanna grundvöll samstarfs BÍL við Þjóðleikhúsið um búningaleigu, en einnig verði horft til samstarfs við Borgarleikhúsið og Ríkissjónvarpið í þessum efnunum.

Magnús J. Magnússon spurði um hver væri staðan á þessu samstarfi í dag.

Porgeir Tryggvason sagði að lengi vel hefðu áhugaleikfélögin átt þess kost að fá búninga í Þjóðleikhúsinu en nú telur það sig ekki hafa mannskap til að veita þessa þjónustu. Þ.a.l. hafa hvorki leikfélögin né aðrir aðgang að búningasöfnum nema í gegnum klíkuskap.

Guðrún Halla Jónsdóttir velti upp þeirri hugmynd að fá starfsmann í gegnum vinnumálastofun til starfa í búningadeild Þjóðleikhússins til að þjónusta áhugaleikfélög og aðra sem á þurfa að halda.

Tillagan samþykkt einróma.

Viðbótartillaga 3: Bandalagið útfæri til eins árs tilraunaverkefni sem snúi að því að efla húsnæði BÍL enn frekar sem miðstöð leiklistar.

F. Elli Hafliðason velti fyrir sér hvort mikill kostnaður hlytist af þessu.

Porgeir Tryggvason sagði að sér þætti hugmyndin spennandi en hana þyrfti að útfæra. Nýja húsnæðið hentaði ágætlega til þessa og það væri spennandi verkefni að leysa.

Gerður Halldóra Sigurðardóttir, Leikfélagi Selfoss, lagði til að námskeið í einstökum liðum í stjórnun leikfélaga yrði fellt inn í þetta.

Vilborg Valgarðsdóttir taldi að það þyrfti að stofna nefnd um þetta mál en þetta væri afar spennandi hugmynd.

Guðfinna Gunnarsdóttir spurði hvort hægt væri að útfæra það á vefnum að fólk gæti sent inn hugmyndir að efni. Hörður Sigurðarson taldi það lítið mál.

Elínros Jóhannsdóttir sagði að það væri mikilvægt að leikfélögin úti á landi gætu fylgst með.

Tillagan samþykkt einróma.

Starfsáætlun leikársins 2009–2010

Almenn starfsemi:

1. *Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.*

2. *Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.*

3. *Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleiksyningu ársins.*

Sérverkefni ársins:

1. *Halda áfram undirbúningi NEATA-leiklistarhátíðar á Akureyri í ágúst 2010.*

2. *Halda Íslensk-Færeyska stuttverkahátíð í Reykjavík haustið 2009.*

3. *Halda haustfund haustið 2009 helgaðan leiklistarhátíðinni á Akureyri.*

4. *Unnið verði áfram að því að koma gagnrýniskrifum í farveg og finna útfærslu á framkvæmdinni.*

5. *Haldið verði áfram að kanna grundvöll samstarfs BÍL við Þjóðleikhúsið um búningaleigu, en einnig verði horft til samstarfs við Borgarleikhúsið og Ríkissjónvarpið í þessum efnunum.*

6. *Bandalagið útfæri til eins árs tilraunaverkefni sem snúi að því að efla húsnæði BÍL enn frekar sem miðstöð leiklistar.*

13. *Tillögur lagðar fyrir fundinn.*

Vilborg Valgarðsdóttir lagði fram eftirfarandi tillögu:

Ég legg til að 1,5 milljónir af verkefnastyrk aðildarfélaganna 2009 verði látinn ganga til skrifstofunnar.

Húsaleiga að Suðurlandsbraut fyrir árið verður u.þ.b. 3,8 milljónir og á meðan kaupandi að Laugavegi 96 getur ekki fjármagnað kaupin borgum við tæp 40% af leigunni af rekstrarfé skrifstofunnar.

Vilborg Valgarðsdóttir.

Tillagan samþykkt einróma.

Porgeir Tryggvason lagði fram eftirfarandi tillögu að ályktun:

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga, haldinn að Hlíð í Ölfusi 1. maí 2009 samþykkir svohljóðandi ályktun.

Öflug og fjölbreytt starfsemi íslenskra áhugaleikfélaga er sú grasrót sem leiklistarlíf þjóðarinnar sækir næringu sína í. Mikilvægi starfseminnar fyrir blómlega menningu um landið allt verður ekki dregið í efa. Fólk á öllum aldri og úr öllum stéttum og stöðum þjóðfélagsins sækir í leiklistarstarfið farveg fyrir listræna hæfileika sína, vaxa að trú á eigin getu og finna á eigin skinni hvernig einbeitt vinna að sameiginlegu marki skilar árangri.

Á þessum miklu óvissutímum getur starfsemi af þessu tagi skípt sköpum. Aldrei hefur verið mikilvægara að efla sjálfs-traust þátttakenda og treysta þá í trú á gildi skapandi samvinnu. Nú sem aldrei fyrr þurfum við að rækta samlíðan okkar og hæfileika til að setja okkur í annarra spor. Skilja sálirnar og samfélagið og sannfærast um möguleika okkar til nýsköpunar og endurreisnar.

Til þessa er leikhúsið eitt sterkasta tækið. Bandalag íslenskra leikfélaga skorar á stjórnvöld að standa vörð um fjárhagsgrundvöll starfsemi áhugaleikfélaganna. Á móti heita leikfélögin því að halda áfram sínu metnaðarfulla starfi, landi og þjóð til gleði og hagsbóta.

Tillagan samþykkt einróma

15. Stjórnarkjör.

Porgeir Tryggvason, Hugleik, einn í framboði til formanns og því sjálfkjörinn.

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Hugleik, Ólöf Þórðardóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar og Hjalti S. Kristjánsson, Hugleik, í framboði til aðalstjórnar.
Sigríður Lára hlýtur kosningu.

Magnús J. Magnússon, Leikfélagi Hornafjarðar og Leikhópnum Mána, Sólveig Rögnvaldsdóttir, Leikfélagi Dalvíkur, Hjalti S. Kristjánsson, Ólöf Þórðardóttir og Elva Dögg Gunnarsdóttir, Leikfélagi Hafnarfjarðar, í framboði varastjórnar.
Magnús, Ólöf og Elva kosin til tveggja ára og Hjalti til eins árs.

16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.

b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.

Tillaga stjórnar að kjörnefnd: Dýrleif Jónsdóttir, Embla Guðmundsdóttir og Gerður H. Sigurðardóttir og Halldór Sigurgeirsson, Freyvangsleikhúsinu, til vara.

Einróma samþykkt.

Tillaga stjórnar að skoðunarmönnum reikninga er Hrefna Friðriksdóttir og Anna Jórunn Stefánsdóttir, Leikfélagi Hveragerðis. Júlía Hannam, Hugleik, til vara.

Einróma samþykkt.

17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.

Porgeir Tryggvason lagði eftirfarandi til fyrir hönd stjórnar:

Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til að árgjöld aðildarfélaga fyrir leikárið 2009–2010 verði kr. 40.000. Félög sem setja upp tvær styrkhæfar sýningar á leikárinu borgi eitt og hálf gjald eða 60.000 og félög sem setja upp þrjár sýningar eða fleiri borgi tvöfalt gjald eða kr. 80.000. Félög sem setja ekki upp styrkhæfa sýningu á leikárinu borgi hálf árgjald eða kr. 20.000.

Einróma samþykkt.

Fundi frestað til morguns.

Fundi framhaldið 2. maí.

18. Önnur mál

Vigdís Jakobsdóttir kynnti leiklistarverkefnið Þjóðleik sem Þjóðleikhúsið stóð fyrir á Austurlandi í vetur. Verkefnið hafði fjögur meginmarkmið:

- Að hvetja ungt fólk til að taka þátt í leiklist.
- Að miðla fagþekkingu úr Þjóðleikhúsinu, bæði til stjórnenda og leikara.
- Að tengja Þjóðleikhúsið landsbyggðinni.
- Að efla íslenska leikritinu.

Magnús J. Magnússon sagði frá sinni reynslu af Þjóðleik en hann sat í framkvæmdanefnd verkefnisins.

Umræður:

Sólveig Rögnvaldsdóttir spurði hvort að handritin sem unnið var með yrðu aðgengileg öðrum félögum. Vigdís hvað svo vera.

Lilja Kristinsdóttir, Leikfélagi Seyðisfjarðar, sagði að leiklistarhátíðin og öll þessi helgi hefðu verið algjörlega mögnuð fyrir þá sem urðu vitni að Þjóðleik.

Vigdís Jakobsdóttir sagði að draumurinn væri að koma þessu verkefni á í fleiri landshlutum og jafnframt halda því áfram á Austurlandi. Hún þakkaði sérstaklega leikfélögunum á Austurlandi fyrir frábæran stuðning við hátíðina.

Vilborg Valgarðsdóttir þakkaði Þórvöru Emblu fyrir vel unnin stjórnarstörf. Hún bauð sögu Bandalagsins til sölu á þinginu með 20% afslætti.

Halla Rún Tryggvadóttir sagði frá reynslu Leikfélags Húsavíkur af sölu búninga úr búningasafni félagsins og það hefði verið ágætis fjáröflun.

Guðrún Halla Jónsdóttir sagði frá verkefninu Gestalæti sem hún vann með unglíngum þegar hún bjó á Akureyri. Þar fengu um 30 unglíngar vinnu yfir sumar við að skemmta ferðamönnum og lífga upp á bæjarlífið í 3 sumur. Hún taldi að þetta gætu flest leikfélög gert ef áhugi sveitarfélaga væri fyrir hendi.

Embla Guðmundsdóttir sagði frá vinnu Umf. Reykdæla við sýninguna Töðugjöld – sendu mér sms.

Ármann Guðmundsson minnti fólk á að enn vantaði sýningar á Margt smátt og bauðst til að aðstoða við að finna verk.

19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

Halldór Sigurgeirsson. Freyvangsleikhúsinu, bauðst til að halda næsta haustfund og Bandalagsþing í Eyjafirði fyrir hönd Freyvangsleikhússins, Leikfélags Dalvíkur og Leikfélags Hörgdæla.

Porgeir Tryggvason þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund. Hann itrekaði áskorun um að senda sýningar á Margt smátt og sleit fundinum.

Fundargerð rituðu Ármann Guðmundsson og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.

Myndir frá aðalfundi



Formaður og varaformaður á léttu nótnum



Vigdís Jakobsdóttir kynnti Þjóðleiksverkefnið fyrir fundargestum



Guðrún Halla og Sirrý Karls stjórnðu fundi



Halla Rún á Húsavík og Dýrleif í Leikfélagi Hafnarfjarðar



Marianna Ósk í Leikfélagi Selfoss



Gunnhildur í Leikfélagi Mosfellsveitar



Fundargestir í kaffipásu



Hópvinna

Myndir frá hátíðarkvöldverði



Tinna Gunnlaugsdóttir Þjóðleikhússtjóri og
Sigurður Grétar Guðmundsson veislustjóri



Félagar í Leikfélagi Ölfuss skemmtu hátíðargestum



Lilja í Leikfélagi Seyðisfjarðar, Sigrún í Leikfélagi
Kópavogs og Elínrós í Leikfélagi Dalvíkur



Ása Hildur í Halanum og Gunnar Freyr í Peðinu

ALLT FYRIR ANDANN

Sameiningarsöngur
Bandalags íslenskra leikfélaga

Það mælti mín móðir
að mér skyldi kaupa
fleyg af fegursta véni.
En lát'eins og leikstjórinn
– lítið mig staupa'
en ég stressast svo þegar ég sýni.

Og botnlanginn brostinn
og bévítans sárin
í maganum, hvað ég er kvalinn.
Og gómana gleypti'
en ég gat gegnum tárin
brosað samt út í salinn.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son
ég er ykkar systkin, það er engin von
í heiminum fyrir handan
Bandalagið.
Sem elding leiftri inní mér
mitt annað heimili er hér
er allt fyrir andann
Bandalagið.

Og víst er að vörðinn
við vandlega stöndum
um menningararfinn okkar.
Af hugsjónahita
á hrollköldum ströndum
Íslands – því leikhúsið lokkar.

Sá grátur, sú gleði
sá galdur að skapa
fegurð oft furðu vekur.
En ef ég er álitinn
ærunni tapa
af að leika er ljóst ég er sekur.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son...

Lag: Oddur Bjarni Þorkelsson og
Sigurður Illugason

Texti: Oddur Bjarni Þorkelsson

Bandalag íslenskra leikfélaga

Ársreikningur 2008

Efnisyfirlit	Bls.
Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Áritun endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5 – 6
Skýringar og sundurliðanir	7 – 8

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Bandalag íslenskra leikfélaga fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, og skýringar nr. 1 - 7.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Bandalag íslenskra leikfélaga við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi Bandalagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju, og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Reykjavík 20. mars 2009

PricewaterhouseCoopers hf



Dýri Guðmundsson

Við undirritaðar, félagslegir skoðunarmenn Bandalags íslenskra leikfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2008 og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík 9. mars 2009



Anna Jörunn Stefánsdóttir



Hrefna Friðriksdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2008

	Skýringar	2008	2007
Rekstrartekjur			
Árgjöld aðildarfélaga		2.080.000	2.480.000
Ríkissjóðsstyrkur		9.819.833	6.945.815
Leiklistarskóli BÍL	1	1.960.000	1.956.015
www.leiklist.is	2	32.754	28.804
Skrifstofumót		1.494.000	
Söluhagnaður		5.910.000	
Aðrar tekjur	3	1.144.683	152.026
		<u>22.441.270</u>	<u>11.562.660</u>
Sala og útleiga:			
Sala á bókum		570.865	
Sala á farða		2.555.397	2.044.116
Sala á handritum		238.024	382.218
		<u>3.364.286</u>	<u>2.426.334</u>
Rekstrartekjur samtals		25.805.557	13.988.994
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara og fleira:			
Farði		2.153.835	1.200.454
Handrit		273.909	217.104
Bækur		1.247.874	103.679
Birgðabreyting		(3.356.458)	
Afskrifaðar ónýttar vörur		38.751	18.660
		<u>357.912</u>	<u>1.539.897</u>
Leiklistarskóli BÍL	1	1.936.972	1.829.982
www.leiklist.is	2	82.901	101.300
Skrifstofumót		1.152.509	
Laun og launahengd gjöld	4	7.756.674	7.310.873
Húsaleiga og viðhald		2.574.708	
Ýmis rekstrarkostnaður	5	3.687.147	3.048.850
Afskriftir fastafármuna	6	201.913	172.030
Vaxtagjöld		75.405	170.433
		<u>17.468.228</u>	<u>12.630.468</u>
		17.826.140	14.173.364
Hagnaður (tap) ársins		<u>7.979.417</u>	<u>(184.371)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Eignir	Skýringar	2008	2007
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Fasteign			20.890.000
Innviðingar og húsbúnaður		391.199	182.547
Áhöld og tæki		143.439	270.358
		<u>534.638</u>	<u>21.342.905</u>
Veltufjármunir			
Þingúr	7	4.892.345	1.574.638
Vískaþakröflur og aðrar skammtimákröflur		413.204	273.105
Handbærni fé		1.817.541	67.035
Útstandandi vegna sölu fasteignar		23.943.173	
		<u>31.066.263</u>	<u>1.914.778</u>
Eignir samtals		<u>31.600.901</u>	<u>23.257.684</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2008	2007
Eigið fé			
Höfuðstóll 1.1.		21.248.520	21.432.891
Rekstrarfagnaður (tap)		7.979.417	(184.370)
		<u>29.227.937</u>	<u>21.248.521</u>
Skuldir:			
Bankarekningulán		1.414.846	1.733.561
Ymsir skuldeilmunern		368.259	75.728
Ógreidd laun og launatengd gjöld		599.860	199.873
		<u>2.372.965</u>	<u>2.009.162</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>31.600.902</u>	<u>23.257.683</u>

Skýringar

1. Leiklistarskóli BÍL

Tekjur

Þátttökugjöld nemenda:

Fórðun I og II		144.000
Húsbækki - þátttökugjöld nemenda	1.960.000	1.812.015
	<u>1.960.000</u>	<u>1.956.015</u>

Gjöld

Fórðun I og II	0	86.860
Húsbækki	1.936.972	1.743.122
	<u>1.936.972</u>	<u>1.829.982</u>

2. www.leiklist.is

Tekjur

Auglýsingatekjur	29.754	27.804
Skráningagjöld	3.000	1.000
	<u>32.754</u>	<u>28.804</u>

Gjöld

Hýsing veft og áskrift þjónustu	59.986	66.440
Víðhald og endurbætur	22.915	34.860
	<u>82.901</u>	<u>101.300</u>

3. Aðrar tekjur

Vaxtatekjur	967.789	942
Tekjur vegna innheimtu hófundalauna	122.109	151.064
Bætur vegna innbrotis	54.785	0
	<u>1.144.683</u>	<u>152.026</u>

4. Laun og launatengd gjöld

Laun starfsfólks	5.496.355	5.024.582
Verktakalaun	0	150.000
Lífeyrisjóðsgjöld	542.633	472.975
Sjúkra- og orlofsjóður	82.921	84.470
Tryggingagjald	322.205	301.346
Dagpeningar	1.312.560	1.277.500
	<u>7.756.674</u>	<u>7.310.873</u>

5. Ýmis rekstrarkostnaður

	2008	2007
Rafmagn, hiti og næsting	379.106	391.069
Fasteignagjöld	286.347	360.333
Vátryggingar	109.748	125.130
Akstur og burðergjöld	199.824	157.991
Símakostnaður	80.203	71.502
Ríflöng	57.172	19.327
Greiðsluseðlar og þjónustugjöld	66.093	27.434

Skýringar

Rekstur tölvukerfis	89.951	144.517
Kaffi og hreinlætisvörur	54.003	60.155
Kynningarstarf og auglýsingar	174.871	78.900
Stjórnarfundir	252.830	119.596
Aðalfundur BÍL	772.542	696.289
Innheimtur kostnaður vegna aðalfundar BÍL	(500.000)	(340.000)
Haustfundur	192.629	0
Innheimtur kostnaður vegna haustfundar	(88.000)	0
Kostnaður vegna nefnda	30.681	22.585
Kostnaður vifunda NAR, NEATA og IATA	368.015	299.992
Félagsgjald IATA	77.669	56.037
Félagsgjald NAR	115.460	77.935
Félagsgjald Leiklistarsambands Íslands	20.000	40.000
Félagsgjald húseigendafélagsins	5.250	5.050
Ársuppgjör og kostnaður vöndunskoðunar	157.492	167.179
Pappír og prentun	322.672	0
Áskrift og bókakaup	25.521	76.056
Gjafir	31.305	26.044
Útgáfa ársrita	174.108	146.794
Smáhöld á skrifstofu	75.956	49.032
Stutuverkahátíðin Margt smátt	0	108.677
Annar kostnaður	19.870	47.828
Afskrifaðir reikningar	100.000	13.306
Fjármagnstekjuskattur	15.829	94
	<u>3.687.147</u>	<u>3.048.850</u>

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteign	Innviðingar og húsbúnaður	Tölvur og tæki	Samtals
Helldarverð 1/1	20.890.000	565.446	2.251.640	23.707.086
Selt á árinu	(20.890.000)			
Fjárfest á árinu	0	268.462	15.185	283.647
Helldarverð 31/12	0	833.908	2.266.825	3.100.733
Afskrifað 1/1	0	382.900	1.981.282	2.364.182
Afskrifað á árinu	0	59.809	142.104	201.913
Afskrifað 31/12	0	442.709	2.123.386	2.566.095
Bóklænt verð 31/12	0	391.199	143.439	534.638

7. Birgðir**2008****2007**

Birgðir greinast þannig:

Handrit	53.000	53.000
Saga BÍL, bókabirgðir	2.145.047	
Farð:	2.694.298	1.521.638
	<u>4.892.345</u>	<u>1.574.638</u>

Lög Bandalags íslenskra leikfélaga

1. grein

Samtökin nefnast Bandalag íslenskra leikfélaga. Heimili Bandalagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Bandalagið er landssamtök áhugaleikfélaga á Íslandi og kemur fram fyrir hönd leikfélaganna gagnvart íslenskum og erlendum yfirvöldum. Það gætir hagsmuna áhugaleiklistarinnar innan samtaka leikhúsfólks, t.d. í Leiklistarsambandi Íslands og fer með aðild Íslands að Norræna áhugaleikhúsráðinu, NAR, Norður-evrópska áhugaleikhúsráðinu, NEATA, og Þjóðlega áhugaleikhúsráðinu, IATA.

3. grein

Markmið Bandalagsins er að vinna að þróun og eflingu leiklistar á Íslandi.

Markmiði þessu hyggst það ná með því:

1. Að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum landsins.
2. Að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
3. Að annast innkaup og sölu á varningi sem leiklistarstarfsemin þarfnast.
4. Að útvega leikverk og sjá um fjölrítun þeirra eða útgáfu.
5. Að útvega leikstjóra/leiðbeinendur sé þess óskað.
6. Að miðla upplýsingum og fræðslu á skilvirkan hátt.
7. Að kynna starfsemi íslenskra áhugaleikfélaga innan lands sem utan.
8. Að örva leikfélög til að leita nýrra leiða í leiklistarstarfi.

Til að auðvelda sér að ná markmiðum sínum rekur Bandalagið þjónustumiðstöð.

4. grein

Öll félög áhugamanna, sem hafa leiklist á stefnuskrá sinni og verja öllum sínum tekjum til viðhalds og uppbyggingar leiklistinni sjálfri og ekki eru tengd neinni stofnun, geta gerst aðilar að Bandalaginu. Heimilt er þó að veita leikfélögum aldraðra og öryrkja aðild, þó þau séu tengd stofnun, enda uppfylli þau önnur skilyrði um inngöngu. Inngöngubeiðni þarf að vera skrifleg og skal fylgja afrit af lögum félagsins og upplýsingar um hverjir skipa stjórn þess. Stjórn Bandalagsins afgreiðir inngöngubeiðni og leggur samþykktar beiðni fram til staðfestingar á aðalfundi. Gæta þarf þess að félagslög brjóti ekki í bága við lög Bandalagsins. Aðildarfélag greiða árgjöld til Bandalagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar þess. Gjaldldagi árgjalda er 1. september.

5. grein

Bandalagið aflar sér tekna með:

1. Opinberum styrkjum.
2. Árgjöldum félaganna.
3. Öðrum þeim leiðum sem stjórn og framkvæmdastjóri sameiginlega telja færar.

6. grein

a) Aðalfundur er æðsta vald Bandalagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í september ár hvert. Stjórn Bandalagsins ákveður þingstað hverju sinni. Aðalfundur skal boðaður með minnst mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina þingstað, fundartíma og dagskrá fundarins. Fundarboði skulu fylgja reikningar Bandalagsins og framkomnar lagabreytingartillögur. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar þjónustumiðstöð Bandalagsins eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund. Hvert aðildarfélag hefur eitt atkvæði á aðalfundi og skal einn fulltrúi fara með atkvæðið. Heimilt er að tilnefna annan fulltrúa til vara. Allir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt. Kjörbréf til handa fulltrúanum og varamanni hans skulu staðfest af formanni eða ritara viðkomandi félags og afhent starfsfólki þjónustumiðstöðvar fyrir fundinn.

b) Verkefni aðalfundar skulu vera:

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.
2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.
3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.
4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.
5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.
6. Skýrsla stjórnar.
7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.
8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.
9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.
10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.

11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.
12. Lagabreytingar.
13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
14. Starfsáætlun afgreidd.
15. Stjórnarkjör.
16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.
b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.
17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.
18. Önnur mál
19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

c) Tillögur sem kjörnefnd getur ekki gert að sínum og tillögur sem berast eftir að kjörnefnd lýkur störfum skulu studdar af a.m.k. 3 atkvæðisbærum fulltrúum. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður útslitum mála á aðalfundi, þar sem annað er ekki tekið fram. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Til lagabreytinga og brottvikningar úr Bandalaginu þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.

d) Kveða skal til aukafundar ef tíu eða fleiri félög óska þess. Framkvæmdastjóri skal þá boða strax til aukafundar og skal hann haldinn innan eins mánaðar frá boðun. Aðalfundir og aukafundir eru löglegir og ályktunarhæfir ef löglega er til þeirra boðað.

e) Fundargerðir aðalfunda skulu samþykktar af stjórn og birtar á leiklistarvefnum.

7. grein

Stjórn Bandalagsins fer með æðsta vald Bandalagsins milli aðalfunda, hana skipi 5 menn, formaður, varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, þannig að annað árið er kosinn formaður og einn stjórnarmanna, en næsta ár þrír stjórnarmenn. Formaður er kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Á sama hátt skal kjósa ýmist tvo eða þrjá í fimm manna varastjórn. Varastjórnarmenn eru boðaðir á alla stjórnarfundum og hafa málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt nema þegar þeir taka sæti í aðalstjórn vegna forfalla aðalmanna. Kosningar skulu bundnar við uppástungur. Formaður boðar til stjórnarfundar. Halda skal minnst fjóra stjórnarfundum á ári og skulu fundargerðir sendar út til félaganna. Fundur er lögmeður ef minnst þrír aðalmenn mæta.

8. grein

Stjórn ræður framkvæmdastjóra fyrir Bandalagið, svo og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri fer með framkvæmdavald í umboði stjórnar. Hann skal annast daglegan rekstur Bandalagsins og vinna að öðru leyti í samræmi við þessi lög. Um önnur nauðsynleg atriði skal fjalla í ráðningarsamningi. Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Bandalagsins og aðalfundi þess. Hann, sem og annað fastráðið starfsfólk Bandalagsins, skal hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi og öðrum fundum bandalagsins. Starfsfólk Bandalagsins skal ekki fara með atkvæði á aðalfundi.

9. grein

Starfsfólki Bandalagsins er heimilt að greiða fyrir einstaklingum, skólum og félögum utan Bandalagsins, enda sé því kunnugt að það brjóti ekki í bága við hagsmuni Bandalagsfélaganna. Fyrir slíka aðstoð áskilur Bandalagið sér þóknun.

10. grein

Stjórn skipar nefndir til að sinna þeim verkefnum sem þurfa þykir, eða kveðið er á um í starfsáætlun. Stjórn afhendir hverri nefnd skipunarbréf þar sem kveðið er á um hlutverk nefndarinnar. Nefndir starfa eftir tímaramma og gera stjórn grein fyrir framvindu mála sé þess óskað. Nefndir skila skýrslu á aðalfundi.

11. grein

Kjörnefnd starfar milli aðalfunda. Skal hún kanna hug aðildarfélaganna til stjórnarkjörs og taka við tillögum.

12. grein

Reikningsár Bandalagsins er almanaksárið. Reikningar þess skulu settir upp af löggiltum endurskoðanda og skulu þeir vera tilbúnir fyrir skoðunarmenn reikninga eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund.

13. grein

Sérhvert aðildarfélag skal senda Bandalaginu ítarlega skýrslu um starfsemi sína, fyrir 10. júní ár hvert, á þar til gerðum eyðublöðum frá þjónustumiðstöðinni. Þar skal getið verkefna á leikárinu, fjölda leiksýninga, sýningarstaða og annars þess sem máli kann að skipta. Á sama tíma skulu stjórnir aðildarfélaganna skila greinargerð um starfsemi ársins til birtingar í ársriti Bandalagsins. Stjórn Bandalagsins er heimilt að setja nánari reglur um hvaða gögn þurfa að fylgja skýrslu.

14. grein

Aðildarfélögum er heimilt að stofna með sér sérsambönd og skulu þau vinna að sameiginlegum hagsmunamálum eftir því sem aðstæður leyfa. Lög og reglur skulu vera í samræmi við lög Bandalagsins.

15. grein

Sé árgjald aðildarfélags eigi greitt fyrir aðalfund missir félagið atkvæðisrétt sinn á fundinum. Vanskil á greiðslu árgjalds í tvö ár veitir stjórn Bandalagsins heimild til að víkja viðkomandi félagi úr Bandalaginu með samþykki aðalfundar. Aðalfundur getur víkið félagi úr Bandalaginu hafi það gerst brotlegt við lög eða samþykktir þess.

16. grein

Heimilt er að stofnsetja sjóði innan Bandalagsins, enda séu þeir ætlaðir til framgangs málefnum þess. Stjórnin setur reglur varðandi lán eða leigu Bandalagsins á eignum þess eða sameiginlegri eign Bandalagsfélaganna í vörslu Bandalagsins.

17. grein

Bandalagsfélög sem ferðast með leikrit til sýninga, skulu hafa samráð við leikfélög á fyrirhuguðum sýningarstöðum, svo sýningar þeirra skaði ekki viðkomandi félög. Óheimilt er að koma með sama verk til sýningar og verið er að æfa eða sýna á staðnum. Í sýningarferðum skulu Bandalagsfélögin aðstoða hvert annað eftir bestu getu.

18. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að skjóta öllum ágreiningsmálum sem rísa kunna í félaginu eða milli einstakra aðildarfélaga, til stjórnar Bandalagsins.

19. grein

Bandalagi íslenskra leikfélaga verður ekki slitið nema 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi séu því samþykktir. Stjórn Bandalagsins skal þó sitja áfram og boða til annars fundar 4–6 mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 hluta atkvæða að slíta Bandalaginu skulu það heita lögleg félagsslit. Sé Bandalaginu þannig löglega slitið skulu allar eignir þess afhentar menntamálaráðuneytinu til varðveislu og ávöxtunar.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin eldri lög Bandalags íslenskra leikfélaga.

Samþykkt á aðalfundi í Skagafirði 3. maí 2008.

Menningarstefna Bandalags íslenskra leikfélaga

Blómleg starfsemi og fjöldi leikfélaga hér á landi vitnar um að leiklistin er almenningseign. Stór hópur fólks, óháð aldri, kyni og þjóðfélagsstöðu, nýtir frítíma sinn í skapandi starf og vinnur saman að leiklist. Bandalag íslenskra leikfélaga vill vinna að þróun og eflingu leiklistar með því:

- að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum.
- að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
- að stuðla að því að börn og unglingar kynnist leiklist, jafnt sem þátttakendur og áhorfendur.
- að starfa með atvinnufólki að því markmiði að leiklistinni verði ætíð tryggð þroskavænleg skilyrði.
- að stuðla að samskiptum og samvinnu leiklistaráhugafólks á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.
- að hvetja til að listrænn metnaður og virðing fyrir leiklistinni sé leiðarljós allra áhugaleikara.
- að halda á lofti gildi þeirrar reynslu sem fæst með samstarfi og í samneyti við annað fólk.

Samþykkt á aðalfundi í Reykholti 5. maí 2001.

Athyglisverðasta áhugaleiksýningin leikárið 2007–2008

Val Þjóðleikhússins á athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins hefur nú farið fram sextánda leikárið í röð.

Þátttaka í samkeppninni var með eindæmum góð í ár, en alls átján leikfélög sóttu um með tuttugu sýningar. Að þessu sinni voru allar sýningar skoðaðar af upptökum á DVD. Í dómnefnd í ár sátu Melkorka Tekla Ólafsdóttir, leiklistarráðunautur Þjóðleikhússins, Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri og Vigdís Jakobsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar Þjóðleikhússins.

Eftirtalin leikfélög sóttu um með þessar sýningar:

1. Barna- og unglíngaleikhúsið Borgarbörn sýndi leikritið Réttá leiðin eftir Erlu Ruth Harðardóttur og Hrefnu Hallgrímsdóttur, en Erla Ruth leikstýrði. Leikhópurinn samanstendur af börnum og unglíngum. Umgjörðin var einföld og leikararnir á sviðinu í aðalhlutverki. Hlustunin hjá þessum ungu leikurum, framsögn og orka á sviðinu var sérlega góð.

2. Freyvangsleikhúsið sýndi rokksöngleikinn Vínland eftir Helga Þórsson í leikstjórn Ólafs Jens Sigurðssonar. Söngleikurinn er frábær og nútímaleg útfærsla á sögulegri arfleifð okkar, víkingatímanum og kristnitöku, þar sem kraftmikil tónlist er í forgrunni.

3. Halaleikhópurinn sýndi Sjeikspírs Karníval, sýningu byggða á verkum Williams Shakespeares í leikgerð og leikstjórn Prastar Guðbjartssonar. Sýningin er bæði litrík og sniðug, og skemmtilegt mótvægi við verðlaunuppsetningu leikhópsins á Gaukshreiðrinu í fyrra. Það var aðdúanarvert að sjá leikhópinn takast á við krefjandi texta Shakespeares af jafn miklum húmor og gleði og raun bar vitni.

4. Hugleikur sýndi stuttverkadagskrá undir heitinu Ó, þessi tæri einfaldleiki, sem samanstóð af verkum eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur, Hrefnu Friðriksdóttur, Hörð S. Dan, Þórunni Guðmundsdóttur, Þórarín Stefánsson og Árna Friðriksson. Sýningin var sett upp í tilefni af 25 ára afmæli Hugleiks, og það var góð hugmynd að gefa mörgum höfundum og leikstjórum úr röðum félagsmanna færi á að njóta sín með nýjum verkum, í sönnum Hugleiks-anda. Rýmið var nýtt á hugvittsamlegan hátt og óvenjulegur tónlistarflutningur tengdi atriði saman.

5. Leikdeild Ungmennafélagsins Eflingar sýndi Kvennaskólaævintýrið eftir Böðvar Guðmundsson í leikstjórn Arnórs Benónýssonar. Sýningin skartar stórum hópi ungra og efnilegra leikara, sem fór vel með bæði leikin atriði og söng. Uppsetningin er falleg í einfaldleika sínum og búningar og leikgervi sköpuðu sýningunni trúverðuga umgjörð.

6. Leikdeild Ungmennafélagsins Íslendinga sýndi Línu langsokk eftir Astrid Lindgren. Leikstjóri var Ása Hlín Svavarsdóttir. Sýningin á Línu langsokk er fjörug og skemmtileg. Í hlutverkum Línu, Önnu og Tomma eru börn sem standa sig með þryði, og eru þau dyggilega studd af eldri og yngri leikfélögum í ýmsum hlutverkum.

7. Leikfélag Hveragerðis sýndi H.V.S.F.Í. eftir Hafstein Þór Auðunsson, Jakob Hansen og Sindra Þór Kárason. Leikstjóri var Ólafur Jens Sigurðsson. Nokkrar af lykilpersónum sögunnar hittast og ræða saman í hlutlausu rými leikhússins. Hér er á ferðinni leikhústilraun sem vissulega er bæði áhugaverð og djörf.

8. Leikfélag Keflavíkur sýndi Hin illa dauðu eftir George Reinblatt. Leikstjóri var Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson. Sýningin, sem er leikrit með söngvum, byggir á arfleifð hrollvekjukvikmynda og það er augljóst að leikhópurinn, sem er skipaður ungu fólki, nýtur þess að takast á við verkefnið. Útkoman er kraftmikil og skemmtileg sýning.

9. Leikfélag Keflavíkur sýndi einnig Sex í sveit eftir Marc Camoletti. Leikstjóri var Örn Árnason. Sex í sveit er fjörugur gamanleikur. Umgjörð sýningarinnar og uppsetning er nokkuð hefðbundin en leikarar standa sig allir með ágætum og ná að fleyta atburðarásinni áfram af talsverðri leikni.

10. Leikfélag Kópavogs sýndi Skugga-Svein eftir Matthías Jochumsson í leikstjórn Ágústu Skúladóttur. Tilbrigði Leikfélags Kópavogs við Skugga-Svein er bæði frumlegt og djárf, þar sem Skugga-Sveini sjálfum er steypt saman við hið rómantíska



Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri og Halldór Sigurgeirsson formaður Freyvangsleikhússins

hlutverk unglingsins í verkinu; Harald. Það er merkilegt hvað þessi einkennilega ráðstöfun gengur skemmtilega upp og gefur nýtt sjónarhorn á þessa íslensku leikhúsklassík. Yfir sýningunni var sérstök og heimilisleg stemmning. Húmorinn var aldrei langt undan og söngnúmerin voru sérstaklega vel útfærð.

11. Leikfélag Rangæinga sýndi Orustuna á Laugalandi, sem byggð er á Orustunni á Hálogalandi eftir Riemann og Schwartz. Leikgerðina gerði Guðrún Halla Jónsdóttir, sem jafnframt leikstýrði. Orustan á Laugalandi er 25 ára afmælisýning Leikfélags Rangæinga, þar sem félagar í leikfélaginu skemmta áhorfendum með nýrri gerð af gömlum farsa um hjónabandið, bresti mannanna, pretti og misskilning.

12. Leikfélag Sauðárkróks sýndi Frá okkar fyrstu kynnum – 120 ár í sögu leikfélags eftir Jón Ormar Ormsson sem jafnframt leikstýrði. Eins og nafnið bendir til fjallar verkið um langa og viðburðaríka sögu Leikfélags Sauðárkróks, og er þar víða komið við, meðal annars í ýmsum leikverkum sem leikfélagið hefur sýnt. Leikhópurinn rekur söguna, bregður sér í ýmis hlutverk og syngur.

13. Leikfélag Selfoss sýndi barna- og fjölskylduleikritið Sjóræningjaprinsessuna eftir Ármann Guðmundsson sem jafnframt leikstýrði. Sjóræningjaprinsessan er skemmtileg og spennandi sýning fyrir unga og aldna, með fjörugri tónlist, þar sem leikarar á öllum aldri standa sig með þryði. Leikritið er skemmtileg úrvinnsla á arfi sjóræningjasagna, þar sem ákveðin og óvenjuleg stelpa, með stóra sjóræningjadrauma, þarf að kljást við vantrúaðan stjúpbróður, óánægða stjúpfóreltra – og að lokum alvöru sjóræningja.

14. Leikfélag Siglufjarðar sýndi leikritið Héri Hérason eftir Coline Serreau. Leikstjóri var Guðjón Sigvaldason. Héri Hérason er verk sem gerir miklar kröfur til leikara og aðstandenda og leikfélagið ræðst í uppsetningu þess af mikilli áræðni og einurð. Leikmynd og leikstjórn eru vel útfærð, og leikararnir takast á við hlutverk sín af aðáunarverðum krafti.

15. Leikfélag Ölfuss sýndi Blúndur og blásýru eftir Joseph Kesselring. Leikstjóri var Gunnar Björn Guðmundsson. Leikfélag Ölfuss hefur lagt upp með að ætla að skemmta áhorfendum sínum og sú fyrirætlan tekst. Ungir og eldri félagar leikfélagsins njóta sín vel í samstilltum og fjörugum leik.

16. Leikfélagið Grímnir sýndi söngleikinn Jesús Guð Dýrlingur eftir Andrew Lloyd Webber og Tim Rice. Leikstjóri var Guðjón Sigvaldason. Það er ekkert áhlaupaverk að ráðast í þennan viðamikla söngleik, og sýning Leikfélagsins Grímnis er metnaðarfull stórsýning, þar sem fjöldi ungs fólks tekur þátt. Tónlistarflutningurinn er krefjandi og var oft glæsilegur. Samvinna hópsins á sviðinu tókst með ágætum, og samspil leikara og leikmynda, sem var mjög sniðug, var frumlegt og skemmtilegt.

17. Leikfélagið Peðið sýndi Skeifu Ingibjargar eftir Benóný Ægisson. Leikstjórar voru Lísa Pálsdóttir og Vilhjálmur Hjálmarsson. Leikhópurinn Peðið er skemmtileg viðbót við flóru áhugaleikhópa í Reykjavík. Hópurinn leggur áherslu á frumsköpun og tónlistin spilar stórt hlutverk í sýningum hans, enda hefur hann á að skipa mörgu hæfu tónlistarfólki. Hópur trúða í fánalitunum skoðar íslenskt samfélag fyrr og nú og nýtir takmarkað sýningarrými á Grand Rokk á hugvitsamlegan hátt.

18. Stúdentaleikhúsið sýndi á haustmisseri Scarta eftir Víking Kristjánsson, leikstjóra sýningarinnar og Stúdentaleikhúsið. Scarta er áhugaverð leikhústilraun sem staðfestir enn og aftur að Stúdentaleikhúsið er framsækið í nálgun sinni og efnistöku. Það hefur á undanförunum árum skapað sér nokkra sérstöðu í leikhúsflóru höfuðborgarinnar og það er vel.

19. Stúdentaleikhúsið sýndi á vormisseri Þöglir farþegar eftir Snæbjörn Brynjarsson sem jafnframt leikstýrði. Nálgun höfundar og leikstjóra byggir á ríki heimsendatilfinningu sem félögum í Stúdentaleikhúsinu tekst með ágætum að miðla til áhorfenda. Spurt er stórra spurninga og leitað svara sem ekki liggja á lausu í þeirri óreiðu sem birtist okkur á sviðinu.

20. Ungmennafélag Reykdæla sýndi Töðugjaldaballið – sendu mér sms, eftir Bjartmar Hannesson og Hafstein Þórisson. Leikstjórar voru Steinunn Garðarsdóttir og Jón Pétursson. Töðugjaldaballið er splunkunýr söngleikur eftir tvo félagsmenn, sem semja tónlist og söng- og leiktexta. Sýningin er stútfull af fjörugum tónlistaratriðum, þar sem unglíngarnir í leikfélaginu sýna danstakta og sungið er við smelna söngtexta annars höfundanna.

Það var dómnefnd sérstakt ánægjuefni að sjá þetta fjölbreytta úrval leiksýninga og upplifa hið kraftmikla og mikilvæga starf áhugaleikfélaganna. Margar af sýningunum voru verulega glæsilegar, en dómnefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að velja að þessu sinni sem athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins 2008–2009 sýningu Freyvangsleikhússins á Vínlandi.

Umsögn dómnefndar um sýninguna er svohljóðandi:

Það er hreint út sagt frábær hugmynd hjá Helga Þórssyni og Freyvangsleikhúsinu að setja á svið rokk söngleik byggðan á víkinga-arfleifið okkar Íslendinga. Helgi Þórsson er aðal hugmyndasmiður þessarar sýningar, sem höfundur tónlistar, texta og útlits sýningarinnar, en er dyggilega studdur af kraftmiklum hópi leikara, tónlistarfólks og allra annarra sem til þarf að gera svona stórsýningu að veruleika. Úrvinnslan á menningararfi okkar var mátulega hátíðleg, og á köflum bráðsniðug. Stór hópur leikara kemur að sýningunni, og nýtur sín vel í söng og leik, og eru sum tónlistaratriðanna afar áhrifamikil. Er þar þáttur tónlistarstjórans, Ingólfs Jóhannssonar, ekki lítill, en tónlistarflutningur er í höndum hljómsveitarinnar Helgi og hljóðfæraleikararnir. Mikið er lagt í leikmynd og búninga og þar er ólíkum stílum stefnt saman á djarfan hátt, svo hetjur víkingatímans birtast okkur eins og þúsund ára gamlar rokkstjörnur. Frumleiki, hugmyndaauðgi og kraftur einkenna þessa skemmtilegu sýningu.

Þjóðleikhúsið óskar Freyvangsleikhúsinu til hamingju og býður leikfélaginu að koma og sýna Vínland í Þjóðleikhúsinu 11. júní.

Myndir úr sýningu Freyvangsleikhússins á Vínlandi



Höfundur og leikstjóri, Helgi Þórsson og Ólafur Jens Sigurðsson



Ábúðarfullir vikingar, Ingólfur Þórsson og Stefán Guðlaugsson



Daníel Freyr Jónsson, Hallur Örn Guðjónsson og Valdís Eiríksdóttir



Elín Auður Ólafsdóttir



Hópmynd úr Vínlandi

Verkefni og skýrslur stjórna aðildarfélaganna leikárið 2008–2009



Borgarbörn, barna- og unglingleikhús í Reykjavík

Rétta leiðin

eftir Erlu Ruth Harðardóttur og Hrefnu Hallgrímsdóttur, leikstjórn Erla Ruth Harðardóttir.

Pátttakendur: 40

Sýningar: 20

Áhorfendur: 1.600



Vínland

Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði

Vínland

höfundur Helgi Þórsson, leikstjóri Ólafur Jens Sigurðsson.

Pátttakendur: 28

Sýningar: 18

Áhorfendur: 1.160

Skítt með kerfil, tókum slátur

eftir leikhópin, leikstjóri Jónsteinn Aðalsteinsson.

Pátttakendur: 25

Sýningar: 3

Áhorfendur: 315



Sjeikspírs Karnival

Halaleikhópurinn, Reykjavík

Sjeikspírs Karnival

höfundur William Shakespeare, leikgerð og leikstjórn Þröstur Guðbjartsson.

Pátttakendur: 46

Sýningar: 12

Áhorfendur: 353

Hjólástólasveitin, Kókosbollu hó-ó-pónó

eftir ýmsa höfunda, leikstjóri Ágústa Skúladóttir.

Pátttakendur: 3

Sýningar: 2

Áhorfendur: 102

Bara tjilla

eftir Jónínu Leósdóttur, leikstjóri Gunnar Gunnarsson.

Pátttakendur: 3

Sýningar: 2

Áhorfendur: 102

Miðvikudagur í helvíti

eftir Ármann Guðmundsson, leikstjóri Gunnar Gunnarsson.

Pátttakendur: 3

Sýningar: 2

Áhorfendur: 102

Tvíleikur fyrir höfund og leikara

eftir Benóný Ægisson, leikstjóri Gunnar Gunnarsson.

Pátttakendur: 2

Sýningar: 2

Áhorfendur: 102



Frá afhendingu Kærleikskúlunnar

Skýrsla stjórnar:

Stjórn skipa: Ása Hildur Guðjónsdóttir formaður, Höskuldur Þ. Höskuldsson varaformaður, Kristín R. Magnúsdóttir gjaldkeri, Kristín M. Bjarnadóttir ritari og Stefanía Björk Björnsdóttir meðstjórnandi. Varastjórn: Guðríður Ólafsdóttir, Einar Þ. Andrésson og Magnús Addi Ólafsson.

Óhætt er að segja að starfsárið hafi byrjað strax með miklum látum. Sýningin okkar Gaukshreiðrið, eftir Dale Wasserman í leikstjórn Guðjóns Sigvaldasonar varð fyrir valinu sem Athyglisverðasta áhugaleiksýningin leikárið 2007–2008. Við syndum fyrir nánast fullum sal þann 4. júní 2008 á Stóra sviði Þjóðleikhússins. Þetta var mikið þrekvirki og margir innan Halaleikhópsins sem utan, lögðu okkur lið. Viljum við nota þetta tækifæri til að þakka öllum, sem að þessu komu.

Strax var farið að huga að næsta leikári og auglýst var eftir leikstjóra. 8 leikstjórar sóttu um, Pröstur Guðbjartsson leikstjóri var ráðinn. Hann hélt 20 tíma leiklistarnámskeið í okt. 2008.

Tveir vinnudagar voru á starfstímabilinu, þar sem við tókum til í öllum ranghölum leikhússins okkar. Einn Haladagur var 19. júlí í Krika við Elliðavatn, þar sem m.a. voru leiklesin leikrit eftir tvo Halafélaga, grillað og ýmislegt annað gert sér til gamans.

Fimm meðlimir stjórnar fóru á haustfund BÍL og námskeið í stjórnnum leikfélaga, 22. nóv. 2008. Ása Hildur fór sem fulltrúi Halaleikhópsins á aðalfund BÍL að Hlíð í Ölfusi.

Æfingar á Sjeikspírs Karnivalinu í leikgerð og leikstjórn Þrastar Guðbjartssonar hófust í nóvember. Æft var í 4 vikur og svo tekið frí fram yfir áramót og frumsýnt 31. jan. sl. Sýningar urðu 12 talsins. Alls tóku 46 félagsmenn þátt í uppsetningunni á einn eða annan hátt, þar af 19 leikarar.

Halaleikhópurinn var valinn sem Handhafi Kærleikskúlunnar 2008 sem veitt er af Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra. Kærleikskúla hvers árs, er afhent verðugri fyrirmynd eða fyrirmyndum og var góður rómur gerður að starfi Halaleikhópsins við athöfnina.

Halaleikhópurinn styrkti tvo félagsmenn til að sækja námskeið á Leiklistarskóla BÍL. Magnús Addi ljósameistari hafði opið hús í mars, þar sem hann kynnti fyrir félögum möguleika ljósaborðsins og tækniúnað Halaleikhópsins.

Ágústa Skúladóttir hefur verið ráðin til að leikstýra okkur næsta leikár. Ætlum við að taka fyrir Svartfugl, eftir Gunnar Gunnarsson, í leikgerð Ágústu.

Enn var unnið að því að bæta aðgengi í Halanum. Í ár var anddyri málað, létum gera nýtt salerni baksviðs og setja rafmagnsopnun á aðaldyrnar hjá okkur. Þá var gengið frá húslýsingunni og settir dimmerar í salinn.

Stjórn hélt á starfstímabilinu 26 reglulega stjórnarfundir, auk þess sem mikil samskipti fóru fram gegnum tölvupóst. Tveir félagsfundir voru haldnir og einn opinn stjórnarfundur. Við sendum út fréttabréfið Halafréttir 9 sinnum á starfstímabilinu. Auk þess sem við vorum í sambandi við félagsmenn gegnum tölvupóst o.fl.

Við héldum Kaffileikhús 21. maí og 1. júní, þar sem sýnd voru 3 stuttverk: Bara tjilla, eftir Jónínu Leósdóttur, Miðvikudagur í helvíti, eftir Ármann Guðmundsson, og Tvíleikur fyrir höfund og leikara, eftir Benóný Ægisson. HJÓLASTÓLASVEITIN var með uppstandið Kókósbollu hó-ó-pónó, og fjórar hljómsveitir spiluðu nokkur lög. Það voru Tobias og Daníel, Lister, Nafla-Jón og Dúó Gísla blikk.

Ása Hildur Guðjónsdóttir formaður.



Kaffileikhúsið fékk sérstakt logo



Ó, þú aftur?



Ó, þessi tæri einfaldleiki

Hugleikur, Reykjavík

Ó, þú aftur?

höfundar Ingibjörg Hjartardóttir, Sigrún Óskarsdóttir og Unnur Guttormsdóttir, leikstjóri Oddur Bjarni Þorkelsson.

Þátttakendur: 46 Sýningar: 10 Áhorfendur: 850

Ó, þessi tæri einfaldleiki

ýmsir höfundar og leikstjórar.

Þátttakendur: 39 Sýningar: 3 Áhorfendur: 180

Bréfið

eftir Hrefnu Friðriksdóttur, leikstjóri Rúnar Lund.

Þátttakendur: 3 Sýningar: 1 Áhorfendur: 80

Oft má satt kyrrt liggja

eftir Júlíu Hannam, leikstjóri Rúnar Lund.

Þátttakendur: 4 Sýningar: 1 Áhorfendur: 80

Bara bíða

höfundur og leikstjóri Júlía Hannam.

Þátttakendur: 8 Sýningar: 1 Áhorfendur: 80

Afmæli

höfundur og leikstjóri Júlía Hannam.

Þátttakendur: 7 Sýningar: 1 Áhorfendur: 80

Sigurvegari

höfundur Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, leikstjóri Júlía Hannam.

Þátttakendur: 6 Sýningar: 1 Áhorfendur: 40

Jólin koma allsstaðar

höfundur og leikstjóri Júlía Hannam.

Þátttakendur: 5 Sýningar: 1 Áhorfendur: 40

Leikdeild Umf. Vöku, Villingaholtshreppi

Páskahret

höfundur Árni Hjartarson, leikstjóri Jón Stefán Kristjánsson.

Þátttakendur: 28 Sýningar: 9 Áhorfendur: 550

Skýrsla stjórnar:

Formaður: Þorsteinn Logi Einarsson
Gjaldkeri: Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir
Ritari: Guðmunda Ólafsdóttir

Sumarið 2008 var haldið áfram með verkefni vetrarins sem var stuttverkið Gilitrutt. Það var leikið fyrir fullum sal af fólki í Félagslundi á sameiginlegri afmælishátíð umf. Samhygðar og Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps 21. júní

og svo var það leikið á kvöldvökum landbúnaðarsýningarinnar á Hellu sem var haldin í ágúst. Ekki eru uppi nákvæmar tölur um hversu margir sáu verkið í heild en það hafa eflaust verið nokkur þúsund vegna gríðarlegs fjölda fólks sem sá það á Hellu. Gilitrutt varð því skemmtilegt farandverkefni og góð auglýsing fyrir félagið.

Aðalfundur leikdeildar umf. Vöku var haldinn 16. september og var fámennt en góðmennt. Stjórnin gaf öll kost á sér aftur og hélt óbreitt.

Í haust var ráðist af stað í uppfærslu á stóru leikverki á nýjan leik og óskuðu ungmennafélögin Baldur og Samhygð eftir að fá að taka þátt í því verkefni með okkur. Gengið hafði verið frá samningum við Jón Stefán Kristjánsson um leikstjórn á verkinu fyrr á árinu og var fyrsti fundur leikhópsins 4. nóvember. Fljótlega kom í ljós að það fólk sem hefði áhuga á að koma að verkinu væri frekar í yngri kantinum og varð því að hætta við það leikverk sem hafði verið fyrirfram ákveðið. Í stað þess varð leikritið Páskahret eftir Árna Hjartarson fyrir valinu.

Æfingar hófust af fullum krafti í byrjun janúar og frumsýnt föstudaginn 27. febrúar. Sýningarnar urðu alls 9 talsins en því miður urðum við að fella niður eina sýningu vegna tæknilegra örðugleika en ljósaborðið bilaði rétt fyrir sýningu. Aðsókn var prýðileg en um 550 manns komu og sáu sýninguna. Leikritið fékk mjög góða dóma og tókst verkefnið í heild sinni mjög vel. Leikdeildin sendi í fyrsta sinn fulltrúa á aðalfund Bandalagsins sem haldinn var að Hótel Hlíð í Ölfusi 1. og 2. maí sl. og verður vonandi framhald þar á.

Guðmunda Ólafsdóttir, ritari.

Leikfélag Dalvíkur

Er nálgast jólin

höfundar og leikstjórar Arnar Símonarson, Sólveig Rögnvaldsdóttir og Lovísa María Sigurgeirsdóttir.

Þátttakendur: 77 Sýningar: 18 Áhorfendur: 1.128

Fólk á förnum vegi

höfundur og leikstjóri Arnar Símonarson.

Þátttakendur: 28 Sýningar: 7 Áhorfendur: 300



Fólk á förnum vegi

Leikfélag Fljótshéraðs

Góðverkin kalla

höfundar Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason, leikstjóri Gunnar Björn Guðmundsson.

Þátttakendur: 35 Sýningar: 8 Áhorfendur: 430

Afi brenndur

höfundur Oddur Bjarni Þorkelsson, leikstjóri Ásgeir Hvítaskáld.

Þátttakendur: 9 Sýningar: 3 Áhorfendur: 570

Snemma beygist krókurinn

höfundur Nína Björk Árnadóttir, leikstjóri Ásgeir Hvítaskáld.

Þátttakendur: 9 Sýningar: 3 Áhorfendur: 570



Góðverkin kalla!

Skýrsla stjórnar:

Stjórnin sem var kosin á síðasta aðalfundi byrjaði sína vinnu á að æfa aftur upp einþáttungana sem sýndir voru á Pizzunni í mars, Snemma beygist krókurinn og Afi brenndur og sýndum við þá á 17. júní. Ásgeir Hvítaskáld leikstýrði.

Síðastliðið haust settum við upp leikritið Góðverkin kalla! eftir þá Sævar Sigurgeirsson, Þorgeir Tryggvason og Ármann Guðmundsson. Við fengum Gunnar Björn Guðmundsson til að leikstýra og gekk ágætlega að koma þessu verki á koppinn. Mikil vinna liggur að baki svona uppsetningu og stóðu sig allir eins og hetjur og voru flestir orðnir ansi þreyttir þegar loksins kom að frumsýningu. En okkur tókst þetta allt saman og sýndar voru alls 8 sýningar í Valaskjálfi. Við í stjórninni viljum þakka öllum sem komu að þessari sýningu kærlega fyrir sitt framlag og vonum að allir verði áfram með leikfélaginu.

Einn af stjórnarmeðlimum LF tók að sér að sitja í stjórn Þjóðleiks sem er á vegum Þjóðleikhússins, þetta er verkefni fyrir fólk á aldrinum 13–20 ára á Austurlandi.

Sótt var um styrk til Menningarráðs Austurlands og fengum við 400 þúsund krónur. Þessi styrkur er fyrir tvö verk sem vonandi verða sett upp á komandi leikári.

Samþykktar voru breytingar á lögum félagsins í september síðastliðnum og felast þær í því að nú verður haldinn einn aðalfundur á ári í stað þess að hafa hann tvískiptan og einnig varð breyting á reikningsári í kjölfarið þannig að nú verður það frá 1. janúar til 31. desember og aðalfundurinn eigi síðar en 15. febrúar ár hvert. Þetta var samþykkt á síðari hluta aðalfundar 2008.

Að lokum viljum við þakka öllum sem hafa starfað með okkur á síðasta ári og vonumst til að þið verðið áfram með okkur, bæði gamlir sem nýir félagar, til að efla sviðslistina hér á Fljótshéraði.

Fjóra Egedía Sverrisdóttir, formaður.



Gefðu Jens sjens

Leikfélag Hafnarfjarðar

Gefðu Jens sjens

höfundar og leikstjórar Hrefna Lárusdóttir og Guðrún Sóley Sigurðardóttir.

Þátttakendur: 8

Sýningar: 10

Áhorfendur: 250

Skýrsla stjórnar:

Starfsemi félagsins var með rólegasta móti á þessu á leikári miðað við mörg undanfarin ár, en þó var sprett úr spori á ýmsum sviðum. Þetta var það helsta sem var fengist við á árinu.

Starfsemin sumarið 2008 var ekki mikil en nokkur starfsemi var í húsnæði félagsins og voru t.a.m. Leikhópurinn Lotta og Leikfélagið Sýnir með æfingar í húsinu. Leikhópur Vinnuskólans sýndi tvær sýningar í húsinu, aðra í júlí og hina í lok ágúst.

Haustið 2008 var ekki sett upp nein sýning en í stað þess var skotið á námskeiði þar sem Ágústa Skúladóttir leiðbeindi góðum hópnum í 6 vikur. Það var góður rómur gerður að námskeiðinu og margir áhugasamir félagar bættust í hópinn.

Í lok ársins hófst starf fyrir atvinnulausa í húsnæði félagsins undir nafninu Deiglan og hafa samskiptin við þá starfsemi gengið ágætlega. Það má búast við að sú starfsemi verði í húsnæðinu þar til að atvinnuhorfur færast til betri vegar.

Í byrjun ársins hóf nýstofnuð unglíngadeild félagsins æfingar á spunaverki undir stjórn Guðrúnar Sóleyjar og Hrefnu. Verkið sem ber nafnið „Gefðu Jens Séns“ var síðan frumsýnt í mars við góðar undirtektir áhorfenda. Í maí hélt síðan leikhópurinn á vinabæjamót í Noregi og sló alveg í gegn hjá heimamönnum. Það er ánægjulegt að unglíngadeild Leikfélags Hafnarfjarðar skuli nú hafa verið endurvakin eftir 10 ára dvala og er vonandi að hún geti orðið félaginu vítamínsprautu.

Mikill hugur er í stjórn að endurskoða húsnæðismál félagsins reglulega í ljósi þess að sýningaraaðstaða er mjög lítil og hentar illa mannmörgum sýningum. Formaður hefur rætt þessi mál við bæjarstjóra og þar á bæ eru menn jákvæðir eins og venjulega.

Lárus Vilhjálmsson formaður.

Leikfélag Hólmavíkur

Viltu finna milljón?

eftir Ray Cooney, leikstjóri Arnar Snæberg Jónsson.

Þátttakendur: 15

Sýningar: 10

Áhorfendur: 515

Skýrsla stjórnar:

Leikfélag Hólmavíkur var með öfluga starfsemi á þessu starfsári líkt og verið hefur undanfarin ár. Á sumarmánuðum 2008 var búið til handrit sem var unnið upp úr þjóðsögum sem gerðust á svæði Strandabyggðar. Var verkið síðan æft og sýndar voru tvær sýningar í lok ágústmánaðar í Reiðskemmu á Víðidalsá. Tókst þetta mjög vel og verður nú í sumar haldið áfram með þessa vinnu og verður sýnt kortersprógramm á tjaldsvæðinu einn laugardag í mánuði.

Ársfundur var haldinn í nóvember, var frekar dræm mæting, stjórnin var endurkjörin. Ákveðið var að reyna að koma saman hóp til að taka þátt í leikriti sem sett yrði upp á vormánuðum 2009. Var kosin valnefnd sem átti að velja leikrit. Jafnframt var ákveðið að reyna að fá heimamann til að leikstýra og skapa þannig atvinnu.

Í febrúar var byrjað að æfa verkið Viltu finna milljón? eftir Ray Cooney í þýðingu Gísla Rúnars Jónssonar. Leikstjóri var ráðinn Arnar Snæberg Jónsson. Æfingátímabilið var frekar langt og var æft í rúmlega átta vikur. Frumsýning var síðan í Félagsheimilinu á Hólmavík 24. apríl síðastliðinn. Alls hafa verið sýndar 5 sýningar hér á Hólmavík. Einnig hefur leikfélagið brugðið undir sig betri fætinum og farið í tvær leikferðir. Eina um Norðurland þar sem sýnt var á Hvammstanga, í Hrísey og á Siglufirði. Ein leikferð var síðan þar sem sýnt var í Keflavík og í Lundarreykjadal. Fyrirhuguð er lokasýning á verkinu nú um miðjan júní í Trékyllisvík á Ströndum. Þannig að verkið verður sýnt alls 10 sinnum.

Jóhanna Ása Einarsdóttir formaður.



Viltu finna milljón?

Leikfélag Húsavíkur

Emil í Kattholti

eftir Astrid Lindgren, þýðandi Vilborg Dagbjartsdóttir, leikstjóri Sigrún Valbergsdóttir.

Pátttakendur: 50 Sýningar: 22 Áhorfendur: 2.100

Skýrsla stjórnar:

Á haustdögum 2008 hófust æfingar á Emil í Kattholti eftir Astrid Lindgren í leikstjórn Sigrúnar Valbergsdóttur. Æft var stíft allan septembermánuð og svo var hlé á æfingum í þrjár vikur. Þær vikur voru vel nýttar til búningasaums, leikmynda- og leikmunasmíði.

Í hléinu var aðalfundur félagsins haldinn og þar urðu stjórnarskipti. Stjórn síðan þá er sem hér segir:

Formaður: Halla Rún Tryggvadóttir, varaformaður: Þorkell Björnsson,

gjaldkeri: Hjálmar Bogi Hafliðason, ritari: Dóra Ármannsdóttir og meðstjórnandi: Ingvar Björn Guðlaugsson.

Æfingar á Emil í Kattholti hófust svo aftur eftir þriggja vikna hlé og frumsýnt var 8. nóvember. Það er skemmst frá því að segja að sýningin varð feykivinsæl. Sýnt var fram í janúar og urðu sýningar alls 22.

Þegar Emils-ævintýrinu lauk tóku menn sér smá hlé frá leikhúsinu, þó voru næg verkefni í búninga- og leikmunageymslu félagsins sem og á smíðaverkstæðinu, að Höfða 24c. En þar stóð til að byggja vegg, til að skipta stóru rými í tvennt. Í byrjun árs 2009 fóru félagar í LH í það verk. Og því næst var að laga til á smíðaverkstæðinu og búningaloftinu. Margar hendur hafa unnið mörg verk þar á vordögum 2009.



Emil í Kattholti

Halla Rún Tryggvadóttir formaður.

Leikfélag Hveragerðis

H.V.S.F.Í.

höfundar Hafsteinn Auðunsson, Jakob Hansen og Sindri Kárason, leikstjóri Ólafur Jens Sigurðsson.

Pátttakendur: 12 Sýningar: 10 Áhorfendur: 362

Skýrsla stjórnar:

Á síðasta aðalfundi tók við ný stjórn hjá leikfélaginu. Hana skipa: Hafsteinn Þór Auðunsson, formaður, María Kristjánsdóttir, gjaldkeri, Jakob Hansen, ritari, Davíð Michelsen og Sindri Þór Kárason.

Sumarið gekk í garð og var ýmislegt framundan. Veraldarvinir höfðu húsaskjól í leikfélagshúsinu allt sumarið og Leiklistarsmiðjan var sett af stað í samvinnu við Vinnuskólann og þurftu krakkarnir að undirbúa skemmtiatriði fyrir 17. júní og Blómstrandi daga.



H.V.S.F.Í.

17. júní var ákveðið að setja upp örlítið breytta útgáfu af Geitunum þremur og fékk verkið það einfalda nafn Geiturnar þrjár – Taka tvö. Krakkar sem og fullorðnir skemmtu sér konunglega við sundlaugarbakkann er þau fylgdust með öfga „tanaða“ tröllinu í Hawaii-múnderingunni, skrítnu geitunum og litlu krúttlegu álfasögumönnunum. Smíðjuhópurinn sá síðan um að taka vel til eftir jarðskjálftana og snyrtu einnig lóðina og tóku til inni í efnaageymslunni. Eftir tiltekt settist hópurinn niður og undirbjó bæði mikla ljósmyndasýningu, Leikfélag Hveragerðis í 60 ár, og nýtt verk sem sýna átti á Blómstrandi dögum. Frábær var mætingin á ljósmyndasýninguna og var Sigurgeir H. Friðþjófsson sæmdur heiðursviðurkenningu leikfélagsins fyrir einstakt starf í þágu félagsins og einnig var Kristínu B. Jóhannsdóttur færður smávægilegur þakklætistvottur frá félaginu í tilefni áttaræðisafmælis hennar. Smíðjuhópurinn lagði heilann í bleyti við skrif og fékk afraksturinn heitið Latibæri 2045 en þá skrifuðu þau stuttverk um það hvernig þau sæu lífið fyrir sér í Latabæ þegar allir væru orðnir stirðir og þreklitlir. Skemmtilegt verk sem síðan var sýnt í íþróttahúsi bæjarins fyrir TROÐFULLU húsi.

Þetta sumar var viðburðaríkt og mun það vonandi haldast þannig um ókomin ár EN ekki er nú sumarsagan öll því að þrjár kátir piltar, Jakob, neðangreindur og Sindri Þór Kárason, sátu meirihluta sumars við skrifborðin að leggja lokahönd á nýtt handrit í fullri lengd. Verkið fékk síðan nafnið H.V.S.F.Í. eða Himnaríki – Verndarans skýra og fagra ívist. Æfingar hófust í byrjun september undir stjórn Ólafs Jens Sigurðssonar. 11 leikarar tóku þátt og varð útkoman 12 sýningar og verður það nú að teljast góður árangur hjá hópnum. Eftir að sýningum lauk var síðan hellt sér í kvikmyndun á verkinu og fengum við styrk frá Menningarráði Suðurlands fyrir tvenns konar listform, þ.e. sviðsuppsett og kvikmyndað, sem nam 350.000 kr. og er hægt að fá eintak af

DVD-disknum á einar 1000 kr. fyrir þá sem misstu af verkinu og fyrir þá sem vilja einfaldlega bara eignast hann. Pantanir hjá neðangreindum.

Jólin, jólin, jólin. Þau koma alltaf aftur og var starfsemin með hefðbundnum hætti, þ.e. ljósin voru tendruð á jólatré Hveragerðis-bæjar, á aðfangadagsmorgun var farið með pakka um allan bæ og tókum við síðan þátt í jólatréssemmtun á torginu fyrir framan Heilsugæsluna.

Áramótin runnu upp sem fyrr og á þrettánda-brenninni var uppvakin gömul hefð þar sem álfar og tröll, jólasveinar og Grýla og heljarinnar skrúðganga voru meðal viðburða það kvöldið, söngur, grín, glens og mikið gaman.

Nýtt ár og púðrið úr leikfélagsandanum virtist vera búið enda mikið að baki á þessu leikári. Seinni hluti vetrar fór í það að leigja út húsnæðið fyrir hina og þessa hópa. Eitthvað listrænt átti sér nú stað á þessum tíma og fengu Menntaskólinn að Laugarvatni og Kór Lindarskóla í Kópavogi aðsetur hjá okkur, Menntaskólinn að Laugarvatni sýndi verkið Með fiðring í maga og kór Lindarskóla var hjá okkur yfir helgi og voru með smá tónleika seinni daginn.

Neðangreindur var með ýmsa draumóra varðandi endurbætur á húsnæðinu og krækti hann í mega dúndur tilboð í teikningar og burðarþol sem seint ef einhvern tímann verður boðið um betur og verður það undir nýrri stjórn komið, sem kosin verður hér á eftir, að ákveða hvað gera skal í þeim efnunum á komandi leikári.

Fjárfestingar voru gerðar á þessu leikári en ekki neitt hlutabréfabrask og bruðl, heldur voru keyptar 9 stórglæsilegar hárkollur sem gerðu síðan gæfumuninn í grínverkinu H.V.S.F.Í.

Framtíðin er óljós börnin góð en samt sem áður fallega óljós, eitt er víst að eitthvað sniðugt verður gert núna í sumar og síðan förum við öruggt og vel inn í haustið og veturinn með eitthvað sniðugt meistaraverk.

Neðangreindur vill þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóg þetta leikárið og vonar að þeir hinir sömu, ásamt nýliðum, fylgi vel á eftir með glæsilegu leiklistarlíf hér í bæ næstu árin. Að lokum vill neðangreindur gefa lesendum og hlustendum kost á því að lesa hér á blaðinu Óðinn til Monroe sem Hitler aka Sindri Þór Kárason fór svo óskiljanlega vel með í síðasta verki.

*Verði ykkur að góðu og takk fyrir mig,
Hafsteinn Þór Auðunsson, formaður.*



H.V.S.F.Í.

Óður til Monroe

Flytjandi: Adolf Hitler

Ich denke úm dig...
wenn der sonne skín skærast
og spiegelast í hafinú.
Ich denke úm dig...
wenn des túnglsins flimmer fæðast
í vorinú.
Ich sehe dich...
auf dem fernen (þröngu) autobrautinni
wenn ryk upp í augen svífur,
í idrúm nætur
á þröngú, ströngú brúnni
súm ein túrist hrifur.
Ich höre dich...
í gegnum dumpfem (dauf) öskur
öldann flæðandi.
Ein úti á grösse engi lauschen (hlusta) röskur
wenn alles schweigt (allt er hljótt).
Ich bin bei dir...
du seist auch noch so ferne,
du bist mir nah!
Die sonne sinkt,
bald leuchten mir die sterne.
O wärst du da.

(sama hversu mikil fjarlægð okkur aðskilur.
Þú ert mér við hlið.
Sólin sest
og brátt munu stjörnur skína.
Oh bara að þú værir hér.)

Leikfélag Hörgdæla, Eyjafirði**Stundum og stundum ekki**

höfundar Arnold og Bach, þýðandi Emil Thoroddsen, leikstjórn Saga Jónsdóttir.

Pátttakendur: 15 Sýningar: 25 Áhorfendur: 2.208



Stundum og stundum ekki

Leikfélag Keflavíkur**Sex í sveit**

höfundar Marc Camoletti, þýðandi Gísli Rúnar Jónsson, leikstjórn Örn Árnason.

Pátttakendur: 18 Sýningar: 12 Áhorfendur: 934

Hin illa dauðu

höfundur George Reinblatt, þýðandi félagar í LK, leikstjórn Guðmundur L. Þorvaldsson.

Pátttakendur: 26 Sýningar: 9 Áhorfendur: 448

Jólagjafalistinn

höfundur Magnús J. Magnússon, leikhópurinn leikstýrði.

Pátttakendur: 22 Sýningar: 3 Áhorfendur: 98



Hinir illa dauðu

Leikfélag Kópavogs**Skugga-Sveinn**

höfundur Matthías Jochumsson, leikstjórn Ágústa Skúladóttir.

Pátttakendur: 8 Sýningar: 19 Áhorfendur: 1.000

Viltu vera vinur minn á Facebook?

eftir leikhópin og leikstjórnann Önnu Brynju Baldursdóttur.

Pátttakendur: 11 Sýningar: 5 Áhorfendur: 255

Rúi og Stúi

höfundar Skúli R. Hilmarsson og Örn Alexandersson, leikstjóri Hörður Sigurðarson.

Pátttakendur: 6 Sýningar: 8 Áhorfendur: 305



Skugga-Sveinn

Skýrsla stjórnar:

Eitt viðburðaríkasta leikár í sögu Leikfélagsins er nú að baki. Aðalverkefni nýrrar stjórnar sem tók við í júní 2008 var að ljúka framkvæmdum í húsnæðinu í Funalind 2 svo hægt væri að opna nýtt leikhús þá um haustið. Þó margt hefði verið framkvæmt á undanliðnum vetri var þó órævegur frá því að húsið væri farið að nálgast sýningarhæft ástand. Mesta vinnan til að svo mætti vera fór fram á tímabilinu frá júní 2008 fram að frumsýningu á Skugga-Sveini í október.

Margt varð til að tefja framkvæmdir og má þar meðal annars nefna að vegna skorts á geymslurými fór mikill tími í að færa leikmuni, búninga, tæki og aðrar lausaeignir félagsins á milli staða í húsinu til að hægt væri að vinna. Þegar tilteknum framkvæmdum var lokið í einu horni hófust flutningarnir að nýju svo hægt væri að vinna í því næsta. Svona gekk það fyrir sig nánast fram á síðasta dag og kostaði félagið mikinn tíma og orku. Einnig auðveldaði það ekki málið að síðustu vikurnar fyrir opnun var samhliða framkvæmdum verið að æfa upp opnunarýninguna og eftir á að hyggja er með ólíkindum hve mikið þolgæði leikhópurinn sýndi við að æfa innan um timburafgangi í sagi og gipsryki. Margir lögðu hönd á plóginn, sérstaklega á síðustu dögum fyrir opnun og er þeim hér með þakkað fyrir sitt framlag.

Opnun og frumsýning

Sunnudaginn 19. október var Leikhúsið að Funalind 2 formlega opnað. Eftir margra mánaða þrotlausa vinnu við að smíða nýtt leikhús í fyrrum verslunarhúsnæði rættist draumurinn með frumsýningu á nýrri leikgerð á Skugga-Sveini, einu þekktasta klassíska verki íslenskra leikbókmennta, í leikstjórn Ágústu Skúladóttur, við frábærar undirtektir áhorfenda. Það var sérlega ánægjulegt að í hópi þeirra voru flestir núlifandi stofnfélagar leikfélagsins. Einnig var við hæfi að fyrsta sýningin í nýju húsi skyldi vera í leikstjórn Ágústu Skúladóttur sem er orðinn sérlegur vinur félagsins eftir margar eftirminnilegar uppsetningar á undanförnum árum.

Skugga-Sveinn var frumsýndur eins og áður sagði í október og ekki er hægt annað en að vera stoltur af opnarsýningu Leikhússins. Almenn ánægja virtist ríkja meðal áhorfenda með frumlega nálgun leikstjóra og leikhóps á þessari táknmynd íslenskrar leiklistar. Aðsókn var góð og sýningar urðu að lokum 19 talsins og áhorfendur losuðu um 1000 manns.

Námskeið og sýning Unglingadeildar

Í lok október hófst námskeið fyrir unglíngadeild félagsins. Anna Brynja Baldursdóttir var leiðbeinandi á námskeiðinu sem snerist um hópvinnaaðferðir í leikhúsi. 12 þátttakendur voru á námskeiðinu sem lauk á opnu húsi þar sem aðstandendur komu í heimsókn og sáu nokkur atriði sem hópurninn hafði unnið með.

Eftir áramót hófust æfingar hjá hópnum fyrir leiksýningu. Áfram var unnið í hópvinnu og umfjöllunarefnið var Facebook fyrirbærið. Anna Brynja leikstýrði og 11 leikarar tóku þátt í sýningunni „Viltu vera vinur minn á Facebook?“ sem var frumsýnd í byrjun apríl. Sýnt var fimm snumum við mjög góðar undirtektir og góða dóma þeirra sem sáu.

Rúi og Stúi

Í byrjun desember var ákveðið að setja upp barnaleikritið Rúa og Stúa. Hörður Sigurðarson tók að sér leikstjórn og æfingar hófust í febrúar hjá sex manna leikhóp. Á ýmsu gekk í leikhópnum og á endanum þurfti að skipta út 2 leikurum. Þá varð að gera hlé á æfingum í rúmlega mánaðartíma meðan Leikfélag MK var við æfingar í húsinu. Sýningin var loks frumsýnd í lok apríl sem var öllu seinna en upphaflega var stefnt að. Orsök þess var vera Leikfélags MK í húsinu eins og áður sagði. Sýnt var 8 snumum við þokkalega aðsókn þó lítið hefði verið lagt í kynningu og sölu. Stjórn hefur tekið þá ákvörðun að taka sýninguna upp að nýju í haust.

Leikhússport

Gísli Björn Heimisson hélt úti leikhússporthópi framan af vetri. Hópurinn hittist vikulega en þegar líða tók á fækkaði í honum og að lokum var hann settur á ís um óákveðinn tíma.

Haustverkefni 2009

Stjórn réði í vetur Vigdís Jakobsdóttur til að æfa upp og leikstýra verkefni í hópvinnu sem ætlunin er að verði aðalverkefni félagsins á komandi hausti. Verkefninu var hleypt af stokkunum með vinnubúðum í maí þar sem Vigdís kynnti aðferðir sínar og hugmyndir og notaði um leið tækifærið til að skoða þá meðlimi sem hafa hug á þátttöku. Hópurinn hittist þrisvar snumum en hlé verður gert í sumar og þráðurinn tekinn upp í september þegar endanlegur hópur verður valinn og æfingar hefjast.

Leikhúsið

Með nýju húsnæði opnuðust nýir möguleikar í tekjuöflun með útleigu. Fjölmargir aðilar hafa nýtt sér aðstöðuna fyrir ýmis verkefni allt frá kvikmyndatökum til leiksýninga. Auk þess að vera ný leið til tekjuöflunar lítur stjórn svo á að afar jákvætt sé að fá utanaðkomandi leikhópa til að sýna í húsinu og telur að slíkt styrki tilveru hússins umtalsvert.

Frá opnun hafa fimm leiksýningar utanaðkomandi aðila verið sýndar í húsinu, þar af þrjár sem voru æfðar upp á staðnum. Auk þess hafa ýmsir aðrir fengið inni fyrir smærri verkefni og uppákomur. Í október fékk Draumasmiðjan inni til æfinga og sýninga á verkinu Hvar er (K)lárus? Hópurinn sýndi 5 snumum í nóvember og desember. Möguleikhúsið sýndi eina sýningu á Aðventu í desember. Stoppleikhópurinn sýndi Bólu-Hjálmar tvisvar snumum í febrúar og einu sinni í maí. Þá tók leikdeild Kvikmyndaskólans húsnæðið á leigu fyrri hluta maí til æfinga og sýninga á spunaverki sem sýnt var tvisvar snumum. Leikfélag MK fékk inni í húsinu í febrúar og var þar við æfingar og sýningar í hartnær 7 vikur. Ekki er annað hægt að segja en að vera þeirra í Leikhúsinu og samskipti við Leikfélagið hafi gengið illa svo ekki sé fastar að orði kveðið. Samkvæmt rekstrar-samningi LK og Kópavogsbæjar hefur MK rétt til að fá inni í húsinu í 3 vikur á ári. Í ljós kom að nokkrir starfsmenn bæjarins með bæjarritara í broddi fylkingar túlka áður nefnt samningsákvæði á þann veg að MK eigi ekki aðeins rétt á að fá inni í húsinu í umræddan tíma heldur skuli vera þar án þess að greiða krónu í leigu. Er þá ekki einu sinni tekið tillit til fastakostnaðar við rekstur hússins, s.s. hita og rafmagn, rekstrarvörur og tækjanotkun svo eitthvað sé talið. Eftir fund með starfsmönnum bæjarins þar sem ýjað var að því að rekstrarsamningi yrði rift ef félagið gæfi ekki eftir var ákveðið að sækjast ekki frekar eftir leigu frá MK að þessu sinni vegna veru þeirra í húsinu. Þá þegar var MK búið að vera í húsinu lengur en þær 3 vikur sem kveðið var á um í samningnum.

Stjórn Leikfélagsins fór ítarlega yfir málið og var einhuga í þeirri afstöðu sinni að réttlætismál væri að Leikfélag MK greiddi hóflega leigu fyrir aðstöðuna. Í ljósi ósveigjanlegrar afstöðu fulltrúa bæjarins var hinsvegar ákveðið að ekki væri skynsamlegt að sækja málið frekar og ekki kom heldur til greina að úthýsa hópnum þó að LK væri þegar búið að uppfylla sinn hluta af samningnum. Vera MK riðlaði starfsemi okkar umtalsvert án þess að nokkuð kæmi á móti og ljóst er að í framtíðinni mun félagið túlka samninginn eins þröngt og hægt er og mun t.d. ekki láta í té tækjabúnað án þess að þóknun komi fyrir.

Við fyrrgreindar deilur bættust síðan miklir erfiðleikar vegna vægast sagt slæmrar umgengni leikhópsins í húsinu. Skemmdir voru unnar á húsnæði og innanstokksmunum og mun Leikfélagi MK verða gert að greiða fyrir þær skemmdir. Stjórn þykir miður að svona skuli hafa farið enda voru menn afar jákvæðir gagnvart komu Leikfélags MK í húsið í upphafi og voru boðnir og búnir til að rétta hjálparhönd í ýmsum málum umfram það sem kveðið var á um í samningi.

Þess má einnig geta að Bandalag íslenskra leikfélaga hélt vel heppnaðan haustfund í Leikhúsinu í október í boði Leikfélagsins.

Framkvæmdir

Eftir opnun Leikhússins í október síðastliðnum dró eins og vænta mátti mjög úr framkvæmdum í húsinu. Þó hefur ýmislegt verið gert og er þar helst að nefna að komið var upp brunaviðvörðunarkerfi sem tengt er við stjórnstöð Securitas. Sérstaklega verður að þakka Sveini Ásbjörnssyni fyrir hans framlag í uppsetningu brunaviðvörðunarkerfis auk mikillar vinnu sem hann innti af hendi í húsinu á liðnu ári. Í sumar er áætlað að ljúka eins og hægt er framkvæmdum í Leikhúsinu en þar á aðallega eftir að ganga frá efri hæð hússins þar sem er aðstaða leikara og tækniþúr. Einnig þarf að huga að tækjakaupum fyrir félagið og er þar aðallega áriðandi að félagið eignist sitt eigið ljósaborð.

Sögusýning á Kópavogsdögum

Í mars voru kynntar fyrir félaginu hugmyndir um einhverskonar sögusýningu í tengslum við Kópavogsdaga og óskað eftir þátttöku félagsins í því. Ekki varð úr verkefninu að þessu sinni en ákveðið að skoða möguleika á því að ári. Verður það eitt af verkefnum nýrrar stjórnar að skoða hvort og þá hvernig félagið kemur að því.

Fyrsta leikárið í nýju leikhúsi er nú að baki. Leikfélagið er enn að fóta sig í húsnæðinu og breyttum aðstæðum sem því fylgja. Félagið hefur alla möguleika á að eflast og stækka og styrkja stöðu sína sem öflugt og framsækið leikfélag. Framtíðin er björt og spennandi hjá Leikfélagi Kópavogs.

*Fyrir hönd stjórnar Leikfélags Kópavogs,
Hörður Sigurðarson, formaður.*

Leikfélag Mosfellssveitar*Ýkt komin yfir þig*

höfundur Mark Ravenhill, þýðandi Guðný María Jónsdóttir, leikstjórn Agnes Wild og Sigrún Harðardóttir.
Þátttakendur: 41 Sýningar: 15 Áhorfendur: 380

Franska kaffileikhúsið

höfundur María Guðmundsdóttir, leikstjóri Guðný María Jónsdóttir.
Þátttakendur: 25 Sýningar: 6 Áhorfendur: 250

Draugaráðstefnan

höfundur Kristján Frimann Kristjánsson, leikstjóri Guðný María Jónsdóttir.
Þátttakendur: 15 Sýningar: 3 Áhorfendur: 300

Töfrataskan

leikstjórn Agnes Wild og Sigrún Harðardóttir.
Þátttakendur: 21 Sýningar: 15 Áhorfendur: 220

Jólasýning

höfundar María Guðmundsdóttir og Birgir Sigurðsson.
Þátttakendur: 17 Sýningar: 2 Áhorfendur: 140

Mjallhvít nútímans

leikstjórn Agnes og Sigrún Harðardóttir.
Þátttakendur: 7 Sýningar: 1 Áhorfendur: 50

Hefðarkettirnir

leikstjórn Agnes og Sigrún Harðardóttir.
Þátttakendur: 12 Sýningar: 1 Áhorfendur: 120

Ævintýri á Hóli

í leikstjórn leikhópsins.
Þátttakendur: 14 Sýningar: 1 Áhorfendur: 110

Sveitabarinn

leikstjórn Agnes og Sigrún Harðardóttir.
Þátttakendur: 9 Sýningar: 1 Áhorfendur: 95

Dýraagarðurinn

leikstjórn Agnes og Sigrún Harðardóttir.
Þátttakendur: 9 Sýningar: 1 Áhorfendur: 80



Draugaráðstefnan



Jólasýning

Leikfélag Ólafsfjarðar**Á svið!**

eftir Rick Abbot, þýðandi Guðjón Ólafsson, leikstjóri Jón Stefán Kristjánsson.

Þátttakendur: 24

Sýningar: 5

Áhorfendur: 481

Skýrsla stjórnar:

Ég undirrituð tók við sem formaður Leikfélags Ólafsfjarðar í júní 2008. Þar sem mikil ládeyða hefur verið hjá félaginu var ákveðið að setja upp stykki strax um haustið og var Jón St. Kristjánsson ráðinn til verksins. Eftir miklar vangaveltur var ákveðið að setja upp gamanleikinn *Á svið!* eftir Rick Abbot. Jón kom í heimsókn í júlí til að skoða félagsheimilið og fékk strax hugmyndir um uppsetningu á stykkinu.

Æfingar hófust í byrjun september og frumsýnt var 31. október. Var leikurinn sýndur fimm sinnum.

Um helmingur þeirra sem léku voru að stíga sín fyrstu skref á sviði. Það var ekki auðveldasta stykkið sem við völdum en þau stóðu sig öll frábærlega vel. Það er alltaf gaman að fá nýtt fólk til starfa.

Jón er frábær leikstjóri og mjög hugmyndaríkur. Milli fyrsta og annars þáttar varð heldur langt hlé og fékk hann þá hugmynd að útbúa stuttmynd um leikhópinn á æfingatímabilinu. Leikfélagið er ánægt með að hafa fengið að njóta krafta Jóns og þakkar honum fyrir gott og ánægjulegt samstarf.

Á áætlun er að setja upp annað hvort í haust eða strax eftir áramót. Vinnudagur verður í húsinu okkar að Strandgötu 7 núna í júní og verður grillað á eftir. Við höfum haldið þeim síð að bjóða þeim sem léku með okkur á síðustu leiktíð í grillveislu með öllu tilheyrandi. Vill enginn missa af því fjöri.

*Bestu kveðjur,
Puríður Sigmundsdóttir, formaður.*



Taktu lagið Lóa!

Leikfélag Ólafsvíkur**Taktu lagið Lóa!**

eftir Jim Carthwright, þýðandi Árni Ibsen, leikstjóri Gunnsteinn Sigurðsson.

Þátttakendur: 20

Sýningar: 3

Áhorfendur: 330

Leikfélag Patreksfjarðar

Sjóræningjaleikritið Ástir í meinum, fjársjóður í leynum ... eða nauðsynleg genablanda

höfundur og leikstjóri Dóra Jóhannsdóttir.

Þátttakendur: 50

Sýningar: 6

Áhorfendur: 600



Ástir í meinum ...

Leikfélag Rangæinga

Orustan á Laugalandi

eftir Riemann og Schwartz, leikstjóri Guðrún Halla Jónsdóttir.
Þátttakendur: 19 Sýningar: 14 Áhorfendur: 930

Glerskór Öskubusku passa ekki lengur

eftir J. M. Wolf, þýðandi og leikstjóri Margrét Tryggvadóttir.
Þátttakendur: 14 Sýningar: 1 Áhorfendur: 94

Úlfur, grísir og aðrar ævintýrapersónur

eftir J. M. Wolf, þýðandi og leikstjóri Margrét Tryggvadóttir.
Þátttakendur: 11 Sýningar: 1 Áhorfendur: 83

Feitasti jólasveinninn

leikstjóri Margrét Tryggvadóttir.
Þátttakendur: 9 Sýningar: 1 Áhorfendur: 94

Skýrsla stjórnar:

Stjórnarfundir voru 6 á árinu auk óformlegra funda í tengslum við æfingar og sýningar. Ljósabúnaður félagsins var endurbættur verulega á árinu. Keypt var ljósaborð og dimmerar ásamt kösturum. Rangárþing eystra lætur félaginu í té aðstöðu í Njálshúsi til æfinga og sýninga endurgjaldslaut, einnig önnur félagsheimili í sveitarfélaginu ef þarf.

Leikárið

Leikfélag Rangæinga starfaði á fullum krafti á liðnu leikári. Tekið var til sýninga leikritið Orustan á Laugalandi í leikstjórn Guðrúnar Höllu Jónsdóttur. Æfingar byrjuðu í byrjun janúar og var frumsýnt 7. mars í Njálshúsi. Laugardaginn 14. mars var svo hátíðarsýning á verkinu í tilefni 30 ára afmælis leikfélagsins. Sýningar gengu mjög vel og urðu alls 14 og áhorfendur 930. Sýnt var, auk Njálshúðar, á Skógum undir Eyjafjöllum, Kirkjubæjarklaustri og í Vestmannaeyjum. Alls tóku 19 manns þátt í sýningunni.

Ungliðastarf

Eins og undanfarin 4 ár voru haldin tvö leiklistarnámskeið fyrir börn, eitt fyrir jóla og eitt eftir. Samtals tóku 26 börn þátt á þessum tveimur námskeiðum. Í nóvember hófust svo æfingar á leikritunum Glerskór Öskubusku passa ekki lengur og Feitasti jólasveinninn. Sýnt var í byrjun desember. Önnur sýning var svo sett upp og sýnd 13. maí. Þar var sýnt leikritið Úlfur, grísir og aðrar ævintýrapersónur. Góð aðsókn var að báðum þessum sýningum. Margrét Tryggvadóttir var leiðbeinandi á námskeiðunum og leikstjóri sýninganna. Hún þýddi einnig tvo af þeim leikþáttum sem sýndir voru.

Sigurgeir L. Ingólfsson formaður.

Leikfélag Sauðárkróks

Pétur Pan

eftir J. M. Barrie, þýðandi Karl Ágúst Úlfsson, leikstjóri Stefán Sturla Sigurjónsson.
Þátttakendur: 43 Sýningar: 11 Áhorfendur: 778

Frá okkar fyrstu kynnum

leikgerð og leikstjórn Jón Ormar Ormsson.
Þátttakendur: 50 Sýningar: 12 Áhorfendur: 1.065

Skýrsla stjórnar:

Leikárið byrjaði strax með látum í júní með þátttöku okkar í Jónsmessu-hátíðinni á Hofsi. Voru þar á ferð glimrandi glæsilegir leikarar sem settu upp eitt stykki nett brúðuleikhús og voru sýndar tvær sýningar og vakti þetta mikla lukku meðal gesta.

Þá var farið að leita að barnaleikriti fyrir haustið, ákveðið var að setja upp Pétur Pan. Fengum við Stefán Sturlu Sigurjónsson til að koma og leikstýra okkur, alla leið frá Finnlandi. Í byrjun æfingatímabilsins var ákveðið að hópurinn í Pétri Pan og að auki þeir sem léku í Alínu sl. vor myndu skella sér saman í leikhúsi. Við fengum svaka góðan díl hjá Leikfélagi Akureyrar og skemmtum okkur hið besta á Óvitunum og fengum útsýnistúr um leikhúsið gamla á eftir, bara briliant. Það voru 39 manns sem komu að Pétri Pan, þar á meðal þrennir tvíburar, feðgin og mæðgin sem er ansi skemmtilegt að minnast á. Áhorfendur voru 778 sem mættu galvaskir í leikhúsi hjá okkur til að sjá þessa fallegu sýningu.



Orustan á Laugalandi



Pétur Pan

Í nóvember hélt Bandalag íslenskra leikfélaga námskeið um hvernig ætti að stjórna leikfélagi, voru fjórir meðlimir leikfélagsins sendir sem komu síðan boðskapnum og upplýsingunum áfram til annarra meðlima stjórnarinnar. Virkilega vel var að þessu námskeiði staðið og margt mjög nyttsamlegt hægt að læra af því.

Í desember koma alltaf jólin og þeim fylgja jólasveinar sem leikfélagið tók að sjálfsögðu að sér að prýða bæinn með.

Í janúar eftir jólafrí flæddi Leikborg, æfingarhúsnæðið okkar, næstum út í sjó því það sprakk krani á efri hæðinni. Þegar dyrnar voru opnaðar var hægt að vaða þarna inni. Búningar, leikmyndir, leikmunir og stór partur af okkar dóti var rennandi blautt og þurfti verulegar aðgerðir til þess að bjarga sem mestu. Hefur því afar mikill tími stjórnarmeðlima farið í að reyna að finna nýtt æfingarhúsnæði og í húsnæðismál yfir höfuð.

Í rokragsgats-veðri við upptökur á kvikmyndinni Roklandi, voru fjölmargir leikfélagsmeðlimir sem tóku þátt í því að „forskalast“ næstum því við tukur. Gaman samt að nefna hversu vel tókst til að virkja gamla leikfélaga sem ekki hafa tekið þátt í leikfélagsstörfum lengi. En tókurnar gengu vel og munu þær verða enn fleiri núna í sumar.

Þá var mál að starta æfingum fyrir Sæluvíkustykkið. Við höfðum fengið Jón Ormar Ormsson til að skrifa fyrir okkur leikrit í tilefni af 120 ára afmæli LS (sem var reyndar árið 2008). Kallast sýningin Frá okkar fyrstu kynnum – 120 ár í sögu leikfélags, og er þar nokkurn veginn rakin saga leikfélagsins í hlátri, söngvum, ærslum og gráti. Það voru 50 manns sem komu að þessari sýningu og voru áhorfendur 1065, sem er nálægt því að vera aðsóknarmet hjá LS. Haldin var síðan sérstök hátíðarsýning 2. maí þar sem gestum var síðan boðið til kvöldverðar og skemmtunar eftir sýningu.

Þann 1. maí var haldið út í félagsheimilið Ljósheima til að syngja vel valin lög úr sýningunni Frá okkar fyrstu kynnum á verkalyðsskemmtun.

Einnig má alls ekki gleyma því að Leikfélag Sauðárkróks gaf einmitt út mjög efnismikið og vel unnið Afmælisrit í tilefni af 120 ára afmælinu sínu, en Héraðsskjalasafn Skagfirðinga sá um samantektina í því. Var nú ákveðið að vera bara rausnarleg (eftir betl undanfarinna áratuga) og gefa eitt eintak af ritinu inn á hvert heimili í Skagafirði.

Ekki munum við eftir fleiru, enda bara býsna ánægð með árangur leikársins.

Sigurveig Dögg Þormóðsdóttir.

Leikfélag Selfoss

Sjóræningjaprinsessan

höfundur og leikstjóri Ármann Guðmundsson.

Þátttakendur: 43 Sýningar: 23 Áhorfendur: 1.778

Afi kemur í heimsókn

eftir Fóstbræður, leikstjóri Sigríður Hafsteinsdóttir.

Þátttakendur: 5 Sýningar: 2 Áhorfendur: 52

Lífsbarátta dýranna

eftir Monty Python-hópin í leikstjórn Stefáns Ólafssonar.

Þátttakendur: 3 Sýningar: 2 Áhorfendur: 52

Tveir vinir

höfundur og leikstjóri F. Elli Hafliðason.

Þátttakendur: 4 Sýningar: 2 Áhorfendur: 52

Veitingahúsafanturinn

eftir Ráðiusbræður í leikstjórn Sigrúnar Sighvatsdóttur.

Þátttakendur: 3 Sýningar: 2 Áhorfendur: 52

Riddarinn og rósinn

eftir Hrefnu Friðriksdóttur í leikstjórn leikhópsins.

Þátttakendur: 7 Sýningar: 2 Áhorfendur: 52

Alveg að koma

eftir Karl Ágúst Úlfsson, leikstjóri Unnar Þór Reynisson.

Þátttakendur: 2 Sýningar: 2 Áhorfendur: 90



Sjóræningjaprinsessan



Sjóræningjaprinsessan

Annað erindi

höfundur Jón Ózur Snorrason, leikstjóri Sigrún Sighvatsdóttir.

Þátttakendur: 4 Sýningar: 2 Áhorfendur: 90

Brauðið

höfundur Wolfgang Borchert, þýðing og leikstjórn Unnar Þór Reynisson.

Þátttakendur: 3 Sýningar: 2 Áhorfendur: 90

Bakkabræður

höfundur og leikstjóri F. Elli Hafliðason.

Þátttakendur: 6 Sýningar: 2 Áhorfendur: 90

Skýrsla stjórnar:

Stjórn hittist á fyrsta fundi sínum og skipti með sér verkum. Stefán Ólafsson varaformaður, Svanhildur Karlsdóttir gjaldkeri, F. Elli Hafliðason ritari og Íris Árný Magnúsdóttir meðstjórnandi. Í varastjórn sátu Gerður H. Sigurðardóttir, Einar Þorgeirsson og Sigrún Sighvatsdóttir. 23 stjórnarfundir voru haldnir á leikárinu enda mikið um að vera.



Hugarflug

Opið hús á menningarhátíðinni Vor í Árborg í tilefni af 50 ára afmæli félagsins. Árshátíð félagsins var haldin 17. maí, mikið grín, mikið gaman. Þemað var „á bakvið tjöldin“, en umsjá og leikstjórn var í höndum þeirra Sigríðar Karlsdóttur og Hrafnhildar Karlsdóttur. Haldin var móttaka í tengslum við árshátíð og 50 ára afmæli félagsins þar sem fimm félagar voru heiðraðir; þau Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson, Ester Halldórsdóttir, Þóra Grétarsdóttir, Sigríður Guðmundsdóttir og Sigríður Karlsdóttir. Félagið fékk veglegar afmælisgjafir þar á meðal peningastyrki frá Kjartani Björnssyni, Kvenfélagi Selfoss, Sveitarfélaginu Árborg og Sparisjóði Suðurlands.

Jarðskjálftinn á Suðurlandi 29. maí hafði ekki mikil áhrif í húsinu okkar, aðeins brotnuðu nokkur glös og annað smávægilegt. Nokkrir félagar fóru á aðalfund Bandalags íslenskra leikfélaga sem haldinn var í Skagafirði og eigum við nú fulltrúa í stjórn BÍL, Guðfinnu Gunnarsdóttur, en einnig situr Guðrún Halla Jónsdóttir í undirbúningsnefnd vegna leiklistarhátíðar NEATA, sem haldin verður á Íslandi 2010 og Sigríður Karlsdóttir á sæti í skólanefnd BÍL. Á fundinum fluttu félagar atriði úr Hnerranum við góðar undirtektir.

Á vordögum var ákveðið að fara í framkvæmdir við áhorfendasvæði í leikhúsinu okkar. Við festum kaup á fallegum rauðum bíósætum úr Tjarnarbió og unnu hirðsmiðir félagsins þrekvirki við að breyta upphækkunum og uppsetningu í haust. Nú ætti að fara vel um áhorfendur í góðum sætum.

Tvö Leikhúsnámskeið fyrir börn voru haldin í júní og júlí í umsjá Sigrúnar Sighvatsdóttur og Írisar Árnýjar Magnúsdóttur. Mjög góð aðsókn var á bæði námskeið og gengu mjög vel.

Fimm félagar sóttu námskeið í Leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga í Svarfaðardal í júní, en einnig sendum við nemandi á ljósanámskeið sem haldið var á vegum sama skóla í vetur.

Í ágústlok hófst undirbúningur vegna vetrarstarfsins með því að haldinn var opinn félagsfundur þar sem starf vetrarins var kynnt. Á haustmánuðum voru haldin þrjú námskeið á vegum félagsins. Kristjana Stefánsdóttir, söngkona og kennari, kenndi raddbeitingu og söng með svokallaðri Complete Vocal tækni og Gunnar Sigurðsson hélt tvö leiklistarnámskeið. Þátttaka á öllum námskeið var góð, en námskeiðin voru einnig opin fyrir leikfélögin hér í nágrenninu.

Hugarflug var svo haldið í október, en þar stigu á stökk leikarar framtíðarinnar sem og eldri refir, en umsjá með hátíðinni var í höndum Sigrúnar Sighvatsdóttur og Stefáns Ólafssonar.

Heimsíða félagsins, leikfelagsselfoss.is hefur verið opnuð og verður smátt og smátt sett inn á hana efni sem tengist sögu félagsins. Tekinn var upp sá gamli og góði siður að vera með opið hús á laugardagsmorgnum og gafst vel, sérstaklega fyrir áramót þegar ekki var verið að æfa í húsinu.

Fjölmargir félagar sóttu haustfund Bandalagsins þar sem haldið var námskeið í stjórnun leikfélaga.

Við tókum á móti ungu fólki sem hér var statt til að taka þátt í Samfés og kynntum fyrir þeim leikhússtarfsemi og lékum við þau. Halaleikhópurinn hélt uppistand í leikhúsinu við góðan róm og aðsókn.

Ákveðið var að tími væri kominn á að setja upp barnasýningu og var Ármann Guðmundsson, leikstjóri og leikskáld, ráðinn til verksins. Frá upphafi var stefnan sett á að setja upp nýtt verk, þýtt eða jafnvel frumsamið. Úr varð að Ármann skrifaði verk fyrir félagið og svo virðist sem sjóræningjaandinn hafi komið yfir hann hér á Selfossi, þó ekki liggi bærinn við sjó. Sjóræningja-prinsessan, barna- og fjölskylduleikrit með söngvum, var frumsýnt 20. febrúar og standa sýningar enn yfir. Afburðaaðsókn hefur verið að sýningunni og uppselt nánast frá upphafi. Jafnframt var ákveðið að taka upp tónlistina í verkinu og gefa út á geisladiski sem seldur hefur verið á sýningum. Nú státar leikfélagið af góðum liðsmönnum í tónlist, en allir tónlistarmennirnir okkar eru nýir félagar og hafa reynst skemmtileg viðbót í mannflórana hér í leikhúsinu við Sigtún.

Mikið af nýju fólki hefur komið til liðs við okkur í Leikfélaginu og er framtíðin björt. Um næstu mánaðarmót verður Leikfélagið gestgjafi aðalfundar BÍL í samstarfi við Leikfélag Ölfuss.

Framundan eru skemmtileg verkefni sem bíða nýrrar stjórnar.

Sigrún Sighvatsdóttir, formaður.



Héri Hérason

Leikfélag Siglufjarðar

Héri Hérason

höfundur Coline Serreau, þýðandi Oddný Eir Ævarsdóttir, leikstjóri Guðjón Sigvaldason.

Þátttakendur: 23

Sýningar: 6

Áhorfendur: 300

Leikfélag Sólheima

Skógarheimar

höfundur Magnús J. Magnússon, leikstjóri Þórný Jakobsdóttir.

Þátttakendur: 45

Sýningar: 6

Áhorfendur: 615

Skýrsla stjórnar:

Aðalfundur Leikfélags Sólheima hefur verið haldinn og ný stjórn kjörin. Formaður er Sölvi Hilmarsson, ritari er Þórný Jakobsdóttir, gjaldkeri er Þorvaldur Kjartansson, meðstjórnendur eru þau Vigdís Garðarsdóttir og Magnús Valsson.

Verkefni ársins 2008 var Dýrin í Hálsaskógi eftir Torbjörn Egner, sýningar urðu 6 og áhorfendur um 1000. Félagsmenn og aðstandendur fóru að afloknum sýningum á veitingastaðinn Við fjöruborðið og snæddu dýrindis humarsúpu. Svo var litið við á Veiðisafninu, skemmtilegur endir á góðu starfsári.

Valdimar Ingi Guðmundsson.



Grýla gerir uppreisn

Leikfélag Vestmannaeyja

Blái hnötturinn

höfundur Andri Snær Magnason, leikstjóri Guðjón Þorsteinn Pálmarsson.

Þátttakendur: 30

Sýningar: 7

Áhorfendur: 682

Hárið

höfundar Gerome Ragni, James Rado, Michael Weller, þýðandi Davíð Þór Jónsson, leikstjóri Laufey Brá Jónsdóttir.

Þátttakendur: 27

Sýningar: 10

Áhorfendur: 960

Grýla gerir uppreisn

höfundar og leikstjórar Alma Eðvaldsdóttir, Arndís Atladóttir, Eva Lilja Árnadóttir og Steinunn R. Guðmundsdóttir.

Þátttakendur: 80

Sýningar: 8

Áhorfendur: 725

Sagan um Rockubusku

leikgerð og leikstjórn Alma Eðvaldsdóttir.

Þátttakendur: 18

Sýningar: 7

Áhorfendur: 686

Leikfélag Ölfuss

Blúndur og blásýra

höfundur Joseph Kesselring, þýðandi Karl Ágúst Úlfsson, leikstjóri Gunnar Björn Guðmundsson.

Þátttakendur: 12

Sýningar: 8

Áhorfendur: 750

Skýrsla stjórnar:

Á síðasta aðalfundi, sem haldinn var 15. september, var ákveðið að breyta leikárinu til samræmis við það sem gerist hjá öðrum aðildarfélögum Bandalags íslenskra leikfélaga. Þetta var m.a. gert til að auka hagræði vegna styrkumsókna hjá Bandalaginu og öðrum styrkveitendum. Af þessum sökum er leikárið okkar óvenju stutt í ár en



Blúndur og blásýra

ekki að sama skapi tíðindalaust.

Stærstu tíðindi ársins eru vafalaust þau að við fengum loks inni í gömlu hafnarvoginni í Þorlákshöfn. Það var í ágúst 2008 sem við óskuðum fyrst eftir að fá afnot af húsnæðinu en eftir eillitar samningaviðræður fengum við húsnæðið afhent í nóvember. Ráðist var í nokkrar breytingar og lagfæringar á húsnæðinu og sáu félagar um að mála, rífa veggir og gera húsnæðið þannig úr garði að það gæti hýst leikmuni, fatnað og fundaaðstöðu. Húsið var vígt 13. desember en þá héldum við opið hús þar sem gestum og gangandi bauðst að skoða aðstöðuna, hlýða á upplestur úr nýjum bókum og spjalla. Um kvöldið héldum við hressilegan innflutningsgleðskap fyrir félagi LÖ, en æ síðan hefur húsið nýst okkur afar vel til funda, æfinga og veisluhalds. Það sama er með sanni hægt að segja um heimili gjaldkera, Lýsuberg 14, þar höfum við æft, fundað og glaðst.

Nokkrir stjórnarmeðlimir fóru á haustfund Bandalags íslenskra leikfélaga sem haldinn var í húsakynnum Leikfélags Kópavogs þann 22. nóvember. Þar voru haldin erindi um stjórnun leikfélaga, farið í ýmis praktísk atriði varðandi þau mál og svo var haldin stutt kynning á Bandalaginu og hvernig það getur komið áhugaleikfélögum að gagni. Um kvöldið var haldið hóf í nýju húsnæði Bandalagsins að Suðurlandsbraut þar sem útgáfu bókarinnar Allt fyrir andann var fagnað.

Fyrir síðasta aðalfund hafði stjórn þegar ráðið leikstjóra og valið leikritið Blúndur og blásýra eftir Joseph Kesselring. Fyrsti samlestur fór fram 29. október í bílskúrnum að Lýsubergi 14 og æfingar fóru þar fram þar til í byrjun desember þegar við færðum okkur yfir í Versali. 1. desember sýndi leikhópurinn hálfæft atriði á dansleik félags eldri borgara við mikla kátínu viðstaddra. 13. desember var gert stutt jólahlé á æfingunum en 3. janúar hófust æfingar aftur af fullum krafti. Þann 16. janúar var frumsýning og er skemmt frá því að segja að leiksýningin sló rækilega í gegn, sýndar voru alls 8 sýningar fyrir fullu húsi. Fjöldi manns lagði hönd á plóginn til að gera mætti sýninguna sem glæsilegasta, sumir gegn gjaldi en aðrir fyrir gleðina eina og boðsmíða, þar má m.a. nefna Sæmund Gíslason smið og hans kumpána, Hallgrím Erlendsson og Benna Axels að ógleymdum gömlum og nýjum félögum í LÖ. Hópurinn sem tók þátt í Blúndur og blásýru hittist síðast heima hjá Ástu gjaldkera 22. apríl, þar sem snædd var dýrindis súpa og horft á upptöku af sýningunni. Við það tækifæri var tekin endanleg ákvörðun, sem reyndar hafði lengi legið í loftinu, um að Gunnar Björn myndi leikstýra félaginu aftur á nýju leikári.

Félagar hafa tekið að sér skemmtanir hér og þar, m.a. hjá Kiwanismönnun og Golfklúbbi Bakkakots. Við sömdu og sýndum revíu á þorablótinu 7. febrúar og mánuði síðar sýndum við frumsamið atriðið á árhátið eldri borgara þar sem reynt var að líta á reynsluheim þeirra með spaugilegum hætti.

Við réðumst í ýmsar fjárfestingar á árinu, við skiptum gömlu leikmyndinni alveg út þar sem hún var afar þung og óhentug til flutninga, við keyptum dimmera fyrir 6 ljós og ljósaborð. Einnig keyptum við efni í hliðartjöld í Versali sem nokkrir vaskir félagar saumuðu svo saman. Sveitarfélagið keypti brautir í loftið í Versölum svo hægt væri að setja tjöldin upp eftir hentugleikum. Töluverð eftirsókn er í að fá tjöldin lánuð.

LÖ og Leikfélag Keflavíkur gerðu með sér óformlegan samstarfssamning þess efnis að félagar fengju verulegan afslátt af aðgangseyri á sýningar. Nokkrir félagar hafa þegar notið góðs af og verður þetta vonandi til að efla samstarf við nágrannafélög enn frekar.

Leikfélag Ölfuss og Leikfélag Selfoss stóðu að aðalfundi Bandalags íslenskra leikfélaga í ár. Fundurinn var haldinn að Hótel Hlíð í Ölfusi dagana 1.–2. maí og heppnaðist afar vel. Við það tækifæri greindi þjóðleikhússtjóri, Tinna Gunnlaugsdóttir, frá vali á athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins. Leikfélag Ölfuss sótti að sjálfsögðu um með Blúndur og blásýru en ekki hrepptum við hnossið í þetta sinn, það var Freyvangsleikhúsið sem sigraði með rokksöngleikinn Vínland.

Við sóttum um styrki í ár og fengum frá Menningarnefnd Ölfuss 120 þúsund krónur og 300 þúsund frá Menningarráði Suðurlands. Báðir styrkirnir eru ógreiddir og koma inn í bókhald félagsins á næsta leikári.

Árný Leifsdóttir, formaður.

Leikfélagið Grímnir

Jesús Guð Dýrlingur

höfundar Andrew Loyd Webber og Tim Rice, þýðandi Niels Óskarsson, leikstjóri Guðjón Sigvaldason.

Þátttakendur: 76

Sýningar: 11

Áhorfendur: 830

Skýrsla stjórnar:

Leikárið sem er að ljúka var skemmtilegt með eindæmum. Leikverkið okkar, Jesús Guð Dýrlingur eftir Andrew L. Webber og Tim Rice í þýðingu Nielsar Óskarssonar, í leikstjórn Guðjóns okkar Sigvaldasonar, gerði stormandi lukku.

Ákveðið var að leiklistarval grunnskólans hér í Stykkishólmi setti verkið upp með okkur og að Lárus Ástmar kennari bæri ábyrgð á þeim. Tókst sú samvinna með ágætum.

Æfingar hófust í enda september og gengu bara vel. Eins og vanalega var vel skipað í hvert



hlutverk, þ.e.a.s. persónurnar pössuðu hlutverkinu.

Guðjón hannaði sviðsmynd, sem var einstök, búningar voru frábærir, frábærar saumakonur, frábærir leikarar, já allt frábært!

Frumskýnt var á afmælisdaginn minn, þann 12. nóvember, og var fullt hús. Sýningar urðu 11. Dagana 9.–11. janúar fórum við til Reykjavíkur og sýndum í Félagsheimili Seltjarnarness. Frábær aðstaða. Óskuðum við okkur þess að hægt væri að flytja það hús vestur, því það stendur víst til að rífa það.

Aðsókn var góð og eiginlega metaðsókn, og þá er meðtalin ferðin til Reykjavíkur – sem var alveg frábær og ég er mjög stolt af mínu fólki.

Stjórnarfundir voru á æfingartíma eftir þörfum, auk funda fyrir undirbúning suðurferðar. 2 fundir voru á vormánuðum til að undirbúa aðalfund og vegna styrktartónleika sem haldnir voru 27. maí 2009.

Við sóttum um alla hugsanlega styrki en ekki fengum við nóg til að dekkja kostnaðinn við leikritið, efniskaup, vinnu og áhorfendapallana sem redduðu okkur alveg, bæði hér og í Reykjavík. Menningarráð Vesturlands styrkti okkur vegna fyrirhugaðarar uppsetningar á Gullna hliðinu. Bærinn styrkti okkur, en betur má ef duga skal því fjárhagur okkar er ekki sem bestur um þessar mundir.

Húsnæðismál eru okkar helsta áhugamál fyrir utan leik, það er endalaust hægt að láta sig dreyma og vonandi tekur Stykkishólmsbær við sér. Það hefur háð okkur gífurlega, þegar við höfum af miklum hug tekið hvert stórvirkið á fætur öðru, hvernig húsnæðismálum er háttað. Við höfum ekki getað skipulagt og um leið þá ekki auglýst sýningar fram í tímann þar sem við þurfum alltaf að víkja ef eitthvað kemur uppá í félagsheimilinu. Höfum við þá þurft að taka niður sýningar, þ.m.t. hljóðfæri og hljóðkerfi, þrifa allt eftir okkur og eftir þann atburð sem á sér stað í húsinu og setja svo sýninguna upp aftur og stóla upp salinn auðvitað líka. Þetta eykur gífurlega álagið á þá sem standa að þessu og er þetta eiginlega ekki gerandi né forsvaranlegt ár eftir ár. Það leit út fyrir núna að við næðum aldrei að sýna Jesús Guð Dýrling um helgi. Ekki er hægt að una við þetta lengur, leikfélagið hefur unnið mikið og metnaðarfullt starf og sinnt um leið miklu æskulýðsstarfi.

Þar sem ég gef ekki kost á mér til formanns, eftirlæt ég nýrri stjórn að finna nýjar leiðir og óska þeim velfarnaðar. Það er vegna veikinda sem ég segi starfi mínu lausu. Mér finnst ég ekki hafa staðið mig sem skyldi, alltaf lasin eða að verða lasin og andrúmsloftið og rykið á hótelinu og hér á ekki við mig og asmann.

Það hefur verið yndislegt að vinna með ykkur og frábært að sjá alla blómstra innan leikhússins. Óska ykkur velfarnaðar á komandi árum.

Anna Sigríður Guðmundsdóttir, formaður.

Þar sem aðalfundur var haldinn áður en tónleikarnir voru haldnir kemur hér smá viðbót við skýrsluna. Þann 27. maí voru haldnir styrktartónleikar til styrktar leikfélaginu. Að tónleikunum stóðu ungir félagar í leikfélaginu sem hafa verið með okkur síðustu ár. Þetta var tónlistarveisla sem stóð yfir í 2 klst. Mikið var lagt í tónleikana og voru lögin á efniskránni frá árunum 1965–1975. Tónleikarnir voru haldnir í íþróttahúsinu og sóttu þá um 150 manns. Þetta framtak unga fólksins var alveg frábært og mjög ánægjulegt að fylgjast með þeim fylgja þessu verkefni eftir og var útkoman eins og áður segir, hreint frábær.

I.E.



Álpera

Leikfélagið Peðið

Skeifa Ingibjargar

höfundur Benóný Ægisson, leikstjóri Lísa Pálsdóttir.

Þátttakendur: 12 Sýningar: 5 Áhorfendur: 250

Álpera

höfundur og leikstjóri Jón Benjamín Einarsson.

Þátttakendur: 17 Sýningar: 5 Áhorfendur: 250

Litla stúlkan með eldspýturnar

höfundur H.C. Andersen, leikgerð Magnús Pétursson, leikstjóri Björn Gunnlaugsson.

Þátttakendur: 8 Sýningar: 4 Áhorfendur: 150

Einn aðfangadagsmorgun

höfundur Gunnar Gunnarsson, leikstjóri Björn Gunnlaugsson.

Þátttakendur: 8 Sýningar: 4 Áhorfendur: 150

Skýrsla stjórnar:

Síðasta leikár var viðburðarríkt hjá Peðinu. Á menningarhátíð í byrjun júní reyndum við þá nýbreytni að setja upp verk eftir annan höfund en hirðskáldið okkar, Jón Benjamín Einarsson. Þetta var leikritið Skeifa Ingibjargar eftir Benóný Ægisson sem Lísa Pálsdóttir leikstýrði með aðstoð Vilhjálms Hjálmarssonar. Verkið hentaði sérlega vel fyrir Peðið þar sem tónlist skipar stóran sess í því og þar sem við erum svo heppin að hafa á að skipa fjölda frábærra tónlistarmanna hafa slík verk verið vinsæl hjá okkur. Uppsetningin fékk gífurlega góðar viðtökur og var okkur m.a. boðið að sýna það á Bræðslunni á Borgarfirði eystri og víðar. Af því varð þó ekki vegna fjárskorts.

Á aðventunni kvað svo enn við nýjan tón þegar Björn Gunnlaugsson setti upp gamalt klassískt barnaleikrit, Litlu stúlkuna með eldspýturnar eftir H.C. Andersen í leikgerð Magnúsar Péturssonar og nýtt verk, Einn aðfangadagsmorgun, eftir Gunsó. Í Litlu stúlkunni var upprunaleg tónlist Magnúsar en Haraldur Davíðsson og Einar Valur Maack sömdu tónlist við verk Gunsó. Sýningin var sú fjölmennasta sem Peðið hefur ráðist í hingað til og aðstoðaði Lísa Pálsdóttir Björn við leikstjórnina. Verkinu var vel tekið og sérlega ánægjulegt að fá í hópinn nýjan höfund. Vil ég nota tækifærið til að hvetja fleiri til að storma fram á ritvöllinn og skrifa fyrir okkur verk.

Um páska settum við síðan upp þriðja verkið á leikárinu, Álperu eftir Jón Benjamín. Páskasýning er nýjung hjá leikfélaginu þar sem sá tími hentar betur til sýninga á heilu verki en menningarhátíð. Höfundur fór sjálfur með leikstjórn ásamt Vilhjálmi Hjálmarssyni og fengum við til liðs við okkur nokkra leikara úr Halaleikhópnum. Tónlistin í verkinu var eftir þá Björgúlf Egilsson og Kormák Bragason og heppnaðist sýningin vel í alla staði.

Næstu verkefni hjá leikfélaginu eru fyrir menningarhátíð, 4.–7. júní og er undirbúningur í fullum gangi. Við höfum ákveðið að leggja áherslu á styttri verk á menningarhátíð og munum við sýna tvær slíkar sýningar, annars vegar Komið og farið eftir Samuel Beckett í leikstjórn Guðjóns Sigvaldasonar og hins vegar Léttar meistarafléttur þar sem Björn Gunnlaugsson, Guðleifur Rafn Einarsson og Stefán Berg skiptast á að leikstýra hverjir öðrum. Að auki mun Peðið standa fyrir „Perulagakvöldi“ þar sem flutt verða nokkur af þeim lögum sem samin hafa verið fyrir verk Jóns Benjamíns.

Ég tók þátt í formlegri stofnun þessa leikfélags fyrir tveimur árum og hef setið í stjórn síðan þá. Þetta hefur verið skemmtileg reynsla og ég er alltaf jafnfröðulostin yfir kraftinum og leikgleðinni í þessu litla Peði. Ég hef nú ákveðið að gefa ekki kost á mér til áframhaldandi stjórnarsetu. Ég vil þakka meðstjórnendum mínum kærlega fyrir samstarfið og óska nýrri stjórn alls hins besta – það er ekkert víst að þetta klikki.

Elín Hilmarsdóttir, fráfarandi formaður.

Leikfélagið Sýnir**Eyjan**

eftir leikhópin og leikstjórnann Snæbjörn Brynjarsson.

Þátttakendur: 3

Sýningar: 10

Áhorfendur: 163

Skýrsla stjórnar:

Aðalfundur Leikfélagsins Sýnis var haldinn á vordögum 2008 og þá voru kosnar í stjórn Jenný Lára Arnórsdóttir, Gerður Halldóra Sigurðardóttir, Guðrún Sóley Sigurðardóttir, Elfa Dröfn Stefánsdóttir og Helga Ragnarsdóttir.

Ákveðið var að ráða Snæbjörn Brynjarsson sem leikstjóra sumarsins en hann var þá að útskrifast af braut kenndri við Fræði og framkvæmd í Listaháskóla Íslands.

Fyrsti samlestur var haldinn 3. júní og mætti dágóður slatti af áhugasömum leikaraefnum á þann fund og leikstjórinn kynnti fyrir hópnum þrjár hugmyndir til að vinna út frá og átti svo hópurnum að velja það sem þeim leist best á. Var það svo efniviðurinn Hamingja og heimiska sem bar sigur úr býtum.

Fyrsta æfing var haldin þann 18. júní í Hellisgerði í Hafnarfirði, sem einnig átti eftir að verða aðalsýningarstaður hópsins. Þangað mættu aðeins færri en á fyrsta fund en engu að síður góður hópur. Fólki leist vel á og hlakkaði til vinnu sumarsins.

Æfingar gengu vel en fljótt fór að fækka í hópnum vegna annarra skuldbindinga, veikinda eða jafnvel áhugaleysis. Á endanum urðu aðeins eftir þrjár leikkonur. Leikarafæðin kom þó ekki að sök því leikkonurnar voru hver annari betri. Þær voru Guðrún Sóley Sigurðardóttir, Ingrid Karlsdóttir og Kristín Svanhildur Helgadóttir.

Verkefnið fékk svo að lokum nafnið Eyjan og var spunaverk sem segir sögu þriggja mismunandi kvenna sem festast saman á eyðeyju eftir hræðilegt flugslys og verða að takast á við hinn nýja raunveruleika. Ekki er allt sem sýnist á eyjunni og stuttu eftir komu þeirra á eyjuna byrja mörkin milli draums og veruleika að mást út. Innan skamms eru konurnar þrjár komnar í baráttu upp á líf og dauða, sannleika og lyga.



Eyjan

Á æfingatímabilinu var farið í æfingabúðir yfir helgi á Selfoss og opnaði Leikfélag Selfoss dyr sínar fyrir okkur og þökkum við þeim fyrir það. Verkið sjálft var frumsýnt 2. ágúst á Akureyri. Eins og áður sagði var aðalsýningarstaður svo Helligsgerði í Hafnarfirði en einnig var farið með sýninguna á Selfoss og til Dalvíkur á Fiskidaginn mikla. Alls voru syndar átta sýningar af Eyjuni.

Jenny Lára Arnórsdóttir, formaður.



Þjóðleikhúsið hóar til Þjóðleiks á Austurlandi

Leikhópurinn Lopi

Blekkingin

höfundur og leikstjóri Magnús J. Magnússon.

Þátttakendur: 34

Sýningar: 4

Áhorfendur: 200

Ísvélin

höfundur Bjarni Jónsson, leikstjóri Magnús J. Magnússon.

Þátttakendur: 14

Sýningar: 5

Áhorfendur: 150

Dúkkulísa

höfundur Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, leikstjóri Magnús J. Magnússon.

Þátttakendur: 14

Sýningar: 5

Áhorfendur: 150

Skýrsla stjórnar:

Stjórn skipa Magnús J. Magnússon formaður, Ágústa Baldursdóttir gjaldkeri, Ólafur H. Magnússon ritari og í varastjórn eru Hólmgrímur E. Bragason og Íris Árný Magnúsdóttir.

Starfsemi Leikhópsins Lopa var með hefðbundnum hætti þetta leikárið. Starfið hófst í september með fundi. Á hann mættu 35 áhugasamir einstaklingar og var strax hafist handa við haustverkefnið. Ákveðið var að sýna leikritið Blekkinguna og eftir skemmtilegt æfingaferli var frumsýnt 30. nóvember. Sýnt var í Mánagarði og urðu sýningar 4 þegar upp var staðið.

Í janúar hófust æfingar á leikritunum Ísvélin eftir Bjarna Jónsson og Dúkkulísu eftir Þórdísi Elvu. 14 leikarar tóku þátt í þessum leikritum. Frumsýnt var 11. mars. Farið var með sýningarnar á leiklistarhátíð Þjóðleiks sem haldin var á Egilsstöðum dagana 24.–26. apríl. Það gekk afar vel, svo og hátíðin öll. Starfsárið hefur verið mjög skemmtilegt og komum við Lopar vel undan vetri.

Magnús J. Magnússon, formaður.

Leikhópurinn Vera

Dúkkulísa

höfundur Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, leikstjórar Sigrún Eva Grétarsdóttir og Eva Ösp Örnólfsdóttir.

Þátttakendur: 22

Sýningar: 5

Áhorfendur: 180

Skýrsla stjórnar:

Lítið hefur verið um að vera hjá Leikhópnum Veru síðustu ár. Það hafa verið haldnir 2 stjórnarfundir á síðustu 4 árum, og 3 stjórnarmeðlimir eru fluttir af staðnum.

Reynt var að halda aðalfund í júní 2008, en það mættu fáir og formaðurinn sendi inn bréf með úrsögn sinni án þess að skila af sér skýrslu formanns, þannig að nú ríkir hjá okkur einskonar stjórnarkreppa. Við vorum ekki alveg viss um hvernig við ættum að snúa okkur í þessu, og ekki mættu nógu margir á fundinn til að hægt væri að kjósa nýja stjórn, þannig að það var ákveðið að fresta fundi fram á haustið 2008. En þar sem okkur hefur enn ekki tekist að finna neinn sem er tilbúinn að taka að sér formennskuna höfum við ekki haldið aðalfund ennþá.

Á þessum fundi í júní var ákveðið að reyna að gera eitthvað skemmtilegt um Franska daga en það gekk ekki eftir þar sem ekki fékkst nógur mannskapur í verkið.

Í ársbyrjun 2009 ákváðu Brynhildur og María fyrir hönd Leikhópsins að fara í samstarf við grunnskólana á Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði um að taka þátt í Þjóðleik, leikhúsverkefni fyrir ungt fólk á Austurlandi. Þetta samstarf endaði með því að sett var upp leikritið Dúkkulísur sem frumsýnt var 28. mars 2009. Sýningar gengu vel og stóðu börnin sig með miklum sóma. Það er von okkar að þetta samstarf verði til þess að blása nýju lífi í leiklistarlífið á staðnum með aðstoð unga fólksins okkar.

Brynhildur Guðmundsdóttir.



Merki Þjóðleiks

Leikklúbbur Laxdæla

Kubbur og Stubbur

höfundur Þórir S. Guðbergsson, leikstjóri Katrín Lilja Ólafsdóttir.
Þátttakendur: 20 Sýningar: 2 Áhorfendur: 152

Spretthlauparinn

höfundur Agnar Þórðarson, leikstjóri Ingrid Jónsdóttir.
Þátttakendur: 13 Sýningar: 3 Áhorfendur: 306

Leikklúbburinn Saga

Opunarahátíð Valhalla Bank

eftir leikhópin og leikstjórana Evu Rún Snorradóttir og Aðalbjörgu Þóru Árnadóttir.
Þátttakendur: 110 Sýningar: 3 Áhorfendur: 143

Skýrsla stjórnar:

Leikklúbburinn Saga hefur nú legið í dvala um nokkurn tíma en í byrjun árs lögðust nokkrir gömlu meðlima klúbbsins á eitt að blása lífi í kerlu.

Þetta var í byrjun kreppunnar miklu og var því ákveðið að hrinda af stað samfélagslegu leiklistarverkefni undir hatti Leikklúbbsins Sögu, að nafni Samlist, þar sem sérstaklega var kallað eftir fólki sem misst hafði atvinnu sína til að koma og leggja sitt að mörkum, hvort sem það var með leik, tónlist, leikmyndasmíði, búningahönnun eða öðru tilfallandi.

Við fengum listakonurnar Aðalbjörgu Þóru Árnadóttur og Evu Rún Snorradóttur til að leikstýra verkefninu sem var algjörlega opið í upphafi ferlisins og lögðu þær mikla áherslu á að sýningin yrði til út frá þátttakendum og því rými sem sýnt var í.

Sýningin var fljót að taka á sig mynd eftir að leikklúbbum áskotnaðist bankarými Kaupþings Banka að Glerártorgi – var ekki tilvalið að opna nýja banka á þessum síðustu og verstu tímum!?

Sýningin hlaut nafnið „Opunarahátíð Valhalla Bank“ og voru þátttakendur á endanum í kringum hundraðið. Ýmsir aðilar og hópar á Akureyri voru fengnir til að taka þátt; kórar, hagyrðingar, sláturkonur, fegurðardrottningar og listamenn svo eitthvað sé nefnt.

Sýningin var aðeins sýnd þrisvar enda mikil að umfangi og fékk góðar en misgóðar viðtökur. Beittur og samfélagsgagnrýnninn húmor var dulbúinn í heldur misheppnaðri opunarahátíð erlends banka sem ætlaði sér að „bjarga Norðlendingum úr fjötrum eignarhalds“ og þótti sumum nóg um á meðan aðrir sögðu sýninguna mikla og stórskemmtilega upplifun.


Nú að lokinni sýningu hefur leikklúbburinn Saga tekið aftur flugið með nýjum og ferskum meðlimum fullum af hugmyndum og stefnan sett á útrás Valhallabank til Reykjavíkur á Menningarnótt og einnig eru hugmyndir uppi um norrænt samstarf á næstu misserum.

Samlistasýning á Akureyri

Sameining lista, fólks og samfélags

Vid leitum að

Leikurum
Dönsurum
Myndlistafólki
Tónlistafólki
Fatahönnuðum
Förðunarfræðingum
Smíðum
Ljós- og hljóð fólki
Matráðum
Auglýsingastjóra
Bílstjóra
Íhlaupafólki



Verkefnið er grasrótarstarf listafólks í bænum með samstöðu og nýjar leiðir að markmiði. Allt starfið er unnið í sjálfbodastarfi.

Skráning er hafin

Allar upplýsingar finnuru á www.akureyri.is/samlist
Skráðu þig á samlist@akureyri.is með nafni, kennitölu og hvernig þú vilt koma að Samlistasýningu

Verkefnisstjóri J. Vala Höskuldsdóttir S: 8683803

Saga auglýsir eftir fólki

Jóhanna Vala Höskuldsdóttir, formaður.



Margt býr í þokunni

Leiklistarfélag Seltjarnarness

Margt býr í þokunni

höfundar William Dinner og William Morum, þýðandi Ásgerður Ingimarsdóttir, leikstjóri Bjarni Ingvarsson.

Þátttakendur: 16

Sýningar: 6

Áhorfendur: 270

Skýrsla stjórnar:

Leikárið 2008–2009 var ákveðið að ráðast í uppfærslu stærra leikverks. Árin 2 á undan höfðum við verið í smærri verkefnum.

Strax á haustmánuðum byrjuðum við að hittast og velja úr handritum. Eftir mikinn lestur og pælingar var ákveðið að hefja æfingar á leikritinu „Margt býr í þokunni“. Eins og undanfarin ár var leikstjóri okkar Bjarni Ingvarsson og var áætlað að frumsýna 12. mars. Vegna ýmissa áfalla á

meðan á æfingaferlinu stóð tókst ekki að frumsýna fyrr en 19. apríl. Það má því segja að þótt ýmislegt stæði í vegi fyrir því að við gætum yfir höfuð frumsýnt nokkuð á þessu leikári að þá héldum við ótrauð áfram.

16 manns komu að þessari sýningu og inn í hópinn bættust nokkrir nýir félagar sem lofa mjög svo góðu. Sýningunni var mjög vel tekið og teljum við að við höfum töluvert létt lund landans á þessum erfiðu tímum. Stefnt er að því að taka leikverkið aftur upp í haust og jafnvel fara í leikferðalag. Þótt leiklistarhópurinn okkar hér á Seltjarnarnesi sé ekki stór er þó mikill hugur í félagsmönnum og enga uppgjöf að finna .

Guðrún Ágústsdóttir, formaður.



Jón og Hólmfríður

Leiknefnd Umf. Grettis, Miðfirði

Jón og Hólmfríður

höfundar Gabor Rassov, þýðandi Guðrún Vilmundardóttir, leikstjóri Aðalbjörg Þóra Árnadóttir.

Þátttakendur: 9

Sýningar: 3

Áhorfendur: 283

Skýrsla stjórnar:

Stjórnin er þannig skipuð: Sigurbjörg Jóhannesdóttir formaður, Ingibjörg Jónsdóttir gjaldkeri og Sæunn Vígdis Sigvaldadóttir ritari.

Ungmennafélagið Grettir hélt upp á 80 ára afmæli félagsins í nóvember síðastliðnum. Ákveðið var að fara af stað með leiksýningu en hefur sú starfsemi verið bágborin síðastliðna 2 áratugi.

Félagið fékk leikstýruna Aðalbjörgu Þóru Árnadóttur með sér í verkefnið og þar sem þáttaka leikenda var ekki mikil var leitað aðstoðar Aðalbjargar með val á leikriti. Kom hún með handrit að leikritinu Jón og Hólmfríður eftir Gabor Rassov. Þar sem handritið þótti að hluta til í grófara lagi var nokkrum setningum þess sleppt en þó hluta þeirra aftur bætt við á lokasýningu leikritsins.

Æfingar og annar undirbúningur tókst vel og var samvinnan mjög góð. Leikararnir hrósuðu Aðalbjörgu hástöfum fyrir starf sitt. Fyrsta sýning fór fram 8. nóvember, önnur viku seinna og sú þriðja þann 26. desember. Mæting var góð fyrsta kvöldið en hefði mátt vera betri hin tvö. Á lokasýningunni var ákveðið að dekkja félagsheimilið upp og gera smá kaffihúsastemningu. Ekki er vitað um framtíðarplön leikfélagsins, miðað við þátttöku félaga á þessu leikriti. Eru félagsmenn þó sáttir með uppsetninguna á Jóni og Hólmfríði.

Ingibjörg Jónsdóttir.

Litli leikklúbburinn

Við heimum aukavinnu

söngdagskrá eftir Jónas og Jón Múla Árnasyni, leikstjóri Elfar Logi Hannesson.

Pátttakendur: 20 Sýningar: 14 Áhorfendur: 1.160

Við borgum ekki

eftir Dario Fo, þýðendur Ingibjörg Briem og Guðrún Ægisdóttir, leikstjóri Hrafnhildur Hafberg.

Pátttakendur: 10 Sýningar: 5 Áhorfendur: 97



Við heimum aukavinnu

Snúður og Snælda

Hressingarheimilið

höfundur og leikstjóri Bjarni Ingvarsson.

Pátttakendur: 15 Sýningar: 13 Áhorfendur: 927

Stúdentaleikhúsið

Pöglir farþegar

höfundur og leikstjóri Snæbjörn Brynjarsson.

Pátttakendur: 21 Sýningar: 10 Áhorfendur: 500

SCARTA

eftir leikhópin og leikstjórn VÍking Kristjánsson.

Pátttakendur: 27 Sýningar: 10 Áhorfendur: 150

Vitið þér enn eða hvað

eftir leikhópin og leikstjórn Tryggva Gunnarsson.

Pátttakendur: 6 Sýningar: 5 Áhorfendur: 230



Pöglir farþegar

Umf. Biskupstungna

Sex í sveit

höfundur Marc Camoletti, þýðandi Gísli Rúnar Jónsson, leikstjóri Gunnar Björn Guðmundsson.

Pátttakendur: 11 Sýningar: 11 Áhorfendur: 590



Sex í sveit



Kvennaskólaævintýrið

Umf. Efling, leikdeild

Kvennaskólaævintýrið

höfundur Böðvar Guðmundsson, leikstjóri Arnór Benónýsson.

Þátttakendur: 43

Sýningar: 13

Áhorfendur: 1.073

Skýrsla stjórnar:

Ný leiknefnd kom saman til fyrsta fundar 3. september á Narfastöðum. Leiknefndarmenn voru Þorgrímur Daníelsson á Grenjaðarstað, formaður, Unnsteinn Ingason á Narfastöðum, Hörður Benónýsson á Hömrum og Þorgerður Sigurgeirsdóttir á Völlum. Leiknefnd fundaði síðan eftir því sem þurfa þótti á starfsárinu.

Eitt leiklistarnámskeið var haldið á árinu undir stjórn Arnórs Benónýssonar.

Eftir að leiknefnd hafði kynnt sér all mörg leikverk var ákveðið að taka til sýninga „Kvennaskólaævintýrið“ eftir Böðvar Guðmundsson. Leikstjóri var ráðinn Arnór Benónýsson. Tónlistarstjóri var Jan Alavere. Æfingar á Kvennaskólaævintýrinu hófust 31. október. Frumsýnt var 14. mars á Breiðumýri. Alls voru sýningar 13. Sýningin hlaut lofsamlega dóma og uppselt var á margar sýningar.

1. júní 2009 tók til starfa ný leiknefnd. Unnsteinn og Þorgrímur létu af störfum en Ingólfur Sigfússon Laugum, tók sæti í leiknefnd. Formaður nýrrar leiknefndar er Hörður Benónýsson.

Fyrir hönd fráfarandi leiknefndar, Þorgrímur Daníelsson.



Lína langsokkur

Umf. Íslendingur, leikdeild

Lína langsokkur

höfundur Astrid Lindgren, þýðandi Þórarinn Eldjárn, leikstjóri Ása Hlín Svavarsdóttir.

Þátttakendur: 40

Sýningar: 12

Áhorfendur: 906

Umf. Reykdæla

Töðugjaldaballið, sendu mér SMS

höfundar Bjartmar Hannesson og Hafsteinn Þórisson, leikstjórar Steinunn Garðarsdóttir og Jón Pétursson.

Þátttakendur: 33

Sýningar: 10

Áhorfendur: 793



Töðugjaldaballið

Umf. Skallagrímur, leikdeild*Á sviði!*

höfundur Rick Abbot, þýðandi Guðjón Ólafsson, leikstjóri Rúnar Guðbrandsson.
Þátttakendur: 10 Sýningar: 9 Áhorfendur: 550

*Á sviði!*

NAR-ráðstefna á Íslandi

Haldin að Hótel Cabin í Reykjavík dagana 11.–13. nóvember 2008 fyrir starfsmenn þjónustumiðstöðva norrænu bandalaganna. Ráðstefnustjóri var Vilborg Valgarðsdóttir.

Dagskrá:

Þriðjudagur 11. nóvember:

17.00 Safnast saman í anddyrinu á Hótel Cabin. Upplýsingar og kaffi.

18.00 Gönguferð með leiðsögn Birnu Þórðardóttur um miðbæ Reykjavíkur.

Miðvikudagur 12. nóvember:

9.00 Ráðstefnan sett á Hótel Cabin.

a) Þátttakendur kynna sig og bandalögin sín og segja frá starfi þjónustumiðstöðvanna í hverju landi.

b) Staðan á rafvæðingu handritasafna, framhald frá síðustu ráðstefnu sem haldin var í Visby á Gotlandi 2006.

Skýrsla frá hverju landi fyrir sig.

11.00 NAR í nútíð og framtíð.

Hvað verður um starfsemi NAR – hvernig fjármögnum við sameiginleg verkefni?

Hilmar Joensen, formaður NAR hefur framsögu.

14.00–17.00 Áhugaleikhús, þegar það er best.

Fyrirlestur Sigrúnar Valbergisdóttur.

Samvinna milli áhuga- og atvinnumanna í íslensku leikhúsi og

hvernig hún hefur virkað sem hvati til framþróunar og sem nauðsynleg undirstaða íslensks áhugaleikhúss. Tekið er dæmi af áhugaleikfélagi sem hefur meðvitað þróað starfsemi sína á nýstárlegan hátt.

Umræður.

Fimmtudagur 13. nóvember:

9.00 Ráðstefnunni fram haldið á Hótel Cabin.

ESB – NEATA-verkefni, Kristian Hald Jensen frá Danmörku segir frá stöðu á umsókn í Menningarsjóð ESB.

11.30 Norrænir styrkjarmöguleikar.

Samnorræn áhugaleikhúsverkefni – leiðir til fjármögnunar. Samnorræn og baltnesk áhugaleikhúsverkefni – eru styrkjarmöguleikar hjá norrænum sjóðum?

Helga Kristjánsdóttir, starfsmaður Norræna menningarsjóðsins flytur erindi og svarar fyrirspurnum.

14.00–16.00 Samantekt á umræðuefnum beggja dagana og ráðstefnuslit.

17.00 Rúta í Bláa lónið þar sem ráðstefnugestir baða sig undir norðurljósunum og borða síðan kveðjumáltíð saman.



Ráðstefnugestir voða glaðir á svölum Hótel Cabin

Þátttakendur:

Malan Matras Joensen, Færeyjum
 Hilmar Joensen, Færeyjum
 Mats Wenlöf, Svíþjóð
 Tomas Östling, Svíþjóð
 Marie Svedberg, Svíþjóð
 Christin Sundt, Noregi
 Arnfinn Hagen, Noregi
 Rune Lundby, Noregi
 Trine Smestad, Noregi
 Terje Havrøy, Noregi

Annalisa Dal Prá, Noregi
 Svein J. Svensson, Noregi
 Helen Hansen, Noregi
 Kari Lydersen, Noregi
 Lill Janne Legård, Noregi
 Tomas Järvinen, Finnlandi
 Carola Selenius, Finnlandi
 Kristian Hald Jensen, Danmörku
 Tina Holm-Jensen, Danmörku
 Vilborg Valgarðsdóttir, Íslandi
 Ármann Guðmundsson, Íslandi
 Þorgeir Tryggvason, Íslandi

Inspirationskurs för amatörteatertjänstemän i Norden 11.–13. november 2008 i Reykjavík

Fundargerð á sænsku, Carola Selenius, Finnlandi

Presentation av respektive länder

Danmark presenterade sin organisation DATS och förklarade sin medlemsstruktur. Man har en diger samling tryckalster som presenterades. I Danmark förs en livlig diskussion om ordet „amatör“ som blir allt mer negativt. I synnerhet grupperna som hör till de s.k. „independent“ gillar inte ordet amatör. DATS har många olika teaterformer, så det är inte lätt att finna ett nytt namn som täcker hela fältet.

Finlands nationella center heter „Finlands AITA/IATA och NAR center“ och består av tre olika förbund, två finska SHT (ca. 300 grupper) och TNL (ca. 120 grupper) och ett svenskspråkigt FSU (ca. 70 grupper). De finskspråkiga är fördelade enligt politisk grund och det svenskspråkiga är ett förbund med också annan kulturell verksamhet. Alla förbund har statlig finansiering. Förutom den språkliga differensen kan man se en kulturell skillnad framför allt inom scenkonsten.

Färöarnas amatörteaterorganisation Máf är en liten organisation vars medlemmar representerar såväl amatörteatergrupper som ungdomsföreningar. Det finns i Torshavn 2 dramaskolor för barn och en tredje planeras till Klaksvik. Máf har egen sommarskola för ungdomar. Finansiella medel kommer från finansloven och det är därför svårt att med säkerhet veta följande års ekonomiska ställning. Samarbetet med den professionella teatern är god. Under Juni och Juli ordnas i Torshavn ett par gånger/vecka färisk kulturfest med bl.a. teaterföreställningar och färiska maträtter o. dyl. målgruppen är främst turister. Färöarna deltar i Monacofestivalen med föreställningen Othello.

Norges nationella center, paraplyorganisation för 16 medlemsorganisationer, har nytt namn till Norsk Teaterråd, (förkortningen dock fortfarande NAT). Det pågår en stor utveckling av historiska spel som engagerar en massa amatörskådespelare. För tillfället sker en fördelning av statliga medel till fältet och eftersom det finns flere miljoner NOK att fördela brukar diskussionens vågor alltid gå höga. Pjäsbiblioteket „Dramas“ med 5.000 manustitlar sköts genom 5 filialbibliotek runt om i Norge. Dramas webbplats är www.dramas.no. „Scenliv“ den

egna tidningen utkommer 4 gånger om året. Pengar från statens tippningsmedel utdelas som stöd till grupper enligt vissa regler. En grupp kan få upp till 40.000 NOK för en produktion. Det viktigaste politiska arbetet är att få amatörteatern erkänd som scenkonst. Norge har tyvärr ingen grupp till Monaco-festivalen, men arbetet för AITA/IATA festival i Tromsø år 2011 har fått stort stöd.

Sveriges nationella center SAR består av det mindre förbundet ATF med 35 föreningar och en egen Folkhögskola i Sunsvall. Styrelsen arbetar mycket aktivt och varje styrelsemedlem har ett fadderdistrikt som de håller tät kontakt med. En festivalgrupp planerar en festival till hösten 2009. I en snar framtid publiceras en bok om arbeteartatern och det existerar ett nära samarbete med arbetarnas bildningsförbund. Kontorutrymmen finns i Stockholm. Det större förbundet ATR, med 230 föreningar och ca. 10.800 enskilda medlemmar, är politiskt obundet och grundades 1977. Man har under senare år moderniserat verksamheten och styrelsen består nu av 9 kreativa ledamöter med en rätt stor rotation. Kontoret har flyttat från Fagersta till Västerås och man arbetar nu vägg i vägg med Västerås stadsteater vilket gagnar verksamheten. Personalförändringar är på gång i om pensioneringar och omstrukturering av vissa tjänster. Man har påbörjat en arbetsdryg digitalisering av pjäsbiblioteket bestående av 6.200 titlar. De egna tidningen „Teaterforum“ utkommer med 6 nr/år. Man har sedan några år tillbaka etablerat ett samarbete med Sydafrika i ett projekt NACTED. Man har besökt varandra och lärt ut om bl. a. administration. Ett nytt webb-baserat medlemssystem har tagits i bruk. Föreningarna handhar själv uppdateringarna genom en medlems-registrerare. Föreningarna betalar för sina person-medlemmar, olika för olika åldersgrupper. Systemet har väckt mycket diskussion och det har varit en lång process att genomföra. Kulturrådet i Sverige står för merparten av ekonomiskt bidrag.

Íslands förbund „Bandalag“ ger service för alla teaterintresserade oberoende av tillhörighet i förbundet. Pjäsbibliotek med ca. 3.000 Íslandiska och oversætte manus är en kultur-historisk samling. En historik för åren 1950–2000 er

nyligt utkommnet. Den 1. september sålde förbundet sina egna lokaliteter och hyrde in sig i mera ändamålsenliga lokaliteter. Tyvärr har det ekonomiska tillståndet på Island ställt till mycket problem men man tar en dag i sänder och förhåller sig trots allt optimistisk inför framtiden.

Digitalisering

I *Danmark* har förlagsdirektör Liselotte Lunding från DATs förlag DRAMA haft möte med Nordiska ApS, Danska Teaterförlaget, Danska dramatiker, Koda och Text och Noter där det diskuterades en gemensam pjäsdatabas. Databasen skall hänvisa till aktuell rättighetsinnehavare, som själv väljer i vilken form man önskar förmedla manuset – digitalt eller tryckt. Det har också diskuterats om digitalisering av gamla pjäser som ännu inte finns digitalt.

I *Finland* har man diskuterat med Nordic Dramacorner, och man ser ännu ingen möjlighet till utlåning per nätet. Rättighetsfrågorna ännu alltför oklara.

På *Färöarna* sker utlåningen genom Landsbiblioteket där alla manus som översatts till färiska finns.

År 2000 hade man en deltidsanställd som påbörjade arbetet på nätet, men arbetet slutfördes inte. MåF ersätter grupperna för översättningar, men då bör pjäserna finnas till förfogande för andra grupper. Någon närmare digitalisering har inte varit aktuell.

I *Norge* startade man för ett par år sedan och har detta skedet scannat ca. 50 manus, men rättigheterna inte ännu klara för digital utlåning.

I *Sverige* har man under flere år arbetat för digitalisering för att förenkla utlåningen. Sveriges dramatikerförbund har förhållit sig mycket restriktiva, men inställningen har gradvis förändrats.

Många manus (ca 300) är i behov av restaurering varav 70-tal är klara. Säkerheten bör finnas för att digitalisering av pjäslån kan komma igång.

På *Island* har man påbörjat arbetet i första hand för att bevara pjäsmanusen. Man har inte för diskussioner med författarna utan arbetar i detta skede enbart för bevarandet av manusen.

Amatörteater när den är som bäst Sigrún Valbergsdóttir

Sigrún, en av de stora teaterprofilerna på Island, höll en trevlig och intressant föreläsning om samarbetet och huvudlinjerna mellan proffs och amatörteater. Hon hävdar att proffsteatern är uppbyggd av amatörteater och att man kan blanda friskt mellan vardera grupperna, huvudsaken att alla vet på vilka promissor man deltar i uppsättningen. Då blir det inga problem eller rivalitet. Hon anser också att historien spelat en stor roll i teaterns verksamhetsform d. v. s. Island och Finland har en teater som är uppbyggd från allmoget, medan De övriga som haft kungahus har sina teaterrotter i kungahusens salar. Den professionella teatern blev stadsteater så sent som 1964 och här utbildade man personer som sedan tog hand om och hjälpte amatörteatergrupperna runt om i landet. När Akureyri 1973 fick en professionell teater började amatörteatrarna runt om blomstra.

En fråga man alltid skall ställa är: Vad gör vi? och För vem gör vi?

Vid olika utvecklingsskede har man siat om teaterns vara eller icke vara t ex när:

radion kom – spådom amatörteatern dör
filmen kom – spådom amatörteatern dör
Nationalteatern kom – spådom amatörteatern dör
TV kom – spådom amatörteatern dör
Akureyri teatern kom – spådom amatörteatern dör
Video kom – spådom amatörteatern dör

Naturligtvis kunde en förändring skönjas, men det är konst-arten som stadigt måste utveckla sig. Teatern bör finnas i nutiden. Nostalgi är en endstation!

En teater består av yttre och inre betingelser och vardera behöver varandra.

Till yttre betingelser kan man räkna stöd och god vilja från stat och kommun samt ändamålsenliga lokaliteter, ny teknologi och utbildning.

De inre betingelserna är som en ked, håller inte den brister allt. Det som gäller är, bra pjäs, regi och skådespelare, kostymer, smink och scenografi skall glädja ögat och stöda skådespelarna.

Amatörteaterns särställning är en rikedom av människor. Det finns möjlighet att sätta upp pjäser med fler människor än en yrketeater har råd med.

För Sigrún kommer den Kulturella rollen som nummer ett och den sociala rollen som nummer två.

Betona aldrig att amatörteater är enbart en hobby.

Härefter följde en livlig diskussion om motsättningar och samarbete mellan amatör- och professionell teater.

Kristian Hald Jensen berättade om NEATAs verksamhetsplan och ansökningar till EU för ett 3-länders projekt.

Estland festival juni 2010, Island festival august 2010 och Danmark festival april 2011.

Alla tre länder sänder minst en grupp till respektive länders festivaler.

Nordiska ansökningar Helga Kristjánsdóttir

Helga berättade om möjligheterna att söka pengar från Nordisk Kulturfond, som tyvärr prioriterar den professionella teatern framom amatörer. Ansökningarna sker elektroniskt och det bör ingå minst två länder. Man kan få upp till 50% stöd för professionell hjälp. Kriterier finns på webben.

NAR framtid

NAR ordförande, Hilmar Joensen, berättade om NAR och dess bakgrund och verksamhet. Trots det negativa beslutet från Nordiskt Ministerråd, att inte längre bevilja verksamhetsbidrag ser Hilmar mot framtiden i en positiv anda. Han anser att vi nu har möjligheter att visa oss mera kreativa när vi själv måste se till att skaffa medel till aktiviteter och verksamhet.

Nordiska barnpjäser

Beslöt att omedelbart sätta igång arbetet med en mapp med barnpjäser för åldersgrupper från 9–16 år. 1 pjäs från hvert

land. Þjáserna översætts sedan till samtliga nordiska språk. Sålunda har alla 6 nya pjäser att uppföra. Författararvodet är 5.000 DKK förutsatt tillstånd att översätta pjäsen och med tillstånd att få uppföra den gratis under 2 år. Därfter träder normal praxis med uppföranderätt i kraft. Kunde förslagsvis övervakas av respektive länders nationella center. Skriftligt kontrakt med författarna önskvärt ännu inom detta år.

Förslag

NAR styrelse gör en skrivelse från administratorkursen med önskan om fortsatt stöd för amatörteaterverksamhet på nordiskt plan. Hårtill skall varje land kontakta respektive länders politiker .

Förslag till administration

Styrelse, general sekretar och konsulenter träffas 1 gång om året för framtidsplanering. Varje land sköter själv om finansieringen.

Enligt styrelsebeslut fortsätter NAR under år 2009 som förut. Styrelsen har det administrativa ansvaret.

NAR styrelse sammankommer till bokslutsmöte den 7. mars 2009 i Köpenhamn.

Anteckningarna gjorda av Carola Selenius, NAR sekretariat.

Bingó í Riga Leiklistarhátíð NEATA 2008

Ferðasaga rituð af Ástu Gísladóttur



Efri röð frá vinstri: Helgi Róbert Þórsson, Júlía Hannam, Hrefna Friðriksdóttir, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Ásta Gísladóttir, Ágústa Skúladóttir og Brynja Helgadóttir. Neðri röð frá vinstri: Skúli Rúnar Hilmarsson, Arnar Ingvarsson, Jenný Lára Arnórsdóttir, Erla Dóra Vogler og Víðir Örn Jóakimsson.

Fyrir rúmu ári síðan settu Leikfélagið Hugleikur og Leikfélag Kópavogs í sameiningu upp sýninguna Bingó eftir Hrefnu Friðriksdóttur í leikstjórn Ágústu Skúladóttur. Til stóð að vera með þessar klassísku 10–12 sýningar en yfirvöld í Kópavogi voru með aðrar hugmyndir og byrjuðu að rífa niður leikhúsið rétt eftir að sýningar hófust. Það var því með herkjum að það tókst að troða inn 9 sýningum á alltof stuttu tímabili um leið og aðstandendur jafnt sem áhorfendur forðuðu sér undan þrálátu niðurrífi verkmannanna. Sýningum á Bingói lauk vorið 2007, frekar stuttu eftir að þær hófust og eftir öll skakkaföll sem hún hefði gengið í gegnum gátu aðstandendur aðeins látið sig dreyma um þá sýningu sem hefði orðið.

Það var því ómælt gleðiefni og heiður fyrir hópinn að Bingó skyldi valið sem fulltrúi Íslands á Neata-hátíðina 2008 og langþráð annað tækifæri sem fáum sýningum hlotnast. Hátíð þessi er haldin annað hvert ár í einhverju af hinum 9 aðildarlöndum Norður-Evrópska áhugaleikhúsráðsins og þetta árið skyldi haldið til Riga í Lettlandi.

Ferðin út gekk framur björtustu vonum. Hópurinn hafði áður skrúfað sundur og pakkað saman leikmyndinni svo hún kæmist fyrir í venjulegum farangri og tókst með undraverðum hætti að halda þyngd undir hámörkum og koma öllu á sinn stað í tæka tíð frá Keflavík til Kastrup og þaðan til Riga. Það

var því bjartsýnn og glaðlegur, samt nokkuð svefnvana, hópur sem festi fæti í Lettlandi um hádegisbil þriðjudaginn 2. ágúst.

Þar tók hún Inguna, framkvæmdastjóra hátíðarinnar, á móti okkur og sá til þess að við kæmum leikmyndinni í örugga höfn inn í leikhúsið og vorum við síðan keyrð lengst út í sveit þar sem gistiðstaðan var. Þar tók við fyrsta menningarsjokk af ófám í þessari ferð. Aðbúnaðurinn var vægast sagt hrár. Risastór skólabygging sem síðast sá viðhald einhvern tímann snemma á Sovéttímanum. Herbergin voru illa tilhöfð og hús-gögn öll úr sér gengin. Rúmið mitt var t.d. með of lítilli plötu undir dýnunni þannig að ég svaf í halla allan tímann. Sturtan kom beint úr hryllismynd og reyndist heitt vatn einungis fánlegt eftir geðþótta. Ekki var þó mikill tími til að velta slíku fyrir sér því hópurinn var orðinn frávíta af þreytu og tók tveggja tíma síðdegisblundi fegins hendi. Síðan var öllum smalað í rútu og haldið aftur til Riga fyrir setningarhátíðina og fyrstu leiksýninguna.



Úr opnunarýningunni



Fyrir framan leikhúsið

Eftir afskaplega sætt og skemmtilegt opnunaratriði Lettanna var komið að fyrstu sýningunni; „Who pulled the leg of Teddy bear off?“ eftir Hermanis Paukšs í uppfærslu Jurmala-leikhússins frá Lettlandi. Hin fínasta sýning sem fylgdi þremur konum frá vöggju til grafar. Margt gott – og margt ekki alveg nógu gott. Ófáir dottuðu yfir henni – sem átti eftir að verða gegnumgangandi þema á full mörgum sýningum hátíðarinnar.

Eftir sýninguna var hópurinn orðinn ansi hungraður og hafði ekki ennþá fengið tækfæri til að kynna lettneskri matargerð (það átti heldur betur eftir að breytast). Við hópuðumst því inn á lífittinn veitingastað handan við hornið sem seldi hina ýmsu tilbúnu kjötrétti með torkennilegum nöfnum og var allur hinn Múlakaffilegasti. Flestir gátu þó borið kennsl á kjúklingalæri og var farið með birgðir af slíku ásamt kartöflum aftur á heimavistina og skóflað í sig fyrir svefninn.

Miðvikudagurinn hófst með námskeiðshaldi. Þó nokkrir af Íslendingunum kíktu á námskeið sem gaf sig út fyrir að vera dans en reyndist ganga út á hreyfingu á sviði. Nánar til tekið hreyfingu í mótaleik. Enn aðrir skelltu sér á spunanámskeið. Enginn komst á námskeið í látbragðsleik sem var einnig haldið á sama tíma. Eftir næringarríkan hádegisverð, sem innihélt oftast ríkulegt magn af dilli, var haldið í bæinn og kíkt á næstu sýningar. Fyrst hlupu þó undirrituð og Júlía Hannam niður í bæ og fjárfestu í nýjum barnavagni fyrir sýninguna en sá gamli hafði verið úrskurðaður of viðkvæmur fyrir ferðalög. Nú var komið að Eistum sem buðu upp á hina sjarmerandi og þjóðlegu ferðasögu „Beyond the sea“ eftir Juri Tuulik í flutningi Randlane-leikhússins í Haapsalu. Tvær eldri konur fóru á kostum en eitthvað vantaði upp á að restin af leikhópnum hrifi mann með. Það var mál manna að þau hefðu verið á tánum en ekki hælunum og afleiðingin var sú að aftur gafst tækifæri fyrir smá lúr.

Ekki var það hins vegar raunin með sýningu Litháanna sem var bráðskemmtileg og vel út færð leikgerð á sögunni „The cobbler and the devil“ eftir Anton Chekhov, í flutningi Birstonas Culture Center-leikhússins. Þar fór fremstur í flokki Rimantas Jacunskas, sem bæði leikstýrði og lék aðalhlutverk í fástískri frásögn um mann sem selur sál sína djöflinum. Gífurleg orka og leikgleði, athyglin fönguð frá fyrstu mínútu og Íslendingarnir höfðu eignast nýtt átrúnaðargoð.

Þegar við komum aftur í Sovét – eins og heimavistin var kölluð af hópnum – seint um kvöldið, var slegið upp kvöldvöku og héldu Eistar og Litháar uppi fjörinu með þjóðlegum hætti. Íslendingarnir fóru snemma í bólið því þeir áttu annarsaman dag framundan.

Fimmtudagurinn fór nær allur í undirbúning fyrir sýningu á Bingói daginn eftir. Hópurinn kom sér snemma í Daile-leikhúsið þar sem leikmyndin var geymd og hófst handa við að skrúfa hana saman. Sigga Lára varð eftir og ætlaði að kíkja á námskeiðið í látbragðsleik sem enginn hafði komist á daginn áður. Það reyndist hið mesta happ því auðvitað urðu ófáir bráðnauðsynlegir hlutir eftir á heimavistinni og þá brýnt að hafa innanbúðarmanneskju sem gat hlaupið til og gramsað í dótinu. Á meðan við pukruðumst í portinu og reyndum að vera ekki fyrir Finnunum, sem voru að undirbúa sína sýningu, hófu þeir síðarnefndu að útdeila nákvæmri senulýsingu á leikritinu sínu ásamt ítarlegum þýðingum á hinum ýmsu finnsku frösum sem finna mátti í verkinu. Ekki veit ég hvort margir náðu að tileinka sér finnskuna en lýsingin kom að góðum notum þegar leikritið „Some explicit polaroids“ eftir Mark Ravenhill í flutningi Jyvaskylän Huonerteatteri var sýnt. Fagmannlega gerð sýning en kannski helst til óspennandi. Gaf sig út fyrir

að vera ögrandi með því að setja inn eitt stuðandi atriði en var svo feimin í öðrum. Leikhópurinn stóð sig þó prýðilega og sagan komst vel til skila.

Gestasýning Þjóðverjanna kom svo strax í kjölfarið, hún hét „Peer Gynt fast forward“ eftir Thomas Birkmeir, STIC-er theater, Stralsund. Skemmtileg unglingaútgáfa af Pétri Gaut þar sem var reyndar rétt aðeins hægt að grilla í upprunalega verkið ef maður pírdi augun og hallaði undir flatt. Engu að síður hæfileikaríkir krakkar og sniðugar lausnir á atriðum.

Þegar hér var komið sögu voru Íslendingarnir farnir að finna fyrir stressinu því Bingó var næst á dagskrá daginn eftir. Við höfðum fengið loforð um að fá að vera áfram í leikhúsinu um kvöldið og setja upp ljós. Ekki var mikið um efndir og tókst okkur með herkjum að fá að vera í húsinu í ca. tvo tíma að setja upp tjöld, markera sviðið og renna einu sinni. Brynja hans Skúla var send út í Múlakaffi að kaupa kjúkling og kartöflur því allir voru sársoltir eftir daginn og skröltum við aftur út í Sovét upp úr klukkan eitt, hálf tvö, með matinn okkar. Gengum beint í flasið á rokna rokktonleikum hjá Færeyingum, sem höfðu verið með festival-party um kvöldið og þótti okkur virkilega miður að missa af því. En eftir afskaplega síðbúinn kvöldverð þurfti dauðuppgjefinn hópurinn á allri afgangssorku að halda fyrir næsta dag og var skipað í rúmið.

Þrátt fyrir loforð um rútu kl. átta komust við ekki niður í leikhús fyrr en um tíuleytið og þá hófst brjáluð ljósavinna. Það þurfti að stilla kastara og setja á filtera og átta sig á græjunum, hanna alla lýsinguna frá grunni og snúast í þó nokkra hringi í stresskasti. Skúli ljósamaður var þó eins og klettur í öllu þessu hafari, tókst að sefa trylltar taugar starfsmanna hússins og koma öllu á sinn stað. Við Hrefna og Brynja dunduðum okkur við að koma Bingóskiltinu saman á meðan leikhópurinn hitaði upp, renndi í senur og kom sér í gervin.

Það eru engar ýkjur að segja að sýningin tókst með eindæmum vel. Leikhópurinn var í banastuði og krafturinn í sýningunni eftir því. Áhorfendaskarinn átti í erfiðleikum með að hemja sig og var í sífellu að slá leikhópinn út af laginu með því að fagna, klappa og blístra af miklum ákafa á undarlegustu stöðum. Og gríðarleg fagnaðarlæti brutust út að lokum þar sem allir í salnum risu á fætur sem einn – í fyrsta skipti á hátíðinni. Það

eina – allra eina – sem klikkaði var myndbandsupptakan sem undirrituð bar ábyrgð á. Gleymst hafði að huga nógu vel að batteríum og fyrir vikið vantar ca. hálf tíma í upptökuna. En það var erfitt að tapa sér í svekkelsi á meðan svona gríðarleg ánægja sveif yfir vötnum og var íslenski hópurinn skiljanlega í skjýjunum a.m.k. það sem eftir var dags – ef ekki ennþá.

Sviþjóð og Noregi var því lítill greiði gerður að koma í kjölfarið. Svíar sýndu „Fröken Júlíu“ eftir August Strindberg í flutningi Teater_apa frá Lund. Allt annar bragur tók nú við þar sem Svíarnir buðu upp á heldur þunglamalega sýningu. Leikarnir stóðu sig vel en eitthvað hefur farið úrskaiðis í leikstjórninn því ekki tókst að miðla nógu sannfærandi sögu til áhorfenda. Enn og aftur var dottað enda kannski ekki skrítíð eftir fjölda-spennufallið í kjölfar vel heppnaðrar Bingósýningar.

Norski hópurinn Black out sýndi sína sýningu „Mmmmm“ tvisvar á hátíðinni, enda aðeins tuttugu mínútur að lengd. Þótt margir hafi orðið fyrir vonbrigðum með sænsku sýninguna hvarf sú tilfinning eins og dögg fyrir sólu eftir að hafa setið undir þessari. Vonbrigði fundu sér nýjar heimaslóðir. Þessari sýningu tókst, á ekki lengri tíma, að öðlast sess sem sú allra versta sýning sem slystast hefur á NEATA-hátíð og fann ég engan sem gat andmælt þeirri staðhæfingu. Nema hugsanlega norska leikstjórnann. Fimm léttklæddar stúlkur stóðu fyrir framan míkrafóna og sungu dægurlög og fluttu pistla um vonleysi karlkynsins eins og „við allar“ þekktum það. Flestir kusu að vera ósammála og ófár voru hreinlega móðgaðir.

Hátíðargestir voru þó í góðu skapi þegar komið var aftur á heimavist og brettu upp ermar fyrir hátíðarklúbbinn. Þýsku krakkarnir riðu á vaðið með fjörugum söng og síðan tóku norsku stelpurnar við. Undirrituð missti að vísu af þeim þar sem hún ráfaði um endalaus ranghala skólans í leit að dularfullum bar sem allir sögðu að væri þar til staðar en hafði ekki erindi sem erfíði.

Finnarnir voru með metnaðarfulla söngdagskrá sem var kannski fulllög og svo ráku Íslendingarnir lestina. Þetta var stutt og laggott hjá okkur; Krummi svaf í klettagjá og Á Sprengisandi, kyrjað með tilprifum og búkspili og svo öllum boðið í brennivín, harðfisk og Djúpur á meðan Bandalagið var kyrjað við gítarspil Togga. Einnig kom ástleitinn fjallageit í heim-



Glaður leikhópur í Riga



Færeyski leikhópurinn

sókn. Partýið hélt áfram í einhverja stund en flestir drösluðu sér í rúmið á skikkanlegum tíma – enda vantaði Færeyingana sem voru að undirbúa sýningu sína næsta dag.

Laugardagurinn hófst á gagnrýnisumræðum í leikhússal skólans og eins og við var að búast komst Bingó ansi vel frá þeim dómum. Danski gagnrýnandinn vildi nú ekki segja neitt slæmt um sænsku og norsku vini sína og kom það því í hlut Íslendinga að benda á nakta keisarann. Að því loknu – og hádegisverði með dillivafi – var haldið inn í bæ og hátíðin kláruð. Fyrst steig á stökk færeyski leikhópurinn Huðrar með „Ópelló“ eftir William Shakespeare. Eftir ósköpin frá Noregi – og almennt séð brokkgeng framlög – kom sýningin eins og ferskur andblær inn í leikhúsfloðu þessarar hátíðar. Samstilltur og öflugur ungur leikhópur flutti verkið af ótrúlegu öryggi og fagmennsku. Þar hjálpaðist allt að; einföld og flott leikmynd, skemmtileg nýting á annars takmarkandi rými, stílhreinir búningar og fallegur leikur samantvinnaður dansleikhúsi. Það gat enginn setið kjurr í sætunum þegar sýningu lauk.

„Everybody dies for a reason“ eftir Monsuna-hópin kom næst. Danirnir buðu upp á eitthvað allt öðruvísi þar sem þeir stilltu sér upp í anddyri leikhússins og skemmtu áhorfendum með grímuleik og fjögurum tónlistarflutningi. Það var ekki annað hægt en að smitast af gleðinni og orkunni og látlaus umgjörðin jók aðeins á sjarmann. Þetta var n.k. farandsýning sem hópurinn var nýfarinn af stað með og hefði verið gaman að sjá hvernig hún slípaðist í gegnum ferðalagið.

Þá var bara ein sýning eftir, hin lettneska „Don't believe the nonsense!“ í flutningi Rezekne-áhugaleikhússins. Spunahópur með skemmtileg gervi sagði hinar ýmsu þjóðsögur. Mikið fyrir augað en sögurnar sjálfar voru ekki að rata til áhorfenda. Dottviðbrögð áhorfenda náðu nýjum hæðum á þessari enda hátíðargestir orðnir örþreyttir eftir vikuna og leikhúsmettun sennilega farin að láta á sér kræla.

Að lokinni gagnrýni, leikmyndarróti og rútuflakki var haldið vestur fyrir Riga í lokahófið. Það var haldið á fallegu sveitasetri þar sem hægt var að sitja úti, borða gómsætan grillmat, drekka, dansa og spjalla frameftir kvöldi. Allir skemmtu sér konunglega og var haft eftir reyndu leiklistarhátíðarfólki að þetta væri skemmtilegasta lokahóf sem NEATA-þjóð hefði boðið upp á. Allt svo láttlaust og frjálst sem skapaði vinalega og fjöruga stemmningu. Reynt var að halda partýinu gangandi þegar upp í rútur var komið en þrátt fyrir skiplagðar tilraunir til að búa til „partýrútu“ og „svefnrútu“ varð þetta

soldið beggja blands. Ferðin aftur til skólans tók hátt á þriðja tíma og flestir aðframkomnir af þreytu þegar þangað var komið.

Sunnudagur var heimferðardagur. Íslendingahópnum, sem var ræstur eftir alltof lítinn svefn, tókst bæði að halda rænu og pakka sér inn í rútu og svo var haldið á flugvöllinn með leikmyndina. Flugíð okkar átti ekki að fara fyrr en seinna um daginn og því hugsuðum við okkur gott til glóðarinnar að geta loksins skoðað Riga eins og sannir túristar. Á hátíðinni hafði hverju landi verið úthlutaður innfæddur leiðsögumaður en íslenski hópurinn var svo óheppinn að reynslulitli leiðsögumaðurinn okkar hætti að mæta á þriðja degi sökum veikinda og þurftum við að redda okkur sjálf það sem eftir var. Þó hafði kærasta hans, hún Stína, verið okkur óformlega innan handar við og við og þennan síðasta dag hitti hún okkur í gamla bænum og leiddi okkur um strætin. Við gömnuðum okkur þarna í miðbænum í nokkra klukkutíma og hentumst síðan upp á flugvöll þar sem tók við ekki hálf eins ljúf heimferð og utanferðin hafði verið. Skyndilega var ekki nærri því eins einfalt að skrá inn heila leikmynd sem farangur 10 manns og það hafði verið og ekki var hálf tíma bið standandi í svælandi hita í lettneskri flugrútu að bæta ástandið. Allir komust þó heilir í höfn fyrir rest – meira að segja taska Siggu Láru og pakkinn með dúkkuvagninum sem kusu að verða eftir í Danmörku yfir nótt. Það fer ekki á milli mála að þetta reyndist hin mesta frægðarför og heppnaðist í alla staði vel. Þó grunar mig að flestir hafi sofið vel fram í næstu viku þegar heim var komið. Enda ekki seinna vænna að hefjast handa við safna kröftum fyrir NEATA-hátíðina 2010, sem verður haldin á Akureyri.



Júlía Hannam og Helgi Róbert Þórsson örþreytt eftir ferðalagið

Viðauki

Vegna tæknilegra mistaka rataði skýrsla Hugleiks ekki inn í prentútgáfu þessa ársrits en hún verður sett á réttan stað í næsta riti og birtist hér til bráðabirgða:

Formannsskýrsla Hugleiks leikárið 2008-2009

Í stjórn Hugleiks leikárið 2008-2009 sátu Ásta Gísladóttir gjaldkeri, Hjalti Stefán Kristjánsson og Kristín Nanna Vilhelmsdóttir varaformenn, Silja Björk Hulduadóttir formaður og Þórarinn Stefánsson ritari. Í varastjórn sátu Árni Hjartarson, Guðrún Eysteinsdóttir og Jenný Lára Arnórsdóttir. Snemma haust 2008 fór Jenný Lára utan til náms og hætti þar með í varastjórn og í upphafi árs 2009 kaus Hjalti að hætta í stjórn og tók Guðrún þá sæti í aðalstjórn sem meðstjórnandi.

Óhætt er að segja að mikið hafi mætt á stjórn félagsins á þessu nýafstöðu afmælisári. Stjórnin fundaði alls 25 sinnum og kann ég henni bestu þakkir fyrir störf sín, svo og öðrum þeim sem lögðu hönd á plóg við skipulags- og undirbúningsvinnu.

Í framhaldi af umræðunni á aðalfundi félagsins vorið 2008 ákvað stjórnin að stefna að færri en stærri viðburðum á afmælisleikárinu 2008-2009. Þannig var ákveðið að hafa aðeins eina stuttverkadagskrá, þar sem sýndir yrðu nýir einpáttungar sem ætti það sammerkt að hafa afmæli sem þema og flettaðir yrðu saman með tónlist, og eina stóra leiksýningu þar sem unnið væri með Hugleiksarfinn. Var hugsunin með þessum tveimur viðburðum að rækta annars vegar sprotana og hins vegar rætur-
nar í starfi félagsins.

Sýningarhúsnæði

Framan af starfsárinu var aðalhöfuðverkur stjórnar það ófremdarástand sem ríkti og ríkir raunar enn í sýningarhúsnæðismálum borgarinnar. Snemma vors var þannig ljóst að þeir tveir sýningastaðir sem Hugleikur hefur helst notað sl. 15 ár yrðu ekki tiltækir sem sýningastaðir þetta leikárið af tveimur afar ólíkum ástæðum. Þarna var annars vegar um að ræða Möguleikhúsið sem var selt og breytt í geymslur og hins vegar Tjarnarbíó sem endurbyggja á í breyttri mynd. Sú endurbygging er þegar mörgum mánuðum á eftir áætlun og ekki fyrir séð um framkvæmdalok, þannig að óljóst er hvort það verði komið í gagnið fyrir næsta leikár og geti nýst okkur þá.

Snemma sumars tókust samningar við Listasafn Reykjavíkur um afnot félagsins af fjölnota sal safnsins til sýningar á stuttverkadagskrá okkar í lok október. Undirrituð leitaði hins vegar áfram logandi ljósi að sýningarstað fyrir sjálfa afmælisýninguna í næstum hálf ári með endalausum símhringingum og tölvupóstssendingum en án árangurs. Meðal þeirra staða sem leitað var til voru Austurbær, Borgarleikhúsið, Hafnarfjarðarleikhúsið, lðnó, Íslenska óperan, Loftkastalinn, Norræna húsið og Smiðja leiklistarskólans við Sölvhólgötuna. Það var svo ekki fyrr en um miðjan desember sem samningar náðust loks við Þjóðleikhúsið og okkur bauðst að sýna á Smiðaverkstæði Þjóðleikhússins nú í maí og júní. Kann ég Tinnu Gunnlaugsdóttur Þjóðleikhússtjóra bestu þakkir fyrir sýndan hlýhug í garð Hugleiks, frábærar móttökur og gott samstarf.

Leikferð á leiklistarhátíð

Líkt og oft áður hófst leikárið í reynd á leikferð. Að þessu sinni var það sýningin Bingó eftir Hrefnu Friðriksdóttur í leikstjórn Ágústu Skúladóttur, sem unnin var í samvinnu við Leikfélag Kópavogs, og farið var með á NEATA-leiklistarhátíðina í Ríga í Lettlandi, en NEATA stendur fyrir North European Amateur Theatre Alliance, þ.e. Norður-evrópska áhugaleiklistarsambandið. Mér telst svo til að þetta hafi verið þriðja NEATA-hátíðin í röð sem Hugleikur sækir, en sú fjórða frá upphafi. Hátíðin var vel heppnuð, þó aðbúnaður gesta hafi verið ansi skrautlegur eins og lesa má um í dagbókarfærslum leikhópsins á vef Hugleiks. Óhætt er hins vegar að segja að sýningin hafi vakið lukku meðal hátíðargesta og verið hrósað í hástert á gagnrýnifundi.

Námskeið

Tvö námskeið voru haldin á leikárinu. Það fyrra var tónlistarspunanámskeið Gunnars Ben sem haldið var í október í tengslum við stuttverkadagskrána Ó, þessi tæri einfaldleiki. Alls voru 19 þátttakendur skráðir til leiks og var góður rómur gerður að námskeiðinu. Á því voru kynntar mismunandi leiðir að tónlistarsköpun án hljóðfæra. Unnið var með líkama, rödd og umhverfi og þátttakendur sköpuðu lengri og styttri tónverk og hljóðmyndir einir og í hópum. Auk þess samdi hópurinn tónlist sem notuð var til þess að skapa umgjörð um stuttverkin og setja rétta stemningu.

Seinna námskeiðið var leikaranámskeið sem Rúnar Guðbrandsson stýrði og kennt var með masterclass-sniði í nóvember og desember. Námskeiðið bar yfirskriftina Orð, orð, orð og var ætlað leikurum með talverða leikreynslu og tóku alls 17 félagsmenn þátt í því. Þar var fókuserað á textameðferð og hinar ólíku nálganir leikarans á mismunandi tegundir texta sem vafalítið mun skila sér í vinnu viðkomandi leikara í sýningum félagsins.

Ó þessi tæri einfaldleiki

Fyrsta frumsýning leikársins var stuttverkadagskráin Ó, þessi tæri einfaldleiki sem frumsýnd var í fjölnotasal Listasafns Reykjavíkur 31. október og sýnd alls þrisvar sinnum. Sýningin mæltist vel fyrir og var uppselt á allar þrjár sýningarnar, sem þýðir að alls sáu 180 gestir uppfærsluna. Því miður höfðum við ekki tók á að bæta við aukasýningum vegna takmarkana sem húsráðendur settu okkur. Sýningin var samansett af níu nýjum stuttverkum eftir sex höfunda, sem öll áttu það sammerkt að fjalla með einum að öðrum hætti um afmæli. Þetta voru verkin Ágætt og Afmæli eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur, Þema eftir Hrefnu

Friðriksdóttur, Maður og kona sem og Epík eftir Hörð S. Dan, Notaleg kvöldstund og Ár og öld eftir Þórunni Guðmundsdóttur, Á bekknum eftir Þórarinn Stefánsson og Amma Lída eftir Árna Friðriksson. Allir voru leikþættirnir í leikstjórn félagsmanna, þeirra Árna Hjartarsonar, Ástu Gísladóttur, Harðar S. Dan, Júlíu Hannam, Ragnhildar Sigurðardóttur, Sigríðar Birnu Valsdóttur, Sigríðar Láru Sigurjónsdóttur og Þorgeirs Tryggvasonar. Leikverkin voru listilega vel saman tengd með hljóðmyndum og tónlist sem Gunnar Ben stýrði styrki hendi. Alls komu tæplega 40 manns að sýningunni, þar af níu nýliðar.

Porrablót Hugleiks

Þegar líða fór á leikárið kom í ljós að áhugi reyndist fyrir því að setja upp fleiri stuttverk en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir. Sökum þessa var blásið til Porrablóts 7. febrúar og þar voru sýndir tveir leikþættir, annars vegar Sigurvegarinn eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur og Jólin koma alls staðar eftir Júlíu Hannam, sem jafnframt sá um leikstjórn begga þátta. Einnig tróð Söngsveitin Hjárómur upp, en alls komu 17 þátttakendur að Porrablótinu þar af einn nýliði. Gera má ráð fyrir að um 40 manns hafi mætt á blótið.

Áhugaleikhús og frumsköpun

Sem lið í því að halda upp á 25 ára starfsafmæli félagsins var 19. apríl blásið til málþings á Café Rósenberg undir yfirskrift-inni Áhugaleikhús og frumsköpun. Þrír frummælendur fjölluðu þar um sérstöðu Hugleiks, þróun íslensks áhugaleikhúss, fagmennsku og frumsköpun. Þetta voru þau Sigrún Valbergisdóttir leikstjóri, Viðar Eggertsson leikstjóri og leikhússtjóri Útvarpsleikhússins og Þorvaldur Þorsteinsson, myndlistarmaður, rithöfundur og kennari. Á málþinginu voru frumfluttir fjórir einþáttungarnir, þ.e. Bréfið eftir Hrefnu Friðriksdóttur í leikstjórn Rúnars Lund, Oft má satt kyrr liggja eftir Júlíu Hannam í leikstjórn Rúnars Lund, Bara bíða og Afmæli eftir Júlíu Hannam í leikstjórn höfundar. Auk þess sem flutt var lag úr Ó, þú aftur? og leikið stutt brot úr verkinu til kynningar á sýningunni. Málþinginu lauk síðan með ljúfum og skemmtilegum tónum Hrauns og Ljótra hálfvita. Alls voru hátt í 40 þátttakendur sem komu að leiknu og sungnu efni þennan dag, þar af voru fjórir nýliðar. Nokkurt renneri var á gestum málþingsins og því erfitt að hafa nákvæma tölu á fjölda þeirra, en þegar mest var hafa þeir sennilegast verið rúmlega 80.

Ó, þú aftur?

Sjálf afmælissýnings Hugleiks Ó, þú aftur? eftir Ingibjörgu Hjartardóttur, Sigrúnu Óskarsdóttir og Unni Guttormsdóttur í leikstjórn Odds Bjarna Þorkelsson var frumsýnd á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins 15 maí. Hugleikur hefur sem kunnugt er getið sér orð fyrir glannalega meðferð á íslenskum menningararfi, en að þessu sinni var það hans eigin fortíð sem fékk hina hugleiksku meðferð því frumgerð verksins, Ó, þú, var samið fyrir og sett upp af Hugleik vorið 1987. Til að setja hlutina í póstmódernískt samhengi má auðvitað minna á að Ó, þú sækir innblástur sinn í Pilt og stúlku eftir Jón Thoroddsen, sem telst vera fyrsta íslenska skáldsagan. Að hugleikskum síð lék tónlistin stórt hlutverk í sýningunni, en höfundar hennar voru Ljótu hálfvitarnir Eggert Hilmarsson, Oddur Bjarni Þorkelsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason. Alls tóku hátt á fimmta tug félagsmanna þátt í sýningunni, þar af voru á þriðja tug leikara og sjö manna hljómsveit, en í hópnum voru fimm nýliðar. Óhætt er að segja að uppsetningin hafi heppnast með afbrigðum vel. Alls voru sýndar tíu sýningar fyrir nær fullu húsi, en alls sáu 850 leikhúsgestir sýninguna. Þess má svo auðvitað geta að sýningin hlaut afbrigðs dóma gagnrýnenda á tmm.is og leiklist.is.

Útvarpsþáttur í tilefni af 25 ára afmæli Hugleiks

Óhætt er að segja að stjórn Hugleiks hafi reynt að grípa hvert tækifæri sem gafst til þess að vekja athygli á félaginu á sjálfu afmælissárinu. Í því samhengi kviknaði hugmyndin um gerð sérstaks útvarpsþáttar um Hugleik og var Sigríður Láru Sigurjónsdóttir fengin til að sjá um dagskrárgerðina. Þátturinn sem bar yfirskriftina: Það er ekki lengi gengið á Helgrindur af mörgum mönnum - Hugleikur 25 ára, var sendur út á uppstigningardag, þ.e. 21. maí, og mæltist afar vel fyrir bæði meðal félagsmanna og annarra.

Höfundastarfið

Þórunn Guðmundsdóttir hefur haldið þétt utan um höfundahópinn og hýst fundi hans á heimili sínu í vetur. Samkvæmt upplýsingum frá henni hefur verið fundað óreglulega, misvelt verið mætt á fundi og mismikið lesið. Alls voru haldnir fimm fundir, tveir fyrir jól og þrír eftir áramót. Mikil gróska var á fyrstu tveimur fundunum sem helgast ekki síst af því að þá var verið að undirbúa stuttverkadagskrána Ó, þessi tæri einfaldleiki, en kallað hafði verið eftir nýjum stuttverkum sem hefðu afmæli sem þema. Af lengri verkum sem lesin hafa verið á fundum höfundahópsins má nefna Flauel eftir Júlíu Hannam, www.einkamál.is eftir Árna Hjartarson og eintal fyrir konu eftir Þórunni Guðmundsdóttur. Nokkuð hefur verið um það rætt innan höfundahópsins að ef félagsmönnum eða áhugasömum leikstjórum fyndist vanta stuttverk sem kveikti í þeim þá væri full ástæða til þess að kíkja á eldri stuttverk sem tekist hefði vel til með og huga að enduruppsetningu þeirra í nýjum útfærslum.

Silja Björk Huldudóttir, formaður

Viðauki II

Skýrsla formanns Leikfélags Hörgdæla barst of seint til að ná inn í prentútgáfuna en birtist hér til bráðabirgða og verður sett á réttan stað í næsta ársriti:

Ársskýrsla Leikfélags Hörgdæla 2008–2009

Aðalfundur Leikfélags Hörgdæla var haldinn 6. október 2008 á Melum þar sem fyrri stjórn var endurkjörin. Hana skipa: Stefanía E. Hallbjörnsdóttir formaður, Tryggvi Gunnarsson varaformaður, Ásta Júlía Aðalsteinsdóttir ritari, Ásgeir Már Hauksson gjaldkeri og Bernharð Arnarson meðstjórnandi. Á stjórnarfundum 27. júlí tók Halla Halldórsdóttir við sem ritari í stjórn í stað Ástu Júlíu.

Undanfarið ár hefur verið í ýmsu að snúast hjá Leikfélagi Hörgdæla en starfsemin hófst um miðjan október þegar leikfélagið stóð fyrir dansæfingu á Melum í tilefni af komandi árshátíð. Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir danskennari sá um kennsluna en 8 þör notuðu tækifærið og burstuðu rykið af dansskónum.

Að venju var leikfélagið aðili að árshátíð félagsamtakanna í Möðruvallaklaustursprestakalli sem haldin var fyrsta vetrardag. Fulltrúar félagsins í árshátíðarnefndinni voru Veronika Rut Haraldsdóttir og Sunna Dögg Róbertsdóttir.

Á haustdögum valdi stjórnin leikritið „Stundum og stundum ekki“ eftir þá Arnold og Bach til uppsetningar. Saga Jónsdóttir leikstýrði verkinu. Hallmundur Kristinsson hannaði leikmynd, Óskar Guðmundsson hafði yfirumsjón með smíðavinnu, Ingvar Björnsson og Pétur Skarphéðinsson sáu um hönnun lýsingar og Kristján Edelstein sá um hljóðmynd. Svanhildur Axelsdóttir og Sigríður Bernharðsdóttir sáu um sauma og búninga í samvinnu við Sögu. Alls tóku um 50 manns þátt í þessari uppsetningu, þar af 15 leikarar á sviði.

Fyrsti samlestur var seint í nóvember, raðað í hlutverk milli jóla og nýárs og svo byrjuðu æfingar af fullum krafti í byrjun janúar. Eftir 44 strangar æfingar var svo frumsýnt fyrir fullu húsi þann 5. mars. Alls urðu sýningar 25 (þar af 19 fyrir fullu húsi) og fjöldi gesta 2.208 sem er bæði sýninga- og aðsóknarmet hjá Leikfélagi Hörgdæla.

Fimmtudagskvöldið 26. mars var haldin sérstök styrktarsýning fyrir Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis til minningar um Hólmfríði Helgadóttur. 98 gestir sóttu sýninguna og rann allur ágóði til Krabbameinsfélagsins, alls kr. 250.000. Styrkurinn var afhentur strax að lokinni sýningu.

Eins og níu undanfarin ár sá leikfélagið um lestur Passíusálma Hallgríms Péturssonar á föstudaginn langa í samráði við sóknarprestinn. Að þessu sinni var bryddað upp á þeirri nýjung að skipta lestrinum milli allra kirkna prestakallsins og mæltist það vel fyrir. Í ár sá Þórður V. Steindórsson um skipulagninguna fyrir hönd félagsins. Alls lásu 24 einstaklingar.

Í febrúar tilnefndi leikfélagið fulltrúa (Ásgeir Má) í dómnefnd upplestrarkeppni Þelamerkurskóla.

Í maíbyrjun 2009 var aðalfundur BÍL haldinn í Ölfusi en vegna anna í leikstarfi sá félagið sér ekki fært að senda fulltrúa þetta árið.

Einn félagi, Fanney Valsdóttir, komst að í leiklistaskóla BÍL á Húsabakka og kostaði leikfélagið skólavistina að fullu. Leikfélag Hörgdæla hvetur féлага sína til að sækja um vist í skólanum.

Undanfarið hefur vinna við heimasíðu félagsins staðið yfir og stendur til að opna hana seinnipart október 2009. Vefslóðin er www.horga.is/leikfelag.

Hjá Leikfélagi Hörgdæla er hefð fyrir því að setja upp leikrit annað hvert ár en engu að síður hefur verið ákveðið að leika á næsta ári. Helsta ástæðan fyrir því er fyrirhuguð leiklistarhátíð á Akureyri sumarið 2010 sem við höfum áhuga á að taka þátt í. Undanfarið hefur stjórnin lesið handrit af miklum móð og eftir miklar vangaveltur var ákveðið að setja upp „Lífið liggur við“ eftir Hlín Agnarssdóttir í leikstjórn Sögu Jónsdóttur. Stefnt er að frumsýningu í marsbyrjun 2010.

Á starfsárinu voru haldnir sjö formlegir stjórnarfundir en auk þess hafa mikil samskipti átt sér stað milli stjórnarmeðlima í síma og með tölvupósti.

Þegar þetta er skrifað eru félagar í Leikfélagi Hörgdæla 74.

Akureyri 6. október 2009,
Stefanía E. Hallbjörnsdóttir.